

SAGA HÚSAVÍKUR III. BINDI

RITSTJÓRAR OG

HÖFUNDAR

BJÖRN HELGI JÓNSSON

SÆMUNDUR RÖGNVALDSSON



ÚTGEFANDI:
HÚSAVÍKURKAUPSTAÐUR
1999

III. kafli

Íþrótt- og æskulýðsfélög

Upphaf skipulegrar íþróttaiðkunar á Húsavík

Húsavík hefur frá alda öðli verið samkomustaður í Þingeyjarsýslu. Það er eðli manna að reyna með sér og eflaust hafa héraðsmenn keppt í íþróttum eða sýnt hæfni sína þegar þeir komu saman á Húsavík til að versla eða áttu erindi við sýslumanninn sem sat á Húsavík frá því um miðja 19. öld. Elstu heimildir um íþróttaiðkun á Húsavík og nágrenni eru af skíðaiðkun á 18. öld þegar Nikulás Arent Peter Buch stofnaði fyrsta skíðaskóla á landinu á Húsavík.

Nikulás Buch kom til landsins árið 1777 og færði Íslendingum hreindýr að gjöf frá föður sínum sem var kaupmaður í Hammerfest í Noregi. Hann settist að á Húsavík og kvæntist Kristínu dóttur Björns Thorlacíusar faktors þar og er út af þeim komin Buchsætt sem er fjölmenn. Nikulás varð undirkaupmaður á Húsavík og síðar forstöðumaður brennisteinsverksins þar. Hann var gjörvilegur maður og vel að sér um marga hluti. Hann var góður skíðamaður og kenndi mönnum á Húsavík og í nálægum sveitum svig og aðrar skíðalistir. Hann flutti inn skíði, smíðaði skíði úr rekaviði og kenndi mönnum að smíða skíði. Fyrir þetta hlaut hann umbun frá stjórnvöldum í Danmörku.¹

Skíðamennskan lifði eitthvað áfram og þegar sögur fara af Húsavíkingum um aldamótin þá fóru börn og unglingar gjarnan á skíði yfir veturinn. Einnig var farið á skauta ef aðstæður voru til. Jón Jónasson á Húsavík skrifaði dagbækur 1901-1910 og var tólf ára þegar hann byrjaði. Hann fór nokkrum sinnum á hverjum vetri á skíði og skauta í nágrenni Húsavíkur og stundum tekur hann fram að þeir hafi verið margir saman.²

¹ Sigurður Jónsson: Skíðafar Íslendinga, 22-39.

² Dagbækur Jóns Jónassonar 1901-10 í útdrætti Sigurjóns Jóhannessonar á Húsavík.



Jóhannes Jósefsson.

Sigurður Sigfússon
(Bjarklind).

Jón Sigurjónsson.

Glíman er elst og þjóðlegust allra íþróttagreina og þarf litla aðstöðu. Menn gátu glímt hvenær sem var og algengt var að menn reyndu með sér á mannamótum. Á Húsavík hefur auðvitað verið glímt frá alda öðli en fyrstu frásagnir af glímum á Húsavík eru úr dagbók Jóns Jónassonar sem skráði hjá sér að það hafi verið haldinn glímufundur úti á Höfða 19. maí 1902. Uppi á Húsavíkurhöfða var grasflöt þar sem Húsvíkingar komu saman til útihátíða. Þetta sinn var einnig farið í langboltaleik og hlaupið í skarðið og að lokum dansað við undirleik fiðlu og harmoníku.¹

Á næstu árum virðist glíman nokkuð vinsæl á Húsavík. Jón segir frá glímufundum og einnig var stofnað glímufélag árið 1906. Það seldi inn á glímuæfingu árið eftir þegar húsvískir glímumenn voru að æfa sig fyrir átökin um Grettisbeltið á Akureyri. Sú glíma fór fram á annan í páskum og sigraði Jóhannes Jósefsson frá Akureyri.² Frá Húsavík fóru Sigurður Sigfússon (Bjarklind), Jón Sigurjónsson, Helgi Flóventsson, Pétur Sigfússon, Ágúst Ólason, Baldvin Friðlaugsson og Mývetningurinn Þorgeir Guðnason sem sótti lýðskóla Benedikts Björnssonar þennan vetur.³ Allir ofanefndir menn voru góðir glímumenn þó að bræðurnir Sigurður og Pétur hafi verið taldir fremstir þeirra. Pétur fór árið 1908 með Jóhannesi Jósefssyni og fleiri glímumönnum á Ólympíuleikana í London þar sem hópurinn sýndi glímu.⁴

Glímufélagið starfaði áfram og Jóhannes Guðmundsson segir frá þátttöku sinni í því þegar hann var nemandi í Unglingaskólanum veturinn 1911-12. Æfingar voru einu sinni í viku. Forgöngumenn þessara æfinga voru bræðurnir Guðmundur og Óli Vilhjálmssynir og glímt var í allstórum sal í Hallanda sem var eign Vilhjálmss fæddur þeirra. Jóhannes taldi að erfðast hefði verið að glíma við Guðmund.⁵ Síðast var sérstakt glímufélag nefnt árið 1921. Þá var talað um það á aðalfundi Ungmennafélagsins Ófeigur í Skörðum að sameina þyrfti smærri félög ungmennafélaginu. Menn nefndu í umræðunum glímufélag en einnig knattspyrnu- og skotfélag.⁶

Sund er líka meðal elstu íþróttagreina landsmanna en erfitt að stunda það vegna kulda. Elsta dæmið um skipulega sundþjálfun á Húsavík er frá árinu 1897 en þetta ár tóku fundafélagsmenn sig til

1 Dagbækur Jóns Jónassonar 1901-10 í útdrætti Sigurjóns Jóhannessonar á Húsavík.

2 Gils Guðmundsson: *Öldin okkar 1901-30*, 66. Stefán Jónsson: *Jóhannes á Borg*, 131-132.

3 Bréf frá Sigtryggi Sigtryggssyni til Þórhalls sonar síns í mars 1906 og mars og apríl 1907. Útdráttur Sigurjóns Jóhannessonar á Húsavík.

4 Stefán Jónsson: *Jóhannes á Borg*, 142, 146-157.

5 Jóhannes Guðmundsson: *Minningar*, 71.

6 Gjörðabók Ungmennafélagsins Ófeigur í Skörðum 1908-32, Skjalasafn S-Þing. og Húsav., Hrp 51.

og útbjuggu litla sundlaug í Skógargærðishólma við Búðará. Slíkar laugar kölluðu Húsvíkingar sundpolla en lítið er vitað um kennara. Þó er talið að Friðgeir Magnússon hafi kennt þarna sund.¹ Það kemur fram í dagbókum Jóns Jónssonar að starfandi var sundfélag á Húsavík en lítið er vitað um það. Þó segir Jón frá því 1906 að 8. apríl hafi verið haldinn fundur í sundfélaginu og Sigurjón Þorgrímsson kosinn formaður en Jón sjálfur gjaldkeri. Ekki minnst hann á þennan félagsskap framar svo að varla hefur starfsemin verið mikil en samt líklega bundin við fyrri sundpollinn sem Jón buslaði í sumarið 1905.

Þann 5. desember 1903 var stofnað Fimleikafélag Húsvíkinga. Stofnfundurinn var haldinn í skólahúsinu og samþykktu tuttugu og einn að gerast stofnfélagar að slíku félagi. Á framhaldsfundi 13. desember voru samþykkt lög félagsins. Í þeim sagði að tilgangur félagsins væri „að koma á fót fimleikaskóla, þar sem mönnum gæti gefist kostur á að nema ýmsar íþróttir.“² Í fyrstu stjórn voru kosnir Guðmundur Guðmundsson formaður, Jón Björnsson ritari og Þórður Sveinsson gjaldkeri. Fyrsti kennari hjá félaginu var Jón Kristján Jónsson klæðskeri en þegar hann flutti burtu voru eftir tók Þórður Sveinsson við kennslunni.³

Í byrjun janúar var fjöldi á æfingum slíkur að félaginu var skipt í tvær deildir eftir ákvörðun kennarans og einnig var utanfélagsmönnum óheimilt að taka þátt í æfingum. Félagsmenn sáu í hendi sér að húsræði stæði starfsemi félagsins fyrir þrífum og vöktu máls á því að koma upp húsnæði til íþróttaiðkunar. Nefnd, sem kannaði málið, taldi að húsið ætti að vera 20x12½ álnir að stærð og það ætti að mynda um það hlutfélag. Þetta var samþykkt á fundi 7. febrúar og ákveðið að hlutir yrðu tuttugu og fimm krónur og fundarmenn skrifuðu sig þegar fyrir sextán hlutum. Voru Klemenz Klemenzson, Jakob Hálfðanarson, Páll Kristjánsson, Þórður Sveinsson og Guðmundur Guðmundsson kosnir í nefnd til að hreyfa málinu við þorpsbúa og safna hlutfé. Einnig voru fjárflounarleiðir ræddar og skömmu áður höfðu menn samþykkt að leita til sýslunefndar um fjárstyrk.

Á nafna- og viðvistarskrá aftast í gerðabók félagsins voru færð fjöruúu og átta nöfn og af þeim voru aðeins þrjú strikuð út og þar



Helgi Flóventsson.



Pétur Sigfússon.



Óli og Guðmundur Vilhjálmssynir.

1 Dagbækur Sigtryggs Sigtryggssonar á Húsavík í útdrætti Sigurjóns Jóhannessonar á Húsavík.

2 Gjörðabók fyrir Fimleikafélag Húsvíkinga, Skjalasafn S-Þing. og Húsav., Hrp 166.

3 Dagbækur Jóns Jónssonar 1. maí 1904, í útdrætti Sigurjóns Jóhannessonar á Húsavík. Sjá líka Gjörðabók fyrir Húsavíkurprestakall 1881-1918, 266; Skjalasafn S-Þing. og Húsav., Hrp 189. Samkvæmt prestspjónustubókinni bjuggu þeir Guðmundur Guðmundsson og Jón Kristján báðir í Vallholti, fluttu báðir til Húsavíkur 1903 og báðir í burtu voru eftir.



Jón Björnsson.



Páll Einarsson.



Friðbjófur Pálsson.

kom fram að fundir og æfingar voru alls fjórtán á þessu starfsári félagsins sem stóð í hálf ár¹ en engar aðrar heimildir eru um ör-
lög þess. Húsnæði var ónógt um þessar mundir og líkur eru til að
ekki hafi verið stundaðir fimleikar á Húsavík fyrr en með tilkomu
íþróttakennslu í Barnaskóla Húsavíkur en kjallarinn þar var jafn-
framt íþrótt- og samkomusalur.² Reyndar er vitað um einn slíkan
leikfímiflokk undir stjórn Páls Einarssonar kaupmanns veturinn
1918-19. Ekki er vitað um fjöldann sem tók þátt í æfingunum en
flokkurinn hélt samkomu vorið 1919 og átti sjóð á eftir. Friðbjó-
fur Pálsson kom fram á fundi í Ungmennafélaginu Ófeigi í Skörð-
um í janúar 1923 og afhenti félaginu þennan sjóð að upphæð um
sextíu krónur. Við það tækifæri voru nöfn flokksmanna lesin upp
en því miður ekki færð til bókar.³

Knattspyrnuíðkun breiddist út á Íslandi um og eftir aldamótin.
Fyrst sést getið um knattspyrnuleik á Húsavík árið 1905. Jón
Jakobsson skrifar í dagbók sína 12. júní að þeir hafi æft sig í „fót-
boltaleik“ það kvöld og kvöldið á undan. Þann 14. júní var haldin
þjóðhátíð sem Fundafélagið stóð fyrir á Húsavíkurhöfða. Til
skemmtunar voru ræðuhöld, söngur, kappreiðar og glíma. Einnig
var leikin knattspyrna sem Jón tók þátt í. Þetta er líklega fyrsti
opinberi kappleikurinn í knattspyrnu á Húsavík. Öðru knatt-
spyrnuliðinu stjórnaði Jón Björnsson og hinu Klemenz Klemenz-
son. Þeir voru báðir starfsmenn verslunar Ørum & Wulffs.⁴

Jón Björnsson flutti frá Húsavík til Þórshafnar og gerðist þar
kaupmaður. Hann var orðinn aldraður maður þegar Jóhann
Gunnar Benediktsson, síðar tannlæknir, kynntist honum á Þórs-
höfn. Gamli maðurinn hafði yndi af að rifja upp veru sína á Húsa-
vík og segja Jóhanni Gunnari frá henni. Í viðræðum þeirra kom
fram að Jón og Baldur, sonur Kristjönu og Sveins verts í Gamla-
Bauk, höfðu fyrstir manna innleitt knattspyrnuíþróttina á Húsa-
vík.⁵

Varðveist hefur viðskiptabók Knattspyrnufélags Húsavíkur við
Sparisjóð Húsavíkur.⁶ Í henni kemur fram að félagið hefur starfað
á árunum 1918-22. Þeir sem höfðu bókina undir höndum voru
Jóhannes Guðmundsson, Sigurgeir Adalsteinsson og Þórarinn
Ólason. Á þessum árum féll starfsemi Ófeigs í Skörðum niður og

1 Gjörðabók fyrir Fimleikafélag Húsavíkinga, Skjalasafn S-Þing. og Húsav., Hrp 166.

2 *Saga Húsavíkur II*, 209-210, 216 og 223.

3 Gjörðabók Ungmennafélagsins Ófeigur í Skörðum 1908-32, Skjalasafn S-Þing. og Húsav., Hrp 51.

4 Dagbækur Jóns Jónassonar 1901-10 í útdrætti Sigurjóns Jóhannessonar á Húsavík. *Ingólfur* 2. júlí 1905, III. árg. 103.

5 Skjalasafn S-Þing. og Húsav., Hrp. 128.

6 Viðskiptabók nr. 780, Skjalasafn S-Þing. og Húsav., Hrp 128.



þegar félagið var endurreist árið 1921 var talað um það á aðalfundinum að sameina smærri félög ungmennafélaginu og eitt þeirra var knattspyrnufélag.¹

Meðal þeirra félaga sem nefnd eru í þessari aðalfundargerð 1921 er skotfélag. Ekki hafa varðveist nein gögn um þetta skotfélag sem gæti hafa sprottið upp af umræðum hjá Fundafélagi Húsavíkur. Á fundi félagsins 20. desember 1896 kom fram uppástunga um stofnun skotfélags á Húsavík og var samþykkt með meirihluta atkvæða að félagið skyldi hafa afskipti af því máli. Málinu var frestað þar sem ekki var ljóst hvernig þetta yrði framkvæmt.

Á næsta fundi 10. janúar 1897 var fjallað áfram um málið og var Stefán Guðjohnsen framsögumaður. Var kannað hverjir vildu taka þátt í þessu félagi. Gáfu sig fram tuttugu og þrír menn og var Stefáni falið að kalla saman til fundar til að ræða fyrirkomulag á þessu félagi. Ekki finnast fleiri heimildir um þetta félag á þessum vettvangi og það hefur ekki starfað samfelld eða af krafti þar sem ekkert er minnst á það í dagbókum og öðrum samtímaheimildum.

Margt var sér til gamans gert, aðdragandi oft lítill og sjaldan

¹ Gjörðabók Ungmennafélagsins Ófeigur í Skörðum 1908-32, Skjalasafn S-Þing. og Húsav., Hrp 51.

Glímt úti á Höfða á fyrsta áratug aldarinnar.

Dómaraprófsskírteini

Herra Friðþjófur Pálsson hefur á prófi, Laugum 26. des. '32 sýnt að hann kann mjög vel „Knattspyrnulög- og Leikreglur Í.S.Í.“

Hann hefur einnig á sama prófi sýnt að hann er leikinn í að beita hvortveggju.

Getur Friðþjófur því sem fullgildur dómari hvar sem er (í ofangreindu) kennt nefndar greinar og veitt dómaraþróf innan hjerads.

*Menntaskólanum á Akureyri
30. des. '32.*

Hinn sami. Skírteini



*Knattspyrnulið 1919.
Nedri röð f.v.:
Þórarinn Ólason,
Bjarni Steingrímsson,
Páll Einarsson,
Friðþjófur Pálsson,
Sigurgeir Adalsteinsson.
Aftari röð f.v.:
Hallgrímur Ísaksson,
Þórður Frímannsson,
Már Frímannsson,
Steingrímur Jónsson,
Guðjón Vigfússon,
Sigurður Ólason.*

skipulega skýrt frá því sem ekki var endurtekið. Í skjalasafninu á Húsavík er lítil stílabók og utan á henni stendur Gjörðabók um Fjallgönguverðlaun 1911.¹ Í henni kemur fram að 2. mars höfðu nokkrir menn verið staddir í sölubúð K.Þ. á Húsavík. Þeir ræddu um það hvor þeirra Jóns Jónassonar á Húsavík eða Péturs Sigfússonar frá Halldórsstöðum í Reykjadal yrði fyrri til að hlaupa upp á Húsavíkurfjall og til baka aftur. Skiptust menn í tvo hópa og þrefuðu um málið. Einnig var dreginn inn í umræðuna Ragnar Dinesen á Húsavík og skorað á hann til þátttöku.

Keppnin var ákveðin á staðnum og að þessir þrír skyldu reyna með sér. Vegalengdin var frá aðalbraut þorpsins hjá Gardari og sudaustur að vörðunni á há Húsavíkurfjalli. Jafnframt tóku þeir sig saman fjórir; Indriði Þórkelsson á Fjalli, Páll Sigurðsson símtjóri, Sigurður Sigfússon sölustjóri og Guðmundur Vilhjálmsson verslunarmaður að kaupa verðlaunapening og setja reglugerð um fjallgöngukeppni um peninginn. Þegar þetta var ákveðið var keppnin hafin en henni lauk með sigri Péturs sem fór vegalengdina á 41 mínútu, Jón varð annar á 45 mínútum en Dinesen hætti á miðri leið. Pétur Sigfússon varð því fyrsti fjallgöngumeistari Hús-

¹ Skjalasafn S - Þing. og Húsav., E 272.

víkinga en snjór var allmikill og erfið færð. Ekki eru fleiri færslur í bókinni og því hefur ekkert framhald orðið á þessari sérstöku keppni sem hægt væri að taka upp hvenær sem er.

Ungmennafélagið Ófeigur í Skörðum

Ungmennafélagið Ófeigur í Skörðum var stofnað á Húsavík 16. nóvember 1908 að frumkvæði átta manna nefndar er tók að sér að undirbúa stofnun ungmennafélags á Húsavík og semja lög handa því. Fyrir áhrif frá Noregi og Danmörku var í ársbyrjun 1906 stofnað Ungmennafélag Akureyrar, fyrsta ungmennafélagið á Íslandi. Ungmennafélögum fjölgaði hratt og í ágúst árið 1907 var stofnað Ungmennafélag Íslands. Áskorun um stofnun ungmennafélaga hafði birst opinberlega og henni fylgdi sýnishorn af lögum fyrir slík félög.¹

Þegar á þessum fyrsta fundi Ófeigs í Skörðum markaði félagið sér nokkra sérstöðu þar sem Benedikt Björnsson lýsti því yfir fyrir hönd undirbúningsnefndarinnar að frumvarp til sambandslaga fyrir ungmennafélög á Íslandi væri ekki aðgengilegt fyrir ungmennafélag á Húsavík. Nefndin mælti því gegn því að það yrði tekið upp og fann einkum að þemur atriðum sem snerust um kristilegan grundvöll starfseminnar, einnig um bindindisheit og að félagar þúist. Benedikt tók fram að nefndinni þætti hugtakið kristilegt varhugavert vegna þess að í það væri lagður mismunandi skilningur og því gæti það leitt til misklíðar ef áhrifamiklir, þröngsýnir menn framfylgdu sínum skilningi. Trúarkreddur væru ekki í samræmi við frelsisanda kristindómsins. Bindindisheitið taldi nefndin of nærgöngult persónulegu frelsi og höfnun á þerun var túlkuð sem tilgangslaus uppreisn gegn almennum og viðurkenndum kurteisireglum. Niðurstaða nefndarinnar var að:

... öll þessi þrjú ákvæði, bæru á sér svo mikin harðstjórnar blæ, að þau gætu alls ekki, eftir eðli sínu, átt heima í frjálsum félagsskap. Lét nefndin þá von í ljósi, að fleiri ungmennafélög mundu aðhyllast þá stefnu, sem hún með frumvarpi sínu hefði leitast við að marka, og hún þannig smásaman ryðja sér til rúms í ungmennafélögum Íslands yfir höfuð.²

Þetta sjónarmið nefndarinnar fékk hljómgrunn á fundinum og allir þrettán fundarmenn samþykktu lögin og stofnuðu félagið. Á



Benedikt Björnsson.

¹ Viðar Hreinsson o.fl.: *Saga landsmóta UMFÍ*, 10-11.

² Gjörðabók Ungmennafélagsins Ófeigur í Skörðum 1908-32, Skjalasafn S-Þing. og Húsav., Hrp 51.

Stofnendur Ungmennafélagsins Ófeigs í Skörðum

Benedikt Björnsson, kennari
 Benedikt Jónsson frá Auðnum
 Bjarni Benediktsson, kaupmaður
 Guðmundur Vilhjálmsson, verslunarmaður
 Jón Björnsson, verslunarmaður
 Jón Guðmundsson, kennari
 Jón Jónasson, unglingur
 Kristján Benediktsson, unglingur
 Óli Vilhjálmsson, verslunarmaður
 Pétur Sigfússon, verslunarmaður
 Sigurður Sigfússon, sölustjóri K.Þ.
 Valdimar Valvesson, kennari
 Þórarinn Stefánsson, bókbindari

Við bættust;

Jón Finnbogason, sjómaður
 Klemenzen Klemenzen, verslunarmaður

næsta fundi bættust tveir við svo að stofnendur félagsins teljast fimmtán.¹

Samkvæmt lögum félagsins var tilgangur þess að efla starfslöngun, andlegt og líkamlegt atgervi æskunnar og félagslegan og þegnlegan þrótt æskumanna landi og þjóð til gagns og sóma. Einnig að efla hófsemi og innræta æskumönnum háttþrýði, drenglund og mannúð. Þessum tilgangi ætlaði félagið að ná með félagsstörfum, fundum, fyrirlestrum, umræðum, leikjum og líkamsæfingum sem allir félagsmenn taki þátt í. Félagsréttur var bundinn við sextán ára aldur, búsetu í Húsavíkurborpi eða næsta nágrenni, óflekkað mannorð, greiðslu árgjalds og hlýðni við lög og reglur félagsins. Félagsfundur átti að taka ákvörðun um veru manna í félaginu ef þeir sæktu ekki þrjá fundi í röð án löglegra forfalla eða brytu reglur félagsins.²

Fyrstu stjórn skipuðu Sigurður Sigfússon formaður, Benedikt Jónsson ritari og Jón Björnsson gjaldkeri. Í varastjórn voru Þórarinn Stefánsson varaformaður, Valdimar Valvesson vararitari og Óli Vilhjálmsson varagjaldkeri. Skyldi þessi stjórn sitja í rúmt ár. Henni var falið að finna húsnæði fyrir fundi félagsins. Jafnframt

1 Gjörðabók Ungmennafélagsins Ófeigur í Skörðum 1908-32, Skjalasafn S-Þing. og Húsav., Hrp 51. Jón Finnbogason var í undirbúningsnefndinni en gat ekki mætt á stofnfundinn.

2 Lög Ungmennafélagsins Ófeigur í Skörðum, Skjalasafn S-Þing. og Húsav., Hrp 51.



var kosin þriggja manna nefnd til þess að hafa samband við önnur ungmennafélög bréflega, kynna þeim lög Ófeigs og reyna að fá félagi í öðrum ungmennafélögum til liðs við sjónarmið félagsins. Árangur af því varð lítill.

Strax á öðrum fundi félagsins var rætt um sundkennslu og lagt til að félagið stæði að henni sumarið eftir. Félagsmenn unnu að málinu, fengu Lárus Rist sundkennara frá Akureyri til þess að taka kennsluna að sér og um vorið var gerður nýr sundpollur nyrst í Breiðulág. Sýslunefnd styrkti námskeiðið, þátttakendur urðu um þrjátíu, bæði piltar og stúlkur og var námskeiðið vel heppnað. Slík námskeið voru síðan endurtekin í þessum sundpolli næstu árin á eftir.

Eins og fram hefur komið voru stofnendur félagsins fimmtán en á þriðja fundi komu allir nemendur unglingaskóla Benedikts Björnssonar og óskuðu eftir aðild að félaginu á meðan þeir dveldu á Húsavík. Var þá mótuð sú regla sem síðan var útfærð fyrir aðra sem dvöldu tímabundið á staðnum að þeir gætu fengið aukaaðild að félaginu. Bættust þrettán unglingaskólanemendur við félaga-töluna þetta sinn, þar af fjórar stúlkur. Síðan fjölgaði í félaginu jafnt og þétt á hverjum fundi og gengu í það bæði piltar og stúlkur frá Húsavík.

*Sundpollur í Breiðulág
1909.*



*Í sundpollinum í Breiðulág.
Tvær sundmeyjar með járn-
kúta á sér.*



Fjöldasund í pollinum í Breiðulág 1909.

Fyrsta árið voru fundir í Templarahúsinu en árið eftir flutti félagið sig í Hallanda. Báðir salirnir voru valdir til að geta stundað fleira en fundina eina. Með tímanum voru fundir haldnir á Hótel Húsavík og vertinn, Sigurjón Þorgrímsson, gekk í félagið. Ekki voru fundir yfir sumarið og þau ár sem fundatíðnin var mest stóðu þeir fram í maí og byrjuðu svo aftur í október eða síðar.

Félagið var framan af fremur málfundafélag en íþróttafélag og voru íþróttir aðeins einn af mörgum þáttum í félagsstarfinu. Þetta sést vel þegar skoðuð er dagskrá fundanna. Algengt var að fundarmenn héldu erindi sem tengdust sögu landsins eða héraðsins. Oft var lesið upp, bæði sögur og ljód eftir innlend og erlend skáld. Þá var rætt um ýmis þjóðprifamál og stungið upp á forgöngu félagsins á ýmsum sviðum. Nefndir voru oft settar til að kanna mál eða fylgja þeim eftir og þær gáfu skýrslur á fundum. Félagsmenn voru ófeimnir við að láta skodanir sínar í ljós og virtust lítið kippa sér upp við að vera ósammála. Fyrstu ár ungmennafélagsins er góður vitnisburður um fjórlegt og fjölbreytt félagslíf.

Þrátt fyrir að íþróttir væru ekki efstar á baugi fyrst í stað þá voru Húsvíkingar þátttakendur í íþróttamóti á Akureyri 17. júní 1909. Þetta mót hefur verið talið fyrsta eiginlega íþróttamótið á Íslandi og var fjórðungsmót fyrir Norðlendinga sem Ungmennafélag Ak-



ureyrar hélt og Lárus Rist íþróttkennari stóð fyrir undirbúningi þess. Mótið hefur verið kallað fyrsta Landsmót U.M.F.Í. Þátttakendur voru flestir Þingeyingar og Eyfirðingar og kepptu ekki undir nafni félaga sinna heldur sem einstaklingar. Meðal dómara á mótinu var formaður Ófeigs, Sigurður Sigfússon. Húsvíkingarnir Guðmundur Vilhjálmsson og Þorsteinn Gunnarsson voru þátttakendur í glímukeppninni en ekki sjást fleiri keppendur í einstökum greinum frá Húsavík. Hins vegar tefldu Húsvíkingar fram knattspyrnuflokki, ellefu mönnum til keppni við Akureyringa. Leiknum lauk með sigri heimamanna sem skorud eitt mark en Húsvíkingar ekkert.¹ Þetta var fyrsta bæjarkeppnin í knattspyrnu milli þessara staða en ekki sú síðasta.

Haustið 1909 var nokkur umræða um það hvort félagið ætti að verða við beiðni frá fjórðungsstjórn ungmennafélaganna um að standa fyrir íþróttamóti á Húsavík. Það varð úr að félagið tók að sér að standa fyrir slíku móti á sama tíma og það hafnaði að verða aðili að samtökum ungmennafélaga vegna sérstöðu þess sem þegar hefur verið nefnd. Umrætt íþróttamót var haldið 17. júní 1910 undir stjórn Ófeigs og fór vel fram. Í fyrrnefndri umræðu kom

Knattspyrnuleikur á gamla vellinum úti á Höfða 1909. Svartir og hvítir og allir með derhúfu.

Knattspyrnulið Húsvíkinga 1909

Guðmundur Vilhjálmsson
Rútur Jónsson
Sigurður Sigfússon
Pétur Sigfússon
Óli Vilhjálmsson
Jón Guðmundsson
Þorsteinn Guðmundsson
Árni Stefánsson
Eiríkur Þorbergsson
Páll Sigurjónsson
Albert Sigtryggsson

¹ Viðar Hreinsson o.fl.: *Saga Landsmóta UMFÍ*, 15-24.



Gengið undir fána út á völlinn á Höfða 1909.

fram tillaga um það að félagið styddi við starfsemi Glímufélags Húsavíkur og tæki þátt í fimleikakennslu í samvinnu við Unglingaskólann.

Nokkur samvinna var við Fundafélagið. Félögin héldu saman þjóðhátíð 1909 og reyndu að koma á almennum sparnaði með útgáfu sparimerkja en það náði ekki fram að ganga þrátt fyrir verulega umræðu og tilraunir til að virkja Kaupfélag Þingeyinga. Veturinn 1909-10 og veturinn eftir stóðu félögin fyrir alþýðufyrirlestrum í þorpinu sem voru taldir fræðandi og skemmtilegir.

Á fundi í mars 1910 var rætt um söngmál á vegum félagsins og samþykkt tillaga um að íþróttanefnd þess semdi við Kristján Sigtryggsson um það að koma upp söngflokki með blönduðum röddum innan félagsins. Þetta gekk eftir og voru söngæfingar veturinn eftir samkvæmt söngskrá sem Kristján lagði fram. Einnig hélt félagið skemmtisamkomu sumardaginn fyrsta 1910. Hún var haldin til að skemmta félögunum en ekki í fjáröflunarskyni. Á samkomunni voru um tuttugu manns og boðsgestir voru um tuttugu. Kostnaðinum af veitingum átti að jafna niður á þátttakendur úr félaginu. Gestirnir voru valdir í samráði við þá sem ætluðu að vera með. Sams konar skemmtun var í mars árið eftir.

Þegar kom fram yfir 1911 urðu fundir strjálli og má segja að

starfið hafi legið niðri hátt í þrjú ár ef marka má gerðabókina. Þó virðast sundnámskeiðin hafa verið haldin árlega og fenginn til þeirra styrkur frá landssjóði. Í lok október 1914 héldu nokkrir menn úr félaginu fund að frumkvæði formannsins Sigurðar Sigfússonar og samþykktu að gera alvarlega tilraun til að endurreisa félagið sem hefði legið í dái um alllangt skeið. Var tilefnið einnig það að ungmennafélög í sýslunni ætluðu að undirbúa samvinnu félaganna í héraðinu og boðuðu til fundar sem Sigurði var falið að sækja.

Þann 24. janúar 1915 var haldinn aðalfundur og þá var kjörinn nýr formaður, Óli Vilhjálmsson en Sigurður var varaformaður. Jafnframt var rætt um deyfðina í félaginu og framtíðarhorfur þess. Var kosin þriggja manna nefnd til að athuga þau mál og einnig til að taka afstöðu til frumvarps til laga fyrir Ungmennafélagssamband Þingeyinga. Í nefndina voru valdir Benedikt Björnsson, Sigurður Sigfússon og Jón Björnsson. Á næsta fundi skilugu þeir jákvæðu álit um sambandsmálið, vildu að félagið aðstoðaði við að endurreisa glímur á Húsavík og einnig að sundkennslunni yrði haldið áfram í sama formi og áður.

Um framtíðarhorfurnar skilaði nefndin álit nokkru síðar eða á fundi 7. mars. Nefndarálitid var skriflegt og flutti Benedikt Björnsson það á fundinum. Það er yfirlit og kemur víða við en meginefnið er annars vegar að skýra hvers vegna þessi deyfð ríkti og hins vegar að benda á leiðir til úrbóta.

Nefndarmenn töldu að meginviðfangsefni ungmennafélaganna hefði verið af tvennum toga, hugsjónamál og framkvæmdamál. Ástæður deyfðarinnar væru þær að félagsskapurinn skildi ekki til hlítar verkefni sín og aðstöðu. Þar er átt við að ungmennafélagar gerðu sér ekki grein fyrir að hugsjónaeldur rómantísku stefnunnar frá 19. öld var kulnaður og það sem byggði á honum höfðaði ekki til þjóðarinnar eins og áður. „Þess vegna varð ... starf æskulýðsins álíka áhrifasnautt út á við eins og fagur söngur í lokuðu jarðhúsi“.¹

Einnig væri það íslenskum ungmennafélögum fjötur um fót að hreyfingin væri af útlendum rótum runnin og yfirfærði verkefni sín án tillits til hvort þau hentuðu á Íslandi. Þar var einkum átt við bindindi og kristlega trúarvakningu. Nefndarmenn töldu að í bindindismálinu færu ungmennafélögin hér á landi í fótspor þeirra sem þegar hefðu náð viðunandi árangri. Íslendingar væru svo miklir sveimhugar í trúmálum að enginn viðunandi árangur gæti náðst í því starfi. Vonbrigðin með árangurinn hafi síðan rænt hreyfinguna ímyndunarafli og krafti til nýrra hugsjóna. Þá töldu

¹ Gjörðabók Ungmennafélagsins Ófeigur í Skörðum 1908-32, Skjalasafn S-Þing. og Húsav., Hrp 51.

nefndarmenn að á íþróttasviðinu, einkum í glímunni, hefði ekki ríkt hinn rétti andi „orkuþrifa og heilsubótar“ heldur ofmetnaður og sigurgirnd sem hafi slökkt almennan áhuga.

Niðurstaða nefndarmanna var á þá leið að þrátt fyrir erfiðleikana við að brjótast út úr „hringidu“ hugsjóna sem rækjust á yrdi að hefjast handa við:

... að hefja þær hugsjónir til valda, sem megna að vekja lýð vors lands til samferðar að ákveðnu marki. Það er vandi, eins og nú er hátt- að þjóðlífi voru. En þetta verður að gerast.

Og við nefndarmenn viljum leggja það til að finna það, sem félagið á að finna - og þarf að finna sjálft. Við viljum af alefli taka það fram, að starf þess í hugsjónamálum nú á að vera *leit*, - ötul og alvarleg leit að sönnum og óvikum viðfangsefnum í þarfir einstaklinga og alþjóðar manna; það eina, sem við nefndarmenn getum gert, er það að nefna nokkrar leiðir, sem við hyggjum að á endanum muni liggja til þess verkefnis, sem finna á. Þar miðum við okkur við það, að meginhlutverk ungmennafélaganna eigi að vera þetta: „Alefling andans og athöfn þörf“, bæði inn á við í félagsþarfir og út á við í þarfir alþjóðar.

Á þessar leiðir viljum við þá benda:

1. Föllum gætilega og gleypum ekki við hverri flugu. Látum rannsókn fylgja hverju spori og munum hvað oss varð að fótakelli í fyrri lífinu.
2. Gefum vandlega gaum að þeim stefnum, sem uppi eru í skipulagsæfnum, einkum samvinnustefnunni, og athugum sem best, hvort vér getum ekki eitthvað greitt götu hennar.
3. Reynum eftir söngum að fylgjast með í ýmsum þeim greinum trúmála, sálfræði og heimspeki, sem nú eru ofarlega á baugi hjá öðrum menningarþjóðum.
4. Leitum uppi gullkorn skáldskaparins, hvort sem þau finnast í föllum einstakra skálda eða í auðsafni þjóðarandans: æfintýrum og þjóðsögum - og miðlum hvert öðru áhrifum þeirra.
5. Íðkum söng til að stilla strengi sálarinnar.
6. Reynum að gera sjálf oss og aðra starfsöm og samviskusöm í starfinu. Gætum þess hve tíminn er dýrmætur og hve miklu verður afkastad, ef margir leggja saman. Og reynum að sýna þetta í verkinu við og við. Þar til mætti nefna vandalitlar handiðir (töskaparkvöld), túnrækt, garðrækt og heyskap.
7. Stundum heilbriggt íþróttalíf sjálfra vor vegna en ekki af ofmetnaði og reynum að hafa áhrif á aðra í því, svo sem *glímur*, *nund*, *knattleiki* og *audveldar líkamsæfingar*. Með þessu og ýmsu fleiru eigum vér að skapa oss þroskað sjálfsuppeldi, því þjóðlífinu, eins og það nú er, er um megn, að veita oss það uppeldi sem vér þörfumst. Án þessa uppeldis megnum vér aldrei að hefja hugsjónir til valda.¹

1 Gjörðabók Ungmennafélagsins Ófeigur í Skóðum 1908-32, Skjalasafn S-Þing. og Húsn., Hrp 51.

Nefndaráliðið sýnir félagsmálaáhyggjur Húsvíkinga á öðrum tug 20. aldarinnar. Þetta voru menn sem vildu hagnýta ungmennafélagshreyfinguna fyrir byggðina og landið á þjóðlegan hátt og gera hana aflgjafa í þjóðræknismálum. Hjá þeim var það hugsjónin sem skipti mestu máli og hana skorti að þeirra mati.

Þrátt fyrir þessa viðreisnartilburði dofnaði yfir félaginu á ný. Aðeins var einn fundur í apríl og næst ekki fyrr en aðalfundur í febrúar 1916. Á honum var Óli Vilhjálmsson endurkjörinn formaður og voru mættir tuttugu og sex félagsmenn en á félagaskrá voru alls fjörutíu og fjórir svo að ekki var neinn flótti úr félaginu. Þetta var á heimsstyrjaldarárunum fyrri. Þau ár voru mönnum á margan hátt erfið. Þeir, sem stóðu fyrir ungmennafélaginu, voru önnur kafnir við skyldustörf sem samfélagið lagði þeim á herðar og styrjaldarástandið torveldaði. Félagið sofnaði því út af á ný fram til ársins 1921.

Þann 7. mars 1921 boðaði Sigurður Sigfússon til fundar í Ungmennafélaginu Ófeigi í Skörðum. Á fundinn mættu níu gamlir félagsmenn og tólf nýir. Sigurður skoraði á menn að hleypa nýju lífi í félagið og tóku viðstaddir vel í að reyna að reisa það við. Í stjórn voru kjörnir Pétur Sigfússon sem varð formaður, Þórarinn Ólason ritari og Sigurgeir Aðalsteinsson gjaldkeri. Sigurður Sigfússon gaf félaginu seglsleða sem hann hafði keypt af Jóni Norland lækni þegar hann flutti burt frá Húsavík. Á fundinum var einnig talað um sameiningu Ófeigs og smærri félaganna í þorpinu. Í því samhengi voru nefnd glímufélag, knattspyrnufélag og skotfélag.

Haustið 1921 hófst endurreisn félagsins fyrir alvöru. Á fyrsta fundi voru mættir fjórtán félagar og þar var mörkuð stefna félagsins. Starf þess átti að snúast um skemmtanir og íþróttir. Fjölgun félagsmanna væri nauðsyn og skorað var á viðstadda að koma með að minnsta kosti einn nýjan félagsmann hver á næsta fund. Sá fundur var haldinn í Barnaskólanum og gengu níttján í félagið. Þar var staðfest stefna félagsins um skemmtanir og íþróttir og strax rætt um glímur, skemmtisamkomu og endurskoðun laga félagsins. Þessi nýja ímynd félagsins höfðaði til fólks því að á næsta fundi þremur vikum síðar gengu þrjátíu og níu til viðbótar í félagið. Áfram bættist við hópin og áður en næsta ár var liðið hafði félagafjöldinn komist yfir eitt hundrað en með því var félagið langfjölmennasta félagið á Húsavík á þeim tíma.¹

Menn gerðu dálítið af því að ganga í félagið og úr því aftur á víxl, líklega eftir því hvort þeir ætluðu að starfa með því tiltekinn

¹ Í reikningum félagsins kemur fram að innheimt árgjöld voru eitt hundrað og þrjú og aukaárgjöld tuttugu og sjö. (Reikningabók Ungmennafélagsins Ófeigur í Skörðum 1908-31, Skjalasafn S-Þing. og Húsav., Hrp 51.)

tíma. Í nafnaskrá eru færð nöfn 166 einstaklinga sem voru í félaginu á þriðja áratugnum og miðað við atkvæðatölur á aðalfundum hafa oft verið mættir sextíu til áttatíu félagsmenn. Einnig voru yfirleitt alltaf mættir á fundum utanfélagsmenn sem var leyft að vera með og ásókn í skemmtiatriðin á eftir málfundum var svo mikil að félagið samþykkti að leyfa aðeins utanfélagsmönnum sem voru félagar í öðrum ungmennafélögum aðgang. Svona fjölmennt félag var í nokkrum vandræðum með fundarstað sem var fyrst í Barnaskólanum en í Neðri-Fjalar frá hausti 1926 þar til Samkomuhúsið komst í gagnið haustið 1928.

Hefðbundnir fundir félagsins frá þessum tíma voru í fyrstu málfundir þar sem fjallað var um þau mál sem efst voru á baugi í félaginu hverju sinni. Framsögumenn voru oft stjórnarmenn eða formenn nefnda sem höfðu athugað og undirbúið sérstök mál fyrir fundi en það var almenn regla að kjósa nefnd í flest mál svo að þau fengju nægilega umfjöllun. Á eftir málfundunum var oftast skemmtidagskrá sem skiptist í nokkra liði en meðal þess sem var algengast var upplestur, ræðuhöld, leikpáttur, söngur og oft var lesið úr *Orðabelg*, blaði félagsins undir þessum lið. Í lokin var yfirleitt dansað.

Strax vorið 1921 var rætt um sundnámskeið og var því vísað til stjórnar að reyna að halda það um sumarið ef unnt væri með kennara úr heimabyggð. Ekki er að sjá að það hafi komist á í þetta sinn og sundnámskeið var ekki haldið á vegum félagsins fyrr en árið 1924. Það ár úthjuggu félagar í Ófeigi sundlaug í fjörunni undir Beinabakka þar sem Þvottalaugin var.

Þró var steipt utan um uppsprettuna. Grímur Bjarnason, sem var íþrótt- og sundkennari hjá félaginu, segir frá því að vatnið hafi sigið inn í þróna yfir nóttina en á kvöldin var öllu vatninu hleypt út og laugin þriffin. Búningsaðstaðan var tjald sem komið var fyrir austan og ofan við laugina. Börn og unglingar, piltar og stúlkur, lærðu að fleyta sér í lauginni. Kennarinn var með bambusprik og við það var bundin gjörð sem var utan um nemandann sem æfði sundtökin. Ef gott var veður, eftir að börnin gátu haldið sér á floti, réri Grímur með þau aðeins frá landi, lét þau stinga sér og synda til lands. Í blíðviðri var heitt í fjörunni undir Beinabakka og þar lærðu margir Húsvíkingar að synda.¹

Grímur telur að framkvæmdir við laugina hafi verið 1922 eða 1923 en samkvæmt bókum félagsins var það 1924. Hann segir að vetrarsjóir hafi skemmt laugina svo að hugsanlegt er að þetta hafi verið fyrr en bækurnar gera ráð fyrir og laugin hafi verið endurbyggð 1924. Hins vegar fór fram viðgerð á sundþrónni árið 1925

1 Grímur Bjarnason: „Litla sundlaugin í fjörunni“, 114-145.



og það gefur til kynna að hann hafi misminnt um ártalið.¹ Þessi sundlaug var notuð til sundkennslu í fáein ár en hún var of lítil og félagið hafði ekki bolmagn til þess að byggja stærri laug enda verið að ráðast í byggingu samkomuhúss á sama tíma. Sundlaugarnefnd var skipuð hjá Ófeigi fram til ársins 1927 en þá var sundkennsla orðin skylda í skólakerfinu og svo virðist sem félagið hafi lagt hana af. Samt var rætt um það á fundi 1. mars 1930 hvort sundþróin væri nothæf til sundkennslu og virtust menn hafa áhyggjur af því að ekki fengist nægilegt vatn í þróna.

Íþróttaiðkun virðist ekki hafa verið mikil hjá félaginu og sum árin féllu íþróttamót niður vegna lítillar þátttöku. Þó var alltaf einhver iðkun íþróttar og markvissari þegar fram í sótti. Stjórn félagsins vildi deildaskipta því eftir íþróttagreinum og sameina um leið aðra iðkendur. Grímur Bjarnason var meðal fyrstu leiðbeinenda á vegum félagsins. Hann fór á námskeið til Reykjavíkur sumarið 1922 og leiðbeindi í leikfimi og sundi eftir að hann kom heim. Hann kenndi einnig um þetta leyti leikfimi við skólana á Húsavík. Hann hafði frumkvæði að því árið 1923 að hlaupið yrði svokallað

Sundpollurinn í Breiðulág 1909. Lárus Rist sundkennari með bambusstöng sem hann notar við sundkennsluna. Hvítt tjald blasir við og notað sem „búningsklefi“.

¹ Í *Sögu Húsavíkur II*, 25, 131 er tekið mið af upplýsingunum frá Grími og sundlaugin í fjórundi sögð byggð 1922.



Kristinn Jónsson.

Saltvíkurhlaup frá Húsavík suður að Saltvík og til baka aftur. Grímur útvegaði og gaf félaginu útskorinn verðlaunabikar vegna Saltvíkurhlaupsins. Ríkarður Jónsson skar bikarinn út. Fyrst var hlaupið vorið 1923 en ekki er kunnugt um sigurvegarann. Árið 1924 sigraði Jón Stefánsson frá Syðri-Tungu á Tjörnesi í hlaupinu. Árið 1930 var keyptur nýr verðlaunabikar fyrir Saltvíkurhlaupið, líklega þar sem hinn fyrri hafi verið unninn til eignar.

Í tengslum við Saltvíkurhlaupið var komið á Kaldbakshlaupi fyrir unglinga. Ekki er vitað hvenær byrjað var að hlaupa Kaldbakhlaup en líklega hefur það verið vorið 1927 eða 1928. Ekki er neitt bókfært hjá Ófeigi um sigurvegara í hlaupinu sem Pétur Sigfússon virðist hafa átt frumkvæði að. Völsungur tók síðar við verðlaunagripum fyrir bæði hlaupin og hélt þeim áfram um skeið.

Formaðurinn, Pétur Sigfússon, hafði forystu í glímunni sem nokkur fjöldi tók þátt í. Þátttaka í frjálsíþróttum var ekki mikil en þó tóku félagar í Ófeigi þátt í héraðsmótum sem flest fóru fram á Breiðumýri. Árið 1924 voru nefndir til sögunnar sem verðlaunahafar Friðþjófur Pálsson sem fékk verðlaun fyrir hástökk og 100 metra hlaup og Kristinn Jónsson sem fékk verðlaun fyrir langstökk og sund. Skíða- og skautaiðkun var nokkur en fremur félagsleg en með keppni í huga. Þó kemur fram á fundi í janúar 1923 að Páll Einarsson stakk upp á því að félagið efndi til skíðakappmóts fyrir fullorðna og legði til þess verðlaunagripi. Páll kvadst sjálfur efna til kappmóts fyrir unglinga þennan vetur eins og undanfarið og leggja til þess verðlaun. Þetta bendir til þess að skíðamót hafi farið fram á Húsavík á þessum tíma þó að gerðabók Ófeigs í Skörðum sé fáorð um það. Knattspyrna var iðkuð og fór áhugi á henni vaxandi þegar kom fram um 1930. Þá var í fyrsta sinn skipuð nefnd um knattspyrnu. Leikfimi var iðkuð að staðaldri á veturna flest árin sem félagið starfaði og stundum voru stúlkur með sérstakan leikfimiflokk.

Eignaskrá félagsins varpar nokkru ljósi á iðkun íþróttá á þessum tíma. Í lok árs 1925 námu eignir félagsins alls 3750 krónum og var peningaeign alls 2775,95 krónur en aðrar eignir voru sundlaugarþróin í fjörunni og áhöld tengd henni, tvær stökkstengur, sviðsbúnaður frá leikritum, ein kúluvarpskúla og seglsleðinn fyrrnefndi. Í reikningum 1930 kemur fram að það var keyptur fótbolti og nýr Saltvíkurbikar en einnig var kostnaður við ferð fjögurra manna á íþróttanámskeið. Af þessu tveimur dæmum má sjá að íþróttaiðkun var ekki þungur baggi á félaginu.

Þrátt fyrir að íþróttir virðist ekki vera aðalatriðið hjá félaginu átti það samvinnu og samskipti við íþróttá- og ungmennafélög. Ítrekað var fjallað um áskorun frá Sambandi þingeyskra ungmennafélaga um að Ófeigur í Skörðum gengi í sambandið en því

var alltaf hafnað, oft eftir miklar umræður. Hins vegar gekk félagið í Íþróttasamband Íslands haustið 1928 eftir heimsókn Jóns Þorsteinssonar, erindreka sambandsins, til Húsavíkur.

Á fundi þann 26. nóvember 1921 var samþykkt að stofna handskrifað blað innan félagsins og yrði lesið upp úr því á fundum. Blaðið fékk nafnið *Orðabelgur* og var Sigurður Kristjánsson valinn ritstjóri þess fyrstu árin en síðar kosnir ritnefndarmenn um skeið og að lokum var sérstakur ritstjóri á ný. Má segja að lesið hafi verið upp úr *Orðabelg* á næstum hverjum einasta fundi fram til 1931. Lengst var Jón Pétursson ritstjóri 1925-30 en síðasti ritstjóri hans var Þórir Friðgeirsson. Efni blaðsins var eflaust nokkuð fjölbreytt og stundum fjallaði ritstjórinn um álitamál innan félagsins sem vakti miklar umræður. Því miður hefur ekki varðveist, svo vitað sé, neitt eintak af blaðinu.

Ræktunarmál voru ofarlega á baugi hjá Ófeigi í Skörðum. Félagið efndi til ferða inn í Krubb og stóð þar fyrir grisjun á skógar-kjarri og reyndi að koma á samtökum um að girða skóglendið af en það reyndist of dýrt. Einnig sýndi félagið áhuga á því að rækta lóðina sunnan við kirkjuna og gera skrudgarð þar eða annars staðar í þorpinu. Áhuginn var mikill en árangurinn ekki samsvarandi.

Áhugamenn um bindindi reyndu nokkrum sinnum að koma bindindi í lög félagsins þrátt fyrir sérstöðu þess í upphafi. Árin 1923-24 urðu miklar umræður um reykingar og að lokum var hafnað að setja bann við tóbaksreykingum í lög en í staðinn látið nægja að samþykkja slíkt bann fyrir fundi félagsins og samkomur nema í sérstöku herbergi sem væri til þess ætlað. Einnig voru umræður um vínbindindi og hafnað að lögleiða það fyrir félagið en beitt hefðbundinni aðferð, það er að undirrita bindindisheit. Allmargir félagsmenn skrifuðu undir slíkt heit haustið 1925 en miklu færri árið eftir og ekki var um framhald á því að ræða innan félagsins.

Ófeigur í Skörðum hafði frumkvæði að leikstarfsemi á þriðja áratugnum. Fyrst var leikið á vegum félagsins á fundi í janúar 1922 og uppsetning leikrita og skrautsýninga varð síðan fastur liður hjá félaginu og mikilvæg leið til tekjuöflunar. Þegar Samkomuhúsið var byggt stóðu félagar í Ófeigi fyrir því að endurreisa Leikfélag Húsavíkur og byggðu þannig á hefðinni frá ungmennafélaginu. Leikstarfsemin var öflugur félagslegur þáttur sem leit aði annað við stofnun leikfélagsins og veikti þannig ungmennafélagið.¹

Bygging samkomuhúss á Húsavík var umsvifamesta verkefni

¹ Um endurreisn Leikfélags Húsavíkur og leikstarfsemi á Húsavík er fjallað á bls. 361-390



Samkomuhúsið. Myndin tekin við upphaf skráðgöngu 17. júní 1954 þegar minnst var tíu ára afmælis lýðveldisins.

Ungmennafélagsins Ófeigs í Skörðum.¹ Félagið var svo fjölmennt að ekki var þægilegt húsnæði í boði fyrir það á Húsavík. Þörfin fyrir samkomuhús var augljós og knýjandi og á fundi hjá Ófeigi 3. maí 1924 var rætt um það að skrifa öllum stærri félögum í þorpinu og leita eftir samvinnu þeirra um byggingu samkomuhúss. Félagið hóf að safna í byggingarsjóð árið 1924 og samkomuhússbygging varð aðalmál þess næstu árin. Félagið safnaði fé til byggingarinnar með samkomuhaldi, leikstarfsemi og skemmtunum.

Haustið 1925 hófst undirbúningurinn fyrir alvöru og stjórn félagsins hafði frumkvæði að því að útvega lóð, teikningar, tilboð og sjálfboðavinnu í samvinnu við nefndir á vegum félagsins. Húsið var byggt árið 1928 með hjálp Húsavíkurbrepps sem átti húsið að hálfu á móti ungmennafélaginu. Til þess að fjármagna bygginguna var tekið lán sem fimmtíu og tveir félagar í Ófeigi ábyrgðust persónulega.

Bygging Samkomuhússins stóð í stappi í nokkur ár og hin mikla áhersla sem lögð var á hana og fjáröflun til hennar veikti aðra starfsemi félagsins. Þetta kom skýrt fram á fundi 27. janúar 1929

¹ Sérstaklega er fjallað um byggingu Samkomuhússins á bls. 34-39 og því ekki farið nánar út í það hér.

þar sem fundarmenn samþykktu að leita að nýju verkefni þegar Samkomuhúsið var komið svona vel á veg. Var stungið upp á fyrrnefndri ræktun kirkjulóðarinnar en undirtektir virðast hafa verið litlar.

En svo breyttust aðstæður og verkefni dreifðust. Ípróttafélagið Völsungur tók að sér ípróttamálefnið. Leikfélag Húsavíkur sá um leikstarfsemina. Karlakórinn Þrymur iðkaði söng og fræðslu á því sviði en söngur hafði verið öflugur félagslegur þáttur hjá Ófeigi. Skógræktarfélagið vann fyrir hugsjónina „að klæða fjallið“. Búnaðarfélag Húsavíkur herti sóknina í ræktunarmálum. Ungmennafélagarnir gerðust þátttakendur og þannig dreifðust kraftar félagsins inn í sérgreinasamtökin þar sem að andi félagsins lifði áfram og lifir enn.

Samkvæmt reikningsyfirliti fyrir árið 1931 var starfið í algjöru lágmarki. Kostnaður var við fundi og tekjur voru innheimt árgjöld en meira en helmingur ársreikningsins var greiðsla á víxli sem var fjármögnuð með láni frá K.Þ. Í síðustu fundargerðinni kemur fram að deyfið sé komin yfir félagið og virðist mega ráða af fundargerðinni að það sé samkomuhússbyggingunni að kenna þar sem félagið sé búið að leggja til hennar 9300 krónur.

Þó að það sé ekki sagt berum orðum virðist þetta hafa komið niður á öðru starfi. Því var á þessum síðasta fundi félagsins þann 27. febrúar 1932 samþykkt tillaga stjórnarinnar, borin fram af gjaldkeranum, Pétri Sigfússyni, að samið skyldi við Húsavíkurhrepp um yfirtöku hans á Samkomuhúsinu.

Hreppurinn greiði ungmennafélaginu upphæð er nemur skuldum félagsins eins og þær eru nú, eða kr. 11-12 hundruð, og taki samstundis við eignarhluta félagsins í Samkomuhúsinu. Skal þá allt það, sem ungmennafélagið hefir lagt til hússins umfram nefnda upphæð, skoðast sem gjöf félagsins til hreppsins. Enda leysi hreppurinn félagið af öllum ábyrgðum og skuldbindingum gagnvart húsbyggingunni.¹

Alls voru á fundinum fjórutíu og fjórir félagar og sjötíu og sex greiddu árgjaldið 1931 svo að félagslegur grundvöllur hefði átt að vera fyrir hendi þrátt fyrir úrsögn margra og erfiða tíma til sjávar og sveita. Það veikti hins vegar félagið að starfsemin var tekin að dreifast meira á önnur félög og því var hér komið að leiðarlokum. Reyndar var fundinum formlega frestað þar til svar lægi fyrir frá hreppsnefnd en ekki er að sjá að aðalfundarstörfum hafi verið haldið áfram með kosningu stjórnar og einhverri starfsemi.

Pétur Sigfússon var formaður Ungmennafélagsins Ófeigs í

¹ Gjörðabók Ungmennafélagsins Ófeigur í Skörðum 1908-32, Skjalasafn S-Þing. og Húsav., Hrp 51.

Skörðum frá 1921-30. Hann var utan stjórnar í eitt ár en kosinn á ný sem gjaldkeri 1931-32. Formaður 1930-32 var Sigfús Jólsson en veturinn 1931-32 var hann fjarverandi við nám í Reykjavík. Það kom því í hlut Péturs Sigfússonar að ljúka þessu erfiða máli. Eflaust hefur það ekki verið sársaukalaust eftir þessi starfsömu ár að sjá félagið hverfa af vettvangi en ekki fannst félagslegur og fjárhagslegur grundvöllur til áframhaldandi starfsemi.

Íþróttafélagið Völsungur

Drengir stofna íþróttafélag

Íþróttafélagið Völsungur var stofnað 12. apríl 1927. Fyrstu félagar þess voru tuttugu og sjö drengir um og innan við fermingaráldur en þó enginn yngri en tíu ára.

Í upphafi hét félagið Knattspyrnufélagið Víkingur. Svo hét einnig félag er fyrr hafði verið stofnað á Húsavík en lifði skamman aldur. Frá því félagi fengu drengirnir fimmtán króna sjóð. Drengirnir ákváðu að skipta um nafn á félaginu. Valið stóð á milli tveggja nafna, Völsungs og Hemings. Á fundi sem haldinn var síðla árs 1928 var nafni félagsins breytt og eftir það hét það Íþróttafélagið Völsungur.¹

Fyrstu skráðu fundargerðir félagsins voru ritaðar í litla stílabók. Í hana voru skráðar tvær fundargerðir og ýmis annar fróðleikur. Fundargerðirnar eru ekki dagsettar en einkenndar með rómverskum tölum, II. og III. fundur Víkings. Síðan fyrirfinnst ekki rituð fundargerð fyrr en í bók sem tekin er í notkun 1928. Svo virðist sem allt frá þeim tíma séu fundargerðir Völsungs ritaðar nokkuð reglulega en mjög er misjafnt hversu greinargóðar þær eru.²

Ekki er til skráð fundargerð fyrsta fundar félagsins en í stílabókinni voru nöfn tuttugu og þriggja drengja sem telja má víst að hafi setið þann fund. Einnig eru í bókinni nöfn þeirra, sem skipuðu fyrsta knattspyrnukapplið félagsins og koma þar fram nöfn fjögurra drengja sem ekki eru skráðir meðal þeirra sem teljast hafa setið fyrsta fundinn. Því er eðlilegt að telja tuttugu og sjö drengi stofnendur Íþróttafélagsins Völsungs.

1 Sjá Fundargerðabók Í. F. Völsungs 1928-32, Skjalasafn S-Þing. og Húsav., Hrp 128.

2 Stílabókin er nú glötuð en útdráttur úr henni eftir Þormóð Jónsson er í Skjalasafni S-Þing. og Húsav., Hrp 128.

Skörðum frá 1921-30. Hann var utan stjórnar í eitt ár en kosinn á ný sem gjaldkeri 1931-32. Formaður 1930-32 var Sigfús Jónsson en veturinn 1931-32 var hann fjarverandi við nám í Reykjavík. Það kom því í hlut Péturs Sigfússonar að ljúka þessu erfiða máli. Eflaust hefur það ekki verið sársaukalaust eftir þessi starfsömu ár að sjá félagið hverfa af vettvangi en ekki fannst félagslegur og fjárhagslegur grundvöllur til áframhaldandi starfsemi.

Íþróttafélagið Völsungur

Drengir stofna íþróttafélag

Íþróttafélagið Völsungur var stofnað 12. apríl 1927. Fyrstu félagar þess voru tuttugu og sjö drengir um og innan við fermingaráldur en þó enginn yngri en tíu ára.

Í upphafi hét félagið Knattspyrnufélagið Víkingur. Svo hét einnig félag er fyrr hafði verið stofnað á Húsavík en lifði skammán aldur. Frá því félagi fengu drengirnir fimmtán króna sjóð. Drengirnir ákváðu að skipta um nafn á félaginu. Valið stóð á milli tveggja nafna, Völsungs og Hemings. Á fundi sem haldinn var síðla árs 1928 var nafni félagsins breytt og eftir það hét það Íþróttafélagið Völsungur.¹

Fyrstu skráðu fundargerðir félagsins voru ritaðar í litla stílabók. Í hana voru skráðar tvær fundargerðir og ýmis annar fróðleikur. Fundargerðirnar eru ekki dagsettar en einkenndar með rómverskum tölum, II. og III. fundur Víkings. Síðan fyrirfinnst ekki rituð fundargerð fyrr en í bók sem tekin er í notkun 1928. Svo virðist sem allt frá þeim tíma séu fundargerðir Völsungs ritaðar nokkuð reglulega en mjög er misjafnt hversu greinargóðar þær eru.²

Ekki er til skráð fundargerð fyrsta fundar félagsins en í stílabókinni voru nöfn tuttugu og þriggja drengja sem telja má víst að hafi setið þann fund. Einnig eru í bókinni nöfn þeirra, sem skipuðu fyrsta knattspyrnukaplið félagsins og koma þar fram nöfn fjögurra drengja sem ekki eru skráðir meðal þeirra sem teljast hafa setið fyrsta fundinn. Því er eðlilegt að telja tuttugu og sjö drengi stofnendur Íþróttafélagsins Völsungs.

1 Sjá Fundargerðabók Í. F. Völsungs 1928-32, Skjalasafn S-Þing. og Húsav., Hrp 128.

2 Stílabókin er nú glötuð en útdráttur úr henni eftir Þormóð Jónsson er í Skjalasafni S-Þing. og Húsav., Hrp 128.

Stofnendur Íþróttafélagsins Völsungs

1. Benedikt Bjarklind	Formannshúsinu
2. Jón Bjarklind	Formannshúsinu
3. Kristján Theódórsson	Gröfum
4. Hjálmar Theódórsson	Gröfum
5. Eggert Jóhannesson	Skógargærði
6. Sigtryggur Fl. Albertsson	Veðramóti
7. Helgi Kristjánsson	Valbergi
8. Gunnar Bjarnason	Bjarnahúsi
9. Vernharður Bjarnason	Bjarnahúsi
10. Númi Kristjánsson	Valbergi
11. Magnús Bjarnason	Bjarnahúsi, Stangarbakka
12. Bjarni Pétursson	Vallholti
13. Jóhann Gunnar Benediktsson	Skólahúsinu
14. Gunnar Bergmann Jónsson	Móbergi
15. Georg Jónsson	Haganesi
16. Jónatan Helgason	Helgastöðum
17. Engilbert V. Vigfússon	Þorvaldsstöðum
18. Ásbjörn Benediktsson	Skólahúsinu
19. Sigtryggur Albertsson	Melum
20. Jóhann H. Hafstein	Sýslumannshúsinu
21. Jakob V. Hafstein	Sýslumannshúsinu
22. Jón Kristinn Hafstein	Sýslumannshúsinu
23. Ásgeir Pálsson	Garðshorni

Við bættust:

1. Marteinn Steingrímsson	Túnsbergi
2. Þráinn Kristjánsson	Jörfa
3. Albert Jóhannesson	Baldurshaga
4. Sören Einarsson	Dvergasteini

Marteinn Steingrímsson er ekki skráður meðal þeirra er sátu fyrsta fundinn en hann var fundarstjóri á öðrum fundinum. Hann virðist því hafa verið kominn inn í félagið áður en sá fundur var haldinn. Á þeim fundi var kosinn ritari og vararitari félagsins og var þá stjórn þess fullskipuð þannig að formaður var Jakob V. Hafstein, varaformaður Jón Bjarklind, gjaldkeri Jóhann H. Hafstein, varagjaldkeri Helgi Kristjánsson, ritari Ásbjörn Benediktsson og vararitari Benedikt Bjarklind.

Munnlegum heimildum ber ekki saman um hvar stofnfundur félagsins var haldinn. Segja sumar að hann hafi verið haldinn í gamla Pósthúsinu, aðrar í Tryggvaskála (gamla Sýslumannshús-

*Jakob V. Hafstein.*



Nokkrir af stofnendum Völsungs. F.v.: Sigtryggur Albertsson, Hjálmar Theódórs-son, Sören Einarsson, Mart-einn Steingrímsson, Engil-bert Valdimar Vigfússon, Helgi Kristjánsson. Myndin tekin 3. des. 1994 í tilefni af að Sören, Valdimar og Helgi urðu áttiræðir á árinu.

inu) og enn aðrar að hann hafi verið haldinn í gamla barnaskóla-húsi Húsavíkur. Einn stofnendanna, Gunnar Bjarnason, segir mjög ákveðið að hann muni vel eftir stofnfundinum í gamla skóla-húsinu.¹

Gera má ráð fyrir að nokkrir drengir hafi komið saman til skrafs og ráðagerða fyrir stofnfundinn. Faðir Gunnars, Bjarni Benedikts-son, kaupmaður og póstmeistari, réði húsum í Pósthúsinu, og sýslumannshjónin, Þórunn og Júlíus Hafstein, foreldrar Jakobs fyrsta formanns Völsungs, réðu Tryggvaskála. Mjög líklegt er að drengirnir hafi fengið að halda undirbúningsfundi sína í þeim húsum. Að líkindum hafa húsakynni þar verið helst til þröng fyrir 23 manna fund og því er sennilegt að drengirnir hafi leitað til Benedikts Björnssonar skólastjóra og fengið hjá honum leyfi til að halda stofnfund félagsins í skólahúsinu.

Félagið var ætlað fyrir drengi og kemur það vel fram í fyrstu lög-um þess sem voru í sex greinum. Þar segir að félagsmenn mættu ekki vera yngri en 10 ára og ekki eldri en 16 ára. Aðalfundi átti að halda 12. apríl á hverju ári og þá átti að greiða árgjaldið sem var

¹ Sjá bréf Gunnars Bjarnasonar frá 4. jan. 1968, Skjalasafn S-Þing. og Húsav., Hrp 128.

25 aurar í upphafi. Á æfingum skiptist félagið í tvo flokka sem áttu að keppa hvor við annan. Fundi átti að halda annan sunnudag í hverjum mánuði og formaðurinn skyldi skipa fundarstjóra. Einnig gat formaðurinn boðað aukafundi ef þurfa þótti.¹

Drengirnir urðu athafnasamir í félagsstarfi sínu. Þeir æfðu íþróttir af áhuga og skipuðu sér í tvo flokka svo sem fyrir var mælt í samþykktum félagsins. Flokkarnir voru einkenndir með bókstöfunum A og B. Glímuæfingar voru til dæmis þannig skipaðar:

A: Stjáni, Maggi, Matti, Bjarni, Venni, Hjálmar.

B: Helgi, Jakob, Goggur, Geiri, Bóas, Nonni.

Þannig voru nöfn drengjanna skráð í áðurnefndri stílabók. Með sama hætti var félögum skipað í sundæfingar og nokkrar greinar frjálsíþróttar.

Telja verður sennilegt að með hliðstæðum hætti hafi í upphafi verið skipt liði við knattspyrnuæfingar. Var strax á öðrum fundi ákveðið að fara fram í Reykjadal og keppa þar í knattspyrnu við jafnaldrana í dalnum. Úr hópi þeirra, er æfðu knattspyrnu, var valið knattspyrnukapplið sem hafði það hlutverk að keppa fyrir hönd félagsins við drengi utan Húsavíkur. Liðið skipuðu eftirtaldir drengir:

Marteinn Steingrímsson
Sigtryggur Fl. Albertsson
Jakob Valdimar Hafstein
Kristján Theódórsson
Helgi Kristjánsson
Eggert Jóhannesson.

Albert Jóhannesson
Jóhann Henning Hafstein
Þráinn Kristjánsson
Jón S. Bjarklind
Sören Einarsson

Þetta lið ásamt tveimur ónefndum varamönnum lagði upp 19. apríl 1927, aðeins viku eftir að félagið var stofnað. Fararstjóri og sérlegur verndari fararinnar var Unnur Benediktsdóttir Bjarklind (Hulda) og farartækið var vörubíll með bekkjum á pallinum þar sem farþegarnir sátu.

Forsaga fararinnar var sú að Friðrik Jónsson, bóndi að Helgastöðum, hafði komið að máli við Hafsteinsstráka og lagt að þeim að koma með lið Húsavíkurdrengja fram í Reykjadal. Hann sagði að nóg súkkulaði og brauð yrði á borðum á Helgastöðum að keppni lokinni. Ekki þurfti lengi að hvetja kappana á Húsavík.

Kappleikurinn fór fram á Vallakotsgrundum, vestan þjóðvegarsins í Reykjadal, skammt norðan við Einarssaði. Áhorfendur voru

¹ Útdráttur úr fyrstu fundargerðabók Í.F. Völsungs, Skjalasafn S-Þing. og Húsav., Hrp 128.



Bjarni Pétursson.



Jón Bjarklind.



Albert Jóhannesson.

allmargir. Þeir hvöttu liðin óspart með hrópum og köllum og spenna var mikil. Húsvíkingar náðu að sigra.

Hjónin á Helgastöðum, Friðrik Jónsson póstur og Guðrún Þorgrímsdóttir, gerðu ekki endasleppt við drengina. Þau héldu þeim glæsilega veislu og veittu af mikilli rausn. Síðar sagði Helgi Kristjánsson að slíka dýrð í tertum, pönnukökum og öðru brauði ásamt súkkulaðidrykk, hefði hann aldrei áður séð.

Það voru ánægðir drengir sem héldu frá Helgastöðum heim til Húsavíkur þetta aprílkvöld árið 1927 og voru þeir hvorki hljóðir né hógværir. Þeir sungu við raust, hófu íslenska fánann á loft og létu blakta.¹

Á þriðja fundi félagsins var ákveðið að efna til íþróttamóts og keppa í 800 m hlaupi, 100 m hlaupi, boðhlaupi, langstökki, þrístökki, sundi, glímu, handknattleik og knattspyrnu. Keppendum var skipað í tvær deildir sem keppa áttu hvor á móti annarri. Kosnir voru leiðtogar deildanna og var Marteinn Steingrímsson fyrir annarri og Jakob Hafstein fyrir hinni.

Á ýmsu gekk á fyrstu starfsárum Völsungs, stundum dofnaði yfir félagsstarfinu og stundum slettist upp á venskapinn. Bókun um fyrsta mál á dagskrá fundar, sem haldinn var 26. nóvember 1931, hljóðar svo:

Snorri Jónsson las upp ávarp til félaganna frá Bjarna Péturssyni. Ávarpið var hvatning til félaganna um að hleypa fjöri og krafti í félag-ið og sjá hvort ekki gæti batnað samlyndið í félaginu.²

Á fyrstu tíu árum Völsungs stjórnðu oft aðrir félaginu hluta árs en þeir sem kosnir voru í aðalstjórn þess. Þetta stafaði af því að unglingar á þessum aldri voru íðulega fjarverandi við nám og störf. Þannig var árið 1929 þegar bræðurnir Jakob og Jóhann Hafstein voru kosnir í aðalstjórn en félagar þeirra völdu á fundi í október þá Bjarna Pétursson og Jón Bjarklind til að stjórna félaginu í þeirra stað með Ásbirni Benediktssyni af því að bræðurnir voru í burtu yfir veturinn.

Á drengjaárum Völsungs voru kjörnir til að gegna formannsstöðu í félaginu Jakob Hafstein, Bjarni Pétursson, Jón Bjarklind og Albert Jóhannesson. Bjarni Pétursson var fyrst kosinn formaður Völsungs 29. október 1929 og gegndi formannsstarfinu öðrum lengur, næstu fjögur ár.

1 Heimildin um þessa ferð er viðtal sem Þormóður Jónsson átti við Helga Kristjánsson og Martein Steingrímsson, sjá handrit Þormóðs, Skjalasafn S-Þing. og Húsav., Hrp 269. Einnig er frásögn Þráins Kristjánssonar í *Völsungur 50 ára*, 13. Þessir þrír voru allir í kappliðinu á Vallakotsgrundunum árið 1927.

2 Fundargerðabók í F. Völsungs 1928-32, Skjalasafn S-Þing. og Húsav., Hrp 128.



Félagsstarfið var furðu fjölpætt. Á veturna var iðkuð glíma og skák. Skáklistina stunduðu drengirnir í Sýslumannshúsinu, Bjarnahúsi (kaupmanns), Formannshúsinu og Vallholti. Í þeim húsum öllum studdu húsráðendur vel við bakið á þeim í félagsstarfinu. Á sumrin iðkuðu þeir margar greinar frjálsíþrótta og knattspyrnu. Í fundargerð kemur fram að nokkrir hraustir strákar hafi æft sig í sundi. Í þann tíma var engin sundlaug á Húsavík og aðeins hægt að iðka sund í sjónum. Adalleikvöllurinn sumarlangt var á Húsavíkurhöfða suðvestanverðum. Höfðinn var mikill dýrðarheimur ungu fólki á Húsavík í marga áratugi.

Afla þurfti félaginu tekna. Leyfi fékkst hjá Kaupfélagi Þingeyinga til að halda hlutaveltu í Fjalar. Hlutaveltan var haldin í nóvembermánuði 1928 og varð hagnaður af henni eitt hundrað þrjátíu og fjórar krónur. Þá þóttust Völsungar vel aflögufærir og gáfu Ungmennafélaginu Ófeigi í Skörðum þrjátíu krónur og Taflfélagi Húsavíkur sömu upphæð. Um þær mundir var árgjald félagsmanna í Völsungi tuttugu og fimm aurar og félagið gat keypt sér kastspjót, kastkúlu og fótbolta.

Jakob Hafstein teiknaði félagsmerki svo stílhreint og sigilt að allt til þessa hefur engin breyting verið gerð á því. Merkið er með grænum grunnfleti, á fletinum er knöttur í brúnum lit innan upp-

Knattspyrnuleikur milli Völsungs og K.A. háður á gamla knattspyrnuvöllinum úti á Höfða sumarið 1934. Haraldur Jónsson lengst t.h. nálgast boltann.

Merki Íþróttafélagsins
Völsungs.



hafsstafa félagsins, Í. F. V., í hvítum lit. Strax á öðru starfsári félagsins var kosin nefnd til að huga að búningi fyrir félagið. Í árána rás hafa búningar félagsins tekið breytingum en græni liturinn í grunnfleti félagsmerkisins hefur þó ætíð einkennt þá.

Í flestum fundargerðum drengjanna er gerð nokkuð góð grein fyrir ákvörðunum og gerðum félagsins á þeirri tíð. Ein fundargerðin frá árinu 1931 er aftur á móti dálítið sérstæð að formi og stíl. Hún hljóðar þannig:

Hinn 23. apríl var haldinn fundur í Í. F. Völsungi. Á fundinum gerðist, sem hér segir.

1. Hjálmar Theódórsson hélt ræðu.
2. Bjarni Pétursson hélt ræðu.
3. Hjálmar Theódórsson talaði.
4. Jónatan Helgason talaði.
5. Bjarni Pétursson talaði.
6. Guðm. Aðalsteinsson talaði.
7. Samþykkt var að lána ungmennafélaginu fótbolta félagsins þegar félagsmenn væru ekki að nota hann.
8. Fundi slitið.¹

¹ Fundargerðabók Í. F. Völsungs 1928-32, Skjalasafn S-Þing. og Húsav., Hrp 128.

Svona skorinorðar fundargerðir eru fágæti. Í öðrum fundargerðum kemur fram að Völsungar hafi lífgað upp á samfélagið í Húsavíkurkaupþúni með því að efna til dansleikja og annarra samkvæma og láta bjarma af báli á þrettándakvöldi. Þeim kom í hug að gera veg upp að Botnsvatni en sú framkvæmd beið þó lengi. Þeim datt einnig í hug að stofna slysatryggingasjóð fyrir félagsmenn. Samkvæmt hugmyndinni átti helmingur ársiðgjalda að renna í sjóðinn. Hugmyndin virðist raunar aldrei hafa verið samþykkt á félagsfundi enda hafa slík stórræði sem slysatryggingar löngum vafist fyrir mönnum.

Félagsstarfið í Völsungi varð mikill gleðigjafi og drengirnir lögðu grunn að félagi sem löngum síðan hefur skipað mikið rúm í mannlífi á Húsavík.

Samhliða Völsungi og áður en félagið var stofnað starfaði á Húsavík Ungmennafélagið Ófeigur í Skörðum (sjá bls. 91-106). Það var félag fulltíða manna og einbeitti sér að byggingu samkomuhússins 1928-29. Um það leyti dofnaði yfir starfi félagsins og önnur félög tóku við ýmsum þáttum starfsins.

Ungmennafélagið Ófeigur í Skörðum lognaðist út af vorið 1932 og um sama leyti lágu fyrir breytingar á Völsungi. Þeir, sem stofnuðu félagið árið 1927, voru ekki lengur drengir heldur sumir nær fullvaxta menn, komnir undir tvítugt. Sýn þeirra mótaðist ekki af viðhorfi drengja og auðsætt var að ekki hentaði að hafa í félagslögum ákvæði um að félagar mættu ekki vera eldri en 16 ára. Raunar voru þeir þá þegar búnir að rýmka þau ákvæði. Þær, sem áður hétu „stelpur“, ótækar með öllu inn í félagsskap drengja, voru nú orðnar „stúlkur“ og mjög eftirsóknarverðar.

Kosin var nefnd til að endurskoða lög Völsungs og á félagsfundi 15. september 1932 voru samþykkt ný lög fyrir félagið. Greinar laganna voru fimmtán og endurspegluðu breytt viðhorf og aukin umsvif enda er vísað til laga Í.S.Í. sem gáfu auðvitað nokkra forskrift að því sem fram fór.

Markmið félagsins var „að efla og iðka knattspyrnu, fimleika og aðrar íþróttir, stofna til íþróttamóta og íþróttasýninga, og vekja áhuga félagsmanna og annarra fyrir íþróttum.“¹ Aldur félagsmanna var ekki lengur takmarkaður og aðgang áttu konur jafnt og karlar.

Í stjórn áttu að sitja átta menn; formaður, gjaldkeri og ritari, varamenn þeirra og einnig áhaldavörður og bréfitari. Stjórnin var kosin á aðalfundi sem halda átti í febrúar ár hvert og var aðeins lögmætur ef þriðjungur félagsmanna sem staddir voru heima við mætti á fundinn. Einnig voru ákvæði um verkaskiptingu

1 Fundargerðabók Í. F. Völsungs 1932-50, Skjalasafn S-Þing. og Húsav., Hrp 117.

stjórnar, árgjald, boðun og lögmæti funda, ævifélaga, endurskoðendur, úrsögn og hvernig lögunum yrði breytt með ⅔ hluta atkvæða á aðalfundi.

Þessi lög tóku gildi og var kosin ný stjórn samkvæmt þeim. Á næsta aðalfundi, 22. febrúar 1933, var mikið um dýrðir því að tuttu og sjö stúlkur gengu í félagið og þá var dansað að loknum almennum fundarstörfum. Frá þeim degi hafa stúlkur skapað íþróttafélaginu Völsungi orðstír eigi síður en piltar.¹

Flest ungt fólk á Húsavík gerðist félagar í Íþróttafélaginu Völsungi og þar átti það sér vettvang til margvíslegra athafna þegar tími gafst til frá brauðstriti og skólanámi. Vinnutími var langur á sumrin. Unnið var á túnnum, á sjónum og í fjörunni en leikvangurinn var á Húsavíkurhöfða. Árni Óla rithöfundur kom til Húsavíkur sumarið 1942 og sá með augum gestsins athafnir æskunnar á Húsavík.

Í sumar mátti í býti á morgnana sjá ungu stúlkurnar komnar niður á steinpallinn í fjörunni og raða sér upp við síldartrog. Þær voru að flaka síld. ... Þegar leið undir kvöld fóru þær að beita, því að ungu stúlkurnar á Húsavík beita fyrir sjómennina og þess vegna afla þeir vel. Þær eru líka handfljótari við það en nokkur karlmaður. Og þegar þær höfðu lokið þessu, hlupu þær heim, höfðu fataskipti og svo út á Höfða í handknattleik.

Á höfðanum eru víðir grasvellir, þar sem unga fólkið æfir handknattleik og knattspyrnu samtímis, sitt á hvorum reit. Og þarna eyðir unga fólkið öllum kvöldstundum sínum þegar gott er veður. Það skiptist á að nota vellina. Piltarnir eru aðallega á knattspyrnuvöllinum, stúlkurnar á hinum. Og þarna æfa margir flokkar sama kvöldið. Tekur hver við af öðrum, en hinir horfa á, til að læra bæði góðan leik og hvað ber að varast. Eitt kvöld í sumar taldi ég þar um hundrað pilta og stúlkur á æsku- og þroskaskeiði, og voru þau öll komin þangað til að iðka íþróttir. Það var fagur og álitlegur hópur ... Æfingarnar fóru fram með kappi, fjöri og þó þrúðmennsku ...

Veðrið var dásamlega fagurt. Það var eitt af þessum ógleymanlegu norðlenskum kvöldum, þegar sólin er enn hátt á lofti í norðri og varpar gulleitum ylgeislum yfir ládautt haf og grænar hlíðar. Út á Höfðann streymir æskulýðurinn í smáhópum, hlæjandi og masandi. Það er ekki á honum að sjá, að hann hafi átt í ströngu starfi allan daginn. Á iðgrænum leikvöllum kasta piltar og stúlkur ytri klæðum og standa nú í léttum leikfimiklæðum með bera fótleggi. Þau skiptast í flokka. Æfingastjórnarnir kalla til leiks og þeir og þær, sem eiga að byrja, hlaupa út á vellina og skipa sér niður. Hinir setjast í mjúkt grasið og horfa á leikinn. Svo kemur röðin að þeim, og þannig gengur koll af kolli fram undir miðnætti. Líf og fjör og áhugi.²

1 Fundargerðabók Í. F. Völsungs 1932-50, Skjalasafn S-Þing. og Húsav., Hrp 117.

2 Árni Óla: *Landið er fagurt og frítt*, 258-260.



Ekki eru öll kvöld á Húsavík lygn sólskinskvöld. Stundum er rok og rigning og sumar og vetur skiptast á. Íþróttafélagið Völsungur varð að haga starfsemi sinni eftir aðstæðum eins og félagsþrótturinn dugði til á hverjum tíma. Þær stundir komu að starfið gekk slitrótt. Samt fann ungt fólk á Húsavík það yndi í félagsstarfi sínu í Völsungi sem rithöfundurinn Árni Óla skynjaði þegar hann átti leið út á Höfða eitt fagurt vorkvöld.

Árin 1932 til 1958

Allt ofanefnt tímabil var ekkert það til á Húsavík sem heitið gat íþróttamannvirki; sundlaug var engin, enginn íþróttasalur, engin skíðalyfta eða skíðaskáli. Ekki var heldur neinn íþróttavöllur sem talist gat íþróttamannvirki en tún voru mörg, gróin og falleg.

Eitt þessara túna fékk Völsungur til afnota og umráða 1936. Það tún hét Aðalsteinstún, kennt við Aðalstein Kristjánsson kaupmann og var næst fyrir norðan knattspyrnuvöllinn á Húsavíkurhöfða. Þar var gott og gaman að vera. Völlurinn lá í skjóli, frá honum lá ávöl hlíðin upp á Háhöfða. Um þær mundir var óvíða á Íslandi að finna jafn góðan og skemmtilegan íþróttavöll.

Völlurinn á Aðalsteinstúni hreinsaður 1944.

F.v.: Sigtryggur Albertsson,
Hafðís Jóhannsdóttir,
Áslaug Valdimarsdóttir,
Kristín Haraldsdóttir,
Snorri Jónsson,
Helga Þorgímsdóttir,
Ingibjörg Jóhannsdóttir,
Hjördís Þorgeirsdóttir,
María Halldóra
Þorsteinsdóttir,
Snæfríður Grímsdóttir,
Helga Ingólfssdóttir,
Benedikt Jónsson.



Á skautum á Stórhólstjörn
(á Hjarðarhólstúni)
um 1950.

Þegar Völsungur fékk Aðalsteinstún til sinna nota var svo komið að sparkvöllurinn syðst á Höfðanum mátti heita ónothæfur til knattleika. Grasrótin var farin af eftir honum endilöngum, mold og sandur þyrlandist um hann í þurrviðri og í regni var eðjan þung fyrir fæti.¹

Höfðinn var lengi aðal íþróttavangur Völsungs á sumrin. Á Aðalsteinstúni var æft og keppt í knattspyrnu, handbolta og frjálsíþróttum. Þar komu Húsvíkingar saman og efndu til þjóðhátíða 17. júní. Á gamla vellinum voru enn um hríð æfðar nokkrar greinar frjálsíþróttar, einkum stökk og köst.

Reynt var að halda uppi íþróttastarfsemi á veturna þótt aðstæður til þess væru ekki góðar. Farið var á skíðum í Húsavíkurfjall, oftast í Skálamel og við Stalla. Á skautum var farið á Stórhólstjörn, Skálatjörn og Botnsvatn. Leikfimi var kennd í kjallara Barnaskóla Húsavíkur og Litlasal Samkomuhúss Húsavíkur.

¹ Sjá bréfaskriftir um vallarmálið, Skjalasafn S-Þing. og Húsav., Hrp 128 og einnig Fundargerðabók Í.F. Völsungs 1932-50, Hrp 117.



Knattspyrna

Fljótlega eftir 1930 hóf Í. F. Völsungur samskipti við íþrótt- og ungmennafélög víða á landinu. Félagið gekk í Íþróttasamband Íslands og nokkrum árum síðar í Héraðssamband Suður-Þingeyinga og Ungmennafélag Íslands. Á þessum árum tíðkuðu íþrótt- og ungmennafélög á Íslandi að bjóða hvert öðru heim til leika. Var af því mikill ávinningur og góð kynni tókust með ungu fólki víðsvegar að af landinu.

Á fjórða tug 20. aldar var fátt um góða akvegi á Íslandi og leiðir ekki greiðar milli Húsavíkur og Akureyrar. Heilmikið fyrirtæki var að ferðast milli þessara kaupstaða með hópa fólks. Samt tókust samskipti milli Í. F. Völsungs og íþróttafélaganna á Akureyri, Þórs og Knattspyrnufélags Akureyrar. Völsungar sóttu íþróttamót til Akureyrar og Akureyringar kepptu á Húsavík.

Samskipti þessi voru ekki stöðug og samfelld og sum dálítið söguleg. Í júnímánuði 1932 varð sá atburður að Knattspyrnufélagið Valur í Reykjavík efndi til farar til Akureyrar með annan aldursflokk karla til að keppa í knattspyrnu við Akureyrarfélagin og Völsung. Leikar fóru svo að Valsmenn unnu öll norðanliðin en

*Knattspyrnulið Völsungs
með Valskjöldinn um 1934.*

*Fremstir f.v.: Georg Jónsson,
Jón Bjarklind.*

*Miðröð f.v.:
Valdimar Vigfússon,
Þorleifur Sigurbjörnsson
(frá Grímsey),*

*Helgi Kristjánsson,
Ásbjörn Benediktsson,
Sören Einarsson.*

*Aflasta röð f.v.: Marteinn
Steingrímsson,
Magnús Bjarnason,
Bjarni Pétursson,
Jóhann Hafstein,
Þráinn Kristjánsson.*

Völsungar sigruðu lið K.A. og Þórs. Í norðurför þessari gáfu Valsmenn K.A.- mönnum skjöld góðan, útskorinn úr tré, og settu þær reglur að um skjöldinn skyldu norðanliðin þrjú keppa árlega sín á milli. Það félag, sem ynni gripinn þrisvar í röð eða fimm sinnum alls, átti að hljóta hann til eignar. Völsungar sóttu skjöldinn til Akureyrar tvö ár í röð en þegar keppa átti um hann í þriðja sinn, vildu Völsungar að keppnin færi fram á Húsavík. Það fékkst ekki. Akureyrarfélögunum þótti ekki ráð að reyna að sigra Völsunga á heimavelli þeirra á Húsavík og hurfu til þess ráðs að keppa um skjöldinn sín á milli á Akureyri. Af þessu spratt nokkurra ára þref milli Völsungs og Akureyrarfélaganna og málaferli fyrir dómstóli Íþróttasambands Íslands. Völsungur hvarf frá keppni um Vals-skjöldinn og samskipti hans og Akureyrarfélaganna urðu stíð um sinn.¹

Það reyndist Völsungum skaði að los komst á samskipti þeirra við Þór og K.A. Þegar þeir höfðu ekki nöldrin sín á Akureyri að kljást við á knattspyrnuvellinum dofnaði áhugi þeirra á knattspyrnuíþróttinni og var hún lítið stunduð á Húsavík næstu árin. Fleira kann að hafa komið til því að margir þeirra, er mest höfðu sinnt félags- og íþróttastarfinu, þurftu að sinna brauðstriti og ýmiss konar önnur alvara lífsins tók við.

Fram kemur í fundargerðum að vandinn var ræddur á fundum en erfitt virtist vera um vik. Knattspyrnuþjálfarar lágu ekki á lausu og fjárhagur félagsins var harla bágborinn. En strákar á Húsavík hættu samt ekki með öllu að sparka bolta og bjarma sló frá þeirri tíð er Völsungar unnu Valsskjöldinn tvisvar í röð og frá heimsókn Knattspyrnufélags Reykjavíkur sumarið 1936. Þá var í fyrsta skipti háður stórleikur á nýja vellinum á Aðalsteinstúni.

Séra Róbert Jack var knattspyrnuþjálfari á Akureyri sumarið 1938 og skrapp til Húsavíkur til að leiðbeina í nokkra daga hjá Íþróttafélaginu Völsungi. Þetta hefur væntanlega verið síðsumars. Hann gisti á hótél Ásbyrgi og var tíður gestur hjá sýslumanninum og sóknarprestinum. Um knattspyrnuna á Húsavík segir hann:

Völsungar voru lítt æfðir og liðið vantaði alla skipulagningu. Samt sýndu nokkrir leikmenn mikinn kraft og töluvert kapp. Bezti maður liðsins var án efa Jóhann Hafstein. Hann var filhraustur og sendingar hans voru með ágætum. Honum hefði áreiðanlega farið fram í „betri félagsskap“ í betra liði. Hann var það sem við köllum „gott efni“. ... Hefði ég verið lengur með Völsung mundi ég hafa treyst mér til þess að gera þá að sæmilegu liði, því drengirnir voru áhugasamir.²

1 Sbr. málsskjöl Völsungs, Skjalasafn S-Þing. og Húsav., Hrp 128 og Fundargerðabók Í. F. Völsungs 1932-50, Hrp 117.

2 Róbert Jack: *Sjálfssævisaga*, 92.



Axel Andrésson knattspyrnukenndari kom til Húsavíkur árið 1942 og aftur 1944 og leiðbeindi strákum í tvær vikur hvort sinn. Á félagsfundum, sem haldinn var 14. maí 1945, var samþykkt að fá Benedikt Jónsson til að annast dómaraströf á knattspyrnuæfingum þegar naumur tími hans leyfði.¹

Fyrir kom að Völsungar tóku þátt í Norðurlandsmótum í knattspyrnu. Mörgum var lengi minnisstætt mót sem haldið var á Siglufirði í septembermánuði 1952. Siglt var vestur á m/b Hagbarði og gist og borðað í bátum þau dægur er dvalið var á Siglufirði. Skipstjóri var Þórarinn Vigfússon og vélstjóri var Halldór Bjarnason sem einnig var liðsmaður í knattspyrnunni. Matseljur voru þær systur Eva og Emelía Sigurjónsdætur. Með í för voru nokkrir áhorfendur, velunnarar sem styrktu förina fjárhagslega.

Smala þurfti liðsmönnum til skips þaðan sem þeir voru við vinnu víðsvegar í héraðinu. Lagt var af stað frá Húsavík síðla kvölds og sváfu menn lítið um nóttina. Fjögur lið tóku þátt í mótinu. Þetta voru Völsungur, K.A., Þór og Siglufirðingar. Mótsdagana var veður vont á Siglufirði, ofsarok og úrhellisrigning. Knattspyrnukapparnir urðu blautir og forugir af að ösla í eðjunni á vell-

Axel Andrésson þjálfar unga Völsunga árið 1942.

Nedri röð f.v.:

*Einar Fr. Jóhannesson,
Karl Hannes Hannesson,
Reynir Jónasson,
Haraldur Jóhannsson
(Grímsey), Páll Vigfússon,
Helgi Hedinsson,
Skjöldur Þorgrímsson.*

Aftari röð f.v.:

*Bjarni Sigurjónsson,
Sigurður Sigurðsson,
Guðmundur Lúðvíksson,
Gunnar Karlsson, Áki
Karlsson, Viðar Þórðarson,
Axel Andrésson,
Jakob Jónsson,
Haukur Haraldsson,
Árni Sörensson,
Jón Ármann Hedinsson,
Vilhjálmur Pálsson,
Óli Páll Kristjánsson,
Stefán Jakob Hjaltason.*

¹ Fundargerðabók Í. F. Völsungs 1932-50, Skjalasafn S-Þing. og Húsav., Hrp 117.



Sigurlið H.S.P. í knattspyrnu á landsmóti U.M.F.Í. á Þingvöllum 1957.

Fremri röð f.v.:

*Aðalsteinn Jónsson,
Arngrímur Geirsson,
Haukur Logason,
Snær Karlsson,
Björn Dagbjartsson,
Hinrik Sigfússon.*

Aftari röð f.v.:

*Jón Ingólfsson,
Vilhjálmur Pálsson,
Stefán Benediktsson,
Halldór Ingólfsson,
Gunnar Jónsson,
Steingrímur Jóhannesson,
Friðrik Glúmsson.*

inum. Í þann tíma var ekki grasvöllur á Siglufirði og raunar óviða á landinu utan Húsavíkur.

Völsungar höfðu lítið æft þetta sumar og biðu ósigur í öllum leikjum sínum. Samt þótti þátttakendum þessi Siglufjarðarför skemmtileg og höfðu gaman af að rifja hana upp síðar. Siglufirðingar reyndust höfðingjar heim að sækja og samveran og félagsskapurinn í Hagbarði voru ánægjuleg.

Axel Andrésson kom til Húsavíkur árið 1954 og þjálfaði um 170 drengi í knattspyrnu. Þá um sumarið sóttu nokkur unglingalið frá Reykjavík og Akureyri Völsunga heim. Um haustið fór fyrsti flokkur Völsungs til Austfjarða og keppti í knattspyrnu á Eskifirði, Seyðisfirði og Fáskrúðsfirði. Fararstjóri var Björn Jósefsson, héraðslæknir. Hann var mikill velunnari Í.F. Völsungs. Fyrir þessi þótti takast með ágætum og móttökur Austfirðinga góðar.¹

Þegar líða tók á sjötta áratuginn brá til þess að Völsungar hófu að stunda knattspyrnuþróttina betur en áður. Í ársskýrslu fyrir árið 1956 segir að starfsemi félagsins hafi aðallega verið á knattspyrnusviðinu. Margir knattspyrnuleikir voru háðir á heimavelli í öllum aldursflokkum og að nýju var hafin þátttaka í meistaramóti

¹ *Völsungur 50 ára, 8-9.*



Norðurlands í knattspyrnu. Lið H.S.Þ., sem keppti í knattspyrnu á landsmóti U.M.F.Í. á Þingvöllum árið 1957, var að mestu skipað Völsungum. Þriðji aldursflokkur Völsungs háði alls sex kappleiki það ár við félög víðsvegar að af landinu.¹

Handknattleikur

Fyrstur til að kenna handknattleik á Húsavík var Snæbjörn Einarsson, kennari frá Garði í Þistilfirði. Hann kenndi leikfimi við skóla á Húsavík veturinn 1930-31 og sagði stúlkum til í handknattleik. Sú íþrótt mun hafa verið litið stunduð á Húsavík fyrir þann tíma.

Jónas Geir Jónsson kennari flutti til Húsavíkur haustið 1933. Hann kom til Húsavíkur að tilstuðlan forráðamanna Í.F. Völsungs, Jakobs og Jóhanns Hafstein. Hann var aðal íþróttakennari Völsungs í mörg ár og farsæll í því starfi. Piltar og stúlkur lærðu hjá honum leikfimi á veturna og stúlkur handbolta á sumrin. Stúlkurnar urðu miklar handboltakempur og nutu ánægju og vegsemdar af íþróttinni. Jónas Geir sagði löngu síðar í grein sem

*Handknattleikslið Völsungs
(11 í liði) um 1940.*

Fremst f.v.:

Sigríður Lúðvíksdóttir,

Sigrún Pálsdóttir,

Kristbjörg Hédinsdóttir.

Miðröð f.v.:

Þorbjörg Þórhallsdóttir,

Guðrún Sigfúsdóttir,

Guðrún Hédinsdóttir.

Aftasta röð f.v.: Jónas Geir

Jónsson (þjálfari),

Sigríður Pálsdóttir,

Nanna Þórhallsdóttir,

Guðrún Tryggvadóttir,

Kristjana Vigfúsdóttir,

Þórdís Bjarnadóttir,

Þórhildur Skarphédinsdóttir,

Anna Albertsdóttir.

¹ Fundargerðabók Í. F. Völsungs 1950-75, Skjalasafn S-Þing. og Húsav., Hrp 117. Sjá líka *Völsungur 50 ára*, 9.



Keppnislið frá Völsungi á Akureyri 1935.

Fremri röð f.v.:

*Kristjana Jakobsdóttir,
Ragnheiður Hjaltadóttir,
Regína Bjarnadóttir,
Anna Albertsdóttir,
Kristjana Vigfúsdóttir,
Hólmfríður Kristjana Gríms-
dóttir.*

Aftari röð f.v.:

*Kristín Bjarnadóttir,
Sigrún Pálsdóttir,
Soffía Guðrún Hafstein,
Hulda Pétursdóttir,
Bjarni Pétursson,
Haraldur Jónsson,
Helgi Kristjánsson,
Guðrún Sigfúsdóttir,
Karítas Halldórsdóttir,,
Þórunn Hafstein.*

hann skrifaði: „Þessi 10 ár, er við eyddum í handboltann, meira og minna, er flestum okkar ein besta minning frá liðnum árum.“¹

Jónas Geir Jónsson hóf að þjálfa stúlkurnar í handknattleik vor-
ið 1934. Strax næsta sumar var farið til Akureyrar að keppa við
stúlkur þar. Með í för voru strákar að keppa í knattspyrnu. Í full-
skipuðu handboltaliði voru þá ellefu leikmenn eins og í knatt-
spyrnuliði og varamenn urðu að fylgja liðunum. Gera má ráð fyr-
ir að í förinni hafi vart verið færri en þrjátíu manns. Safnast var
saman í lautinni við Sýslumannshúsið og Þórunn bauð öllum kaffi
að hressa sig á áður en lagt var upp.

Farkosturinn var kassabíll, vörubifreið með yfirbyggðum kassa
á palli, þar sem farþegarnir sátu. Ökumaður var Sveinbjörn
Helgason frá Helgastöðum, bifreiðarstjóri, sjómaður og söngvari.

Þessar stúlkur voru í Akureyrarförinni: Anna Albertsdóttir, Mel-
um; Áslaug Kristjánsdóttir, Hóli; Regína og Kristín Bjarnadætur,
Bjarnahúsi; Kristjana Vigfúsdóttir, Jörfa; Kristjana Jakobsdóttir og
Guðný Helgadóttir, Helgastöðum; Guðrún Sigfúsdóttir, Braut;
Þórhildur Skarphéðinsdóttir og Karítas Halldórsdóttir, Traðar-

¹ Jónas Geir Jónsson: Óprentaður þáttur um íþróttir á Húsavík, Skjalasafn S-Þing. og Húsav., Hrp 142.

ÍPRÓTTAMÓT

Sameiginlegt íþróttamót fyrir Þingeyjar- og Múlasýslur verður haldið á Húsavík sunnudaginn 2. júlí og hefst kl. 1 e.h.

Kepppt verður í þessum íþróttum:

Handknatt-

leik (stúlku)

100m. hlaupi

200m. hlaupi

800m. hlaupi

3000m. hlaupi

Þjálfhlaupi

Hästökki

Ljósstökki

Þristökki

Stangarstökki

Spjótkesti

Kringlukasti

Kúlugarpi

ÞANSAÐ verður um

kvöldið í Samkomuhúsi Húsavíkur

Auglýsing um sameiginlegt íþróttamót fyrir Þingeyjar- og Múlasýslur haldið á Húsavík sunnudaginn 2. júlí 1939.

gerði; Sigrún Pálsdóttir og Hólmfríður Kristjana Grímsdóttir. Hún var kölluð Fríða Stjana heima á Húsavík. Kristjana Benediktsdóttir, síðar húsfrú í Dvergasteini, var í keppnisliðinu en var bundin í vinnu og gat því ekki farið til Akureyrar í það sinn.

Það segir af kappleiknum að hart var barist og svo fór að Kæja frá Traðargerði meiddist og var borin af vellinum. Þá þurfti að grípa til varamannsins og kallað að Fríða Stjana skyldi koma til leiksins. Akureyrskir áhorfendur biðu þess í ofvæni að sjá þá stúlku, er svo væri kölluð, og þegar hún birtist létu þeir sér vel líka.

Völsungsstúlkur stunduðu handknattleik af miklum áhuga. Þá voru ekki aðstæður á Húsavík til að iðka íþróttina innanhúss á veturna en á sumrin voru frístundir frá heyskap, fiskvinnslu og beitningu vel notaðar. Í fyrstu var æft á Húsavíkurtúni þar sem síðar var



Norðurlandsmeistarar í handknattleik kvenna 1941, 1. flokkur.

*F.v.: Kristbjörg Hédinsdóttir,
Sigríður Pálsdóttir,
Guðrún Tryggvadóttir,
Þorbjörg Þórhallsdóttir,
Sigfríður Lúðvíksdóttir,
Guðrún Hédinsdóttir,
Nanna Þórhallsdóttir.*

byggð Mjólkurstöð K.Þ., því næst á sunnanverðum Húsavíkurhöfða og loks á Aðalsteinstúni. Löngu síðar var æfður handknattleikur á grasvelli sunnan Búðarár. Þar er nú leikskólinn Bestibær.

Ekki var oft efnt til keppnisferða eða boðið heim handboltaliði að keppa við en þegar til þess kom var það ætíð spennandi og skemmtilegur atburður. Á árunum 1937 til 1940 var nokkrum sinnum háð mjög spennandi keppni við stúlkur frá Íþróttafélaginu Þrótti í Neskaupstað. Sú keppni var liður í íþróttaleikum sem Suður-Þingeyingar og Austfirðingar efndu til sín á milli. Þessi íþrótt- og félagasamskipti þóttu stórskemmtileg en stóðu ekki í mjög mörg ár. Mótin voru til skiptis haldin í Suður-Þingeyjasýslu og á Austurlandi. Fyrsta mótið var haldið á Húsavík árið 1937. Frumkvöðlar þessara samskipta voru þeir Þórarinn Þórarinsson og Þórarinn Sveinsson frá Eiðum á Fljótsdalshéraði, Þorgeir Sveinbjarnarson á Laugum og Jónas Geir Jónsson á Húsavík. Þórarinn Þórarinsson var skólastjóri á Eiðum en hinir þrír voru íþróttakennarar. Þeir höfðu allir farið á Ólympíuleikana í Berlín árið 1936. Þegar þeir komu heim úr þeirri för ákváðu þeir að efna til leika með Austfirðingum og Suður-Þingeyingum.

Stúlkur Völsungs urðu frægar af sigrum í Norðurlandsmótum í handknattleik. Lið þeirra var mjög sigursælt á árunum 1940 til



1944 og hlaut síðan þá vegsemd að vera kallað „gullaldarliðið“. Íslandsmót í handknattleik stúlkna var haldið á Húsavík árið 1942. Þá var Íslandsmót í héraði mikill atburður.

Á næstu árum var handbolti iðkaður á sumrin. Áhugi og árangur var misjafn milli ára enda aðstaðan oft bágborin og stundum skorti leiðbeinendur. Sören Langvad, dóttursonur Þórðar Guðjohnsens fyrrum verslunarstjóra, þjálfaði stúlkurnar um tíma sumarið 1945 og þá urðu þær Norðurlandsmeistarar. Einnig sigraði kvennaliðið á landsmóti U.M.F.Í. á Laugum 1946 en var í 2. sæti á landsmótinu í Hveragerði árið 1949. Þetta ár urðu stúlkurnar Norðurlandsmeistarar. Eitthvað bar minna á árangri eftir 1950 þar til að gróska kom í handboltann á ný með tilkomu íþróttasalarins við barnaskólann árið 1959.

Piltar stunduðu ekki handbolta á þessu tímabili nema árið 1949 þegar þeir tóku þátt í Norðurlandsmóti á Akureyri. Þeir létu stúlkunum þessa íþróttagrein eftir en einbeittu sér þess í stað að knattspyrnu og frjálsíþróttum. Með tilkomu íþróttasalarins 1959 hófust einnig reglulegar æfingar pilta í handbolta og jafnframt þátttaka þeirra í keppni út á við.¹

¹ *Völsungur* 50 ára, 21-24. Fundargerðabækur Í. F. Völsungs 1932-50, 1950-75, Skjalasafn S-Þing. og Húsav., Hrp 117.

Handknattleikslíð H. S. Þ. (Völsungsstúlkur) í Hveragerði 1949.

F.v.: Sigríður Jóhannesdóttir, Guðný Tryggvadóttir, Guðný Hólmgeirsdóttir, Ingibjörg Jónsdóttir, Rakel Jóhannesdóttir, Guðrún Jóhannsdóttir. Fremst f.v.: Jóna Björg Jóhannesdóttir, María Halldóra Þorsteinsdóttir.



Í Náttfaravík 1941.

F.v.: Eysteinn Sigurjónsson, Stefán Þórarinnsson, Gísli Steingrímsson, Birgir Lúðvíksson, Jónas G. Jónsson, Ásgrímur Kristjánsson, Lúðvík Jónasson, Steingrímur Birgisson, Birgir Steingrímsson, Vigfús Sigurðsson, Gunnar Sigurðsson, Snorri Jónsson.



Jónas Geir Jónsson.

Skíði

Þegar íþróttafélagið Völsungur var stofnað árið 1927 var að mestu glötuð í héraðinu sú íþrótt sem Nikulás Buch hafði kennt á Húsavík hálfri annarri öld áður. Þótt ungir Völsungar kynnu ekki svig fóru þeir samt á skíði sér til skemmtunar, brugðu á langar gönguferðir og glímdu við að renna sér niður hlíðar Húsavíkurfjalls. Eftir 1930 er þess oft getið í fundargerðum Völsungs að félagið hafi efnt til skíðaferða. Gengið var í austur frá Húsavíkurfjalli og einu sinni tjaldað um nótt við Nykurfjörn. Þá var farið austur um Reykjaheiði eða sóttar brattleiðir vestur í Kinnarfjöll.

Jónas Geir íþróttakennari var einn af skíðamönnum fjórða áratugarins og hann segir frá útbúnaðinum á þessa leið:

Þegar ég fluttist hingað haustið 1933, þá áttu hér nokkrir ungir menn skíði með táböndum og ól aftur fyrir hæl. Börn og unglingar létu sér nægja táböndin ein.

Fyrstu skíðin með málmköntum komu hingað 1936. Ég pantaði þau fyrir sjálfan mig frá L.H. Müller í Reykjavík. Þau kostuðu kr. 110.- og þar fór kúfurinn af mánaðartekjum mínum. Brátt fengu fleiri sér samskonar skíði. Þetta voru fallegir gripir með köntum og gorma-

*Skrúðganga 17. júní niður
sneiðing í Beinabakka.
Fremstur Ari Kristinsson,
næstur honum Sigtryggur
Albertsson.
(Laust fyrir 1950).*



formaður til bráðabirgða á fundi 9. september 1938 þar sem varaformaðurinn Sigurður Benediktsson gat ekki heldur gegnt starfinu.

Allir frumherjaformenn Völsungs utan Helga Kristjánssonar og Alberts Jóhannessonar fluttu frá Húsavík ungir að árum. Þeir sýndu þó ætíð síðan að þeir báru hlýjan hug til félags síns. Saga æsku þeirra heima á Húsavík og saga Í.F. Völsungs var samofin.

Marteinn Steingrímsson í Túnssbergi var í fyrsta knattspyrnuliði Völsungs og lengi síðan. Hann vann mikið að félagsmálum innan Í. F. Völsungs á fyrstu starfsárum þess, stjórnaði fundum og hafði forræði fyrir íþróttaflokkum við æfingar og í keppni.

Snorri Jónsson í Bergi og Benedikt Jónsson listmálari gengu snemma til liðs við Völsung. Snorri starfaði í félagsnefndum og Benedikt var í stjórn félagsins á annan áratug.



bindingum. Nú yrði brosað, ef maður mætti upp á Mel þannig væddur, þar sem allir eru með skó og skíði í glæstum litum og háum gæðaflokki - ekkert til sparað.¹

Skíðaíþróttinni óx fiskur um hrygg á Íslandi og Í.F. Völsungur tók þátt í þeirri þróun. Björgvin Júníusson frá Akureyri veitti Húsvíkum tilsögn í svigi 1939. Á næstu árum voru af og til fengnir góðir skíðamenn til að þjálfa Húsvíkinga í skíðaíþróttinni. Í.F. Völsungur stóð að héraðsmótum skíðamanna á vegum Héraðs-sambands Suður-Þingeyinga og Völsungar sóttu skíðalandsmót.

Steingrímur Birgisson, Gunnar Sigurðsson og Gísli Steingríms-som sóttu Íslandsmót til Akureyrar síðla vetrar 1940. Gísli keppti í göngu en Gunnar og Steingrímur í stökki og svigi. Þá voru samgöngur ekki greiðar á Íslandi og ferðalög gátu orðið ævintýraleg. Gísli einn gekk til Akureyrar en hinir fóru á skipi. Steingrímur minntist þess að auk þeirra keppendanna hafi tekið þátt í förinni: Stefán Benediktsson, Kristján Benediktsson, Hallgrímur Steingrímsson, Benedikt Jónsson listmálari og Jónas Geir Jónsson kennari. Mótið fór hið besta fram og gekk Völsungum allvel.

¹ Jónas Geir Jónsson: Af sögu skíðanna í Húsavík. Óprentað handrit, Skjalasafn S-Þing. og Húsav., Hrp 142.

F.v: Guðmundur Hákonar-son, Viðar Þórðarson ?, Viggó M. Sigurðsson, Lúð-vík Jónasson, Gunnar Sig-urðsson, Skjöldur Þorgíms-son. Pokabuxur einkenn-andi fyrir skíðaklæðnað þessa tíma, um 1938. Gamla bakarið að baki þeim félögum.



Gísli Steingrímsson.



*F.v.: Steingrímur Birgisson,
Birgir Lúðvíksson,
Stefán Guðjohnsen,
Gunnar Sigurðsson.*



*F.v.: Stefán Benediktsson,
Bjarni Sigurjónsson.*

Áð mótinu loknu urðu Húsvíkingarnir allir að ganga heim. Þeir fóru í tveimur áföngum og gistu að Krossi í Ljósavatnshreppi. Veður var hvasst í Ljósavatnsskardi og mikið frost. Þeim félögum varð svo kalt að framanverðu að við lá að sumir þeirra gæfust upp á göngunni. Þeim þótti sem það hefði orðið þeim til lífs að Gísli Steingrímsson fór í föggur sínar, dró þar upp kynstur af dagblöðum og lét þá koma blöðunum fyrir í buxum sínum. Eftir það hlýnaði þeim ótrúlega fljótt og urðu þeir ákaflega fegnir.

Þeir höfðu gert boð á undan sér í Kross. Þar var tekið vel á mótí þeim og borinn fyrir þá góður og mikill matur, hakkað saltkjöt og jarðeplajafningur. Þeir átu geipilega og telur Steingrímur að ekki hafi menn í annan tíma etið jafn mikið í einni máltíð. Síðan lögðust þeir til svefns og sváfu vel þótt svo kalt væri um nóttina að fraus í koppum þeirra.

Um morguninn var veður bjart og stillt og fallet snjólag, mjöll ofan á harðfenni. Gísli vildi að þeir tækju á sig krók og gengju á Garðshnjúk. Þeir gerðu svo og sáu þá vítt yfir um mikla vetrardýrð. Síðan renndu þeir sér á skíðunum niður fjallið og héldu sem leið lá til Húsavíkur.¹

¹ Þormóður Jónsson: Harðsótt ganga. Óprentað handrit, Skjalasafn S-Þing. og Húsav., Hrp 269. Birtist í *Jólablaði Völsungs* 1994.



Gísli Vigfússon.

*Skíðastökkpallur í Stöllum
um 1940.*

Í Húsavíkurfjalli eru mjög skemmtilegar skíðabrekkur þegar snjór er nægur. Sérhver skíðaiðkandi getur valið sér bratta við hæfi. En fjallið er ekki ýkja hátt og stundum eru vetur svo mildir að ekki setur snjó í brekkurnar. Þá getur farið svo að margur sleppi því vetrarlangt að taka fram skíðin sín.

Svo segir í heimildum að allvel hafi viðrað fyrir skíðaiþróttina á Húsavík á árunum 1940 til 1953. Íþróttin var vel stunduð og ýms-ir Völsungar urðu ágætir af afrekum sínum og frammistöðu í



Skálabygging í Krubb 1945. Steypuefni borið í pokum að skálastæði.

keppni: Bjarni Sigurjónsson, Gísli Vigfússon, Stefán Benediktsson, Stefán Kristjánsson, Birgir Lúðvíksson, Kristján Jónsson, Steingrímur Birgisson, Gunnar Sigurðsson og Gísli Steingrímsson.

Unnið var að gerð skíðamannvirkja en þeirra sér ekki lengur stað. Lúðvík Jónasson íþróttakennari beitti sér fyrir því að byggður var skíðastökkpallur á Stöllum. Hann var hlaðinn úr torfi og nýttist við æfingar og mót. Honum var ekki haldið við og hann er nú horfinn með öllu.

Á mörgum fundum ræddu Völsungar um byggingu skíðaskála uppi í Krubb en svo var löngum að þeir voru ekki á eitt sáttir um framkvæmdina. Það varð úr að keyptur var skáli úr hergóssi í Eyjafirði. Þess konar skálar voru kallaðir braggar og þóttu til margra hluta nytsamlegir eftir stríð. Skálinn var rifinn niður af stæði sínu í Eyjafirði, fluttur til Húsavíkur og síðan upp í Krubb. Þar voru steyphtar fyrir hann undirstöður en þegar svo langt var komið við að reisa hann að það eitt var eftir að koma fyrir göflum, þá gerði Krubbsveður, bragginn fauk og varð að braki einu. Á vegum Völsungs var þá ekki meira að gert á þeim vettvangi.

Ýmsir töldu að betur hefði mátt standa að skálabyggingunni.



Nokkrir ungir Völsungar stofnuðu með sér félag sem þeir nefndu Skálaborg og byggðu skála uppi í Krubb. Stjórn Völsungs leitaði eftir því við Skálaborgarmenn að fá að yfirtaka bygginguna. Á það var ekki fallist en Í. F. Völsungur fékk heimild til að nýta skálann fyrir sína starfsemi. Skálinn varð fyrir skemmdum af völdum veðra og óþrúttinna og nýttist Völsungi og eigendum aðeins í skamman tíma.¹

Á næstu árum eftir 1953 hætti um skeið að leggja svo snjó í Húsavíkurfjall að vel dygði skíðafólki. Þingeyingar hættu að efna til héraðsmóta í skíðaíþróttum. Á þeim tíma ólust ekki upp meðal Völsunga menn til afreka í íþróttinni.

Fimleikar

Á félagsfundi Völsungs 11. september 1932 var samþykkt áskorun „á eiganda leikfimisalsins í Húsavík að setja kalt steypibað í húsið“.² Umræddur leikfimisalur var á neðri hæð Samkomuhússins á Húsavík. Hann er oft kallaður Litlialur til aðgreiningar frá

Unnið við að járnklæða skálann.

¹ Fundargerðabók Í. F. Völsungs 1932-50, Skjalasafn S-Þing. og Húsav., Hrp 117.

² Sama heimild.



Fimleikaflokkur stúlkna um 1933.

Fremst f.v.: Sigrún Pálsdóttir, Áslaug Kristjánsdóttir, Valgerður Bjarnadóttir, Hólmfríður Björnsdóttir. Önnur röð f.v.: Guðný Helgadóttir, Hulda Pétursdóttir, Jónas G. Jónsson (stjórnandi), Pálína Þórðardóttir, Anna Albertsdóttir.

Þriðja röð f.v.: Sigrún Sigmundsdóttir, Kristjana Kristinsdóttir, Álfheiður Eðvaldsdóttir, Karítas Halldórsdóttir, Kristjana Jakobsdóttir.

Aftasta röð f.v.: Ragnheiður Hjaltadóttir, Guðrún Kristjánsdóttir, Regína Bjarnadóttir, Kristín Bjarnadóttir, Þóra Hafstein, Kristjana Benediktsdóttir.

aðalsamkomusalnum sem er á efri hæð hússins og er nefndur Stórisalur.

Völsungur fékk inni í Litlasal til fimleikakennslu. Kennslan fór eingöngu fram á veturna og sjaldan samfellt vetrarlangt. Suma vetur féll hún með öllu niður og stundum var kennt í formi stuttra námskeiða. Þegar vel áraði á þeim vettvangi æfðu margir aldursflokkar bæði pílta og stúlkna.

Jónas Geir Jónsson hóf fimleikakennslu á vegum Völsungs strax við komu sína til Húsavíkur haustið 1933 og var eini íþróttakennari félagsins hin næstu ár. Síðar komu til starfans aðrir íþróttakennarar: Lúðvík Jónasson, Hróar Björnsson og Ásdís Erlingsdóttir. Sigríður Böðvarsdóttir kom til Húsavíkur haustið 1949 og kenndi leikfimi og dansa. Hún ílentist á Húsavík og starfaði mikið hjá Í. F. Völsungi.

Ungur Húsvíkingur, Vilhjálmur Pálsson, fór á Íþróttakennarskólann á Laugarvatni. Að námi loknu staðfestist hann heima á Húsavík ásamt konu sinni, Védísi Bjarnadóttur frá Laugarvatni sem einnig var íþróttakennari. Þau hjónin unnu vel fyrir Völsung í áratugi. Vilhjálmur hóf fimleikakennslu á vegum Völsungs haustið 1952. Kennsluhættir hans voru nýlunda hér fyrir norðan og hann kom upp vel þjálfuðum fimleikaflokkum. Drengjaflokkur,



sem hann þjálfaði, þótti sér í lagi skemmtilegur. Með þann flokk fór hann í sýningarför til Akureyrar og fleiri byggða í nágrenni Húsavíkur. Oft voru sýndir fimleikar á skemmtisamkomum á Húsavík.

Frjálsíþróttir

Svo virðist sem frjálsíþróttir hafi verið fremur óskipulega stund-
aðar á vegum Völsungs fyrstu árin. Reyndar átti félagið einhver
áhöld til þess og einnig var hefð fyrir því á Húsavík að hlaupa
langhlaup, bæði Kaldbakshlaup og Saltvíkurhlaup. Á aðalfundi í
febrúar 1937 var samþykkt tillaga frá Albert Jóhannessyni í þá
veru að keypt yrðu áhöld til æfinga í frjálsíþróttum, bæði fyrir
eldri og yngri félagi. Um sumarið var keppt við Austfirðinga á
Húsavík í ýmsum greinum og í ágúst var ákveðið að taka þátt í
keppni unglunga á Laugum.

Víkuna fyrir mótið æfðu unglingarnir á Húsavík á hverju
kvöldi undir stjórn formannsins Jóhanns Hafstein. Mæting var
gód og áhugi mikill þó að formaðurinn skrái í fundargerðabók fé-
lagsins að dæmi hafi verið um óstundvísi og fjarvistir án frambæri-
legra ástæðna.

*Fimleikaflokkur pillta
1937 - 1938.*

Aftast f.v.:

*Hallgrímur Steingrímsson,
Sigurður Benediktsson,
Jónas G. Jónsson (stjórnandi),
Númi Kristjánsson,
Lúðvík Jónasson.*

Miðröð f.v.:

*Hákon Sigtryggsson,
Dagur Sveinn Jónasson,
Jónas Benediktsson.*

Fremst f.v.:

*Eysteinn Sigurjónsson,
Arnviður Ævarr Björnsson.*



*Keppendur Völsungs á
íþróttamóti á Laugum í
Reykjadal 29. ágúst 1937.*

*F.v.: Þórhildur Skarphéðins-
dóttir,*

Björg Karlsdóttir,

Guðrún Tryggvadóttir,

Sigríður Pálsdóttir,

Nanna Þórhallsdóttir,

Einar Þórður Guðjohnsen,

Ari Kristinsson,

Arnviður Ævarr Björnsson,

Heimir Bjarnason,

Jóhannes Haraldsson,

Stefán Kristjánsson,

Baldvin Haraldsson,

Jón Ármann Jónsson,

Maríus Héðinsson,

Sigfús Pétursson,


Hannes Hafstein,

Stefán Benediktsson.

Það var glaðvær og eftirvæntingarfullur hópur sem safnaðist saman á Húsavík sunnudaginn 29. ágúst kl. 11 árdegis. Á þetta fyrsta frjálsíþróttamót sem Völsungur tók þátt í fóru frá Húsavík eftirtaldir keppendur: Ari Kristinsson, Arnviður Ævarr Björnsson, Stefán Kristjánsson, Stefán Benediktsson, Einar Þórður Guðjohnsen, Maríus Héðinsson, Jóhannes Haraldsson, Nanna Þórhallsdóttir, Björg Karlsdóttir, Þórhildur Skarphéðinsdóttir, Sigríður Pálsdóttir og Guðrún Tryggvadóttir. Fararstjórar voru Jóhann Hafstein, Sigurður Pétur Björnsson og Jónas Geir Jónsson en meðreiðarsveinar voru Einar Björnsson og Guðmundur Benediktsson. Við Hólmavað bættust í hópinn sundmennirnir Baldvin Haraldsson og Hannes Hafstein og hlauparinn Jón Ármann Jónsson en á Laugum voru mættir til viðbótar Sigfús Pétursson og Heimir Bjarnason.

Af mótinu er það að segja að keppt var í sjö greinum frjálsíþróttar og tveimur sundgreinum. Völsungar unnu glæsilegan sigur og fengu 33 stig en næstir voru Kinnungar með 11 stig. Maður mótsins var án efa Ari Kristinsson sem keppti í fimm greinum og sigraði í þeim öllum. Eftir mótið var dansað um stund og síðan haldið heimleiðis í sigurgleði og söng. Jóhann Hafstein minntist þess í lok frásagnar sinnar að á þessu sumri voru tíu ár liðin frá fyrstu keppnisferð Völsungs sem einnig var farin fram í Reykjadal.¹

¹ Fundargerðabók Í. F. Völsungs 1932-50, Skjalasafn S-Þing. og Húsav., Hrp 117.



Í.F. Völsungur stóð ekki að frjálsíþróttabjálfun að staðaldri en jafnan æfðu sig einstaka ungir og áhugasamir félagar í stökkum, köstum og hlaupum eftir því sem möguleikar voru til. Þær æfingar fóru að mestu fram úti á Höfða en oft var hlaupið hvar sem því var við komið.

Ásmundur Bjarnason bæjarbókari á Húsavík segir skemmtilega frá sjálfum sér og þremur æsku- og skólafélögum sínum í barnaskóla á Húsavík. Í hver annars munni hétu þeir Palli í Prestsholti, Óli Páll í Brimnesi, Kiddi í Veðramóti og Ádi í Grafarbakka. Full nöfn þeirra voru: Páll Þór Kristinsson, Óli Páll Kristjánsson, Kristinn Albertsson og Ásmundur Bjarnason. Allir höfðu þeir mikinn áhuga á frjálsíþróttum. Allir utan einn stunduðu þeir skíðaíþróttir á veturna en á vorin þegar túnin fóru að grænka fóru þeir félagar að venja komur sínar út á Höfða. Þar hlupu þeir, stukku og köstuðu spjóti, kringlu og kúlu. Kvöld eftir kvöld lölluðu þeir félagar norður fjöruna, klifruðu björgin upp á Höfða og tóku til við íþróttir sínar. Þau kvöld var iðandi mannlíf á Höfðanum, ungt fólk að æfa sig í íþróttum og góðborgarar að gleðja augu sín við að horfa á unga fólkið.

Ásmundi þótti sem þeir félagar hans væru miklir íþróttamenn. Þeir köstuðu og stukku lengra en hann. Sjálfur var hann aðeins

Páll Þór Kristinsson, sigurvegari í hástökki á Norðurlandsmóti 1951.



Ásmundur Bjarnason.



Óli Páll Kristjánsson.



Kristinn K. Albertsson.



Stefán Sörensson.

meðalskussi að eigin áliti. Þegar þeir félagar hans uxu úr grasi þá óx þeim einnig fiskur um hrygg. Þeir tóku þátt í íþróttamótum, settu met og unnu til verðlauna. Páll Þór Kristinsson var sigursæll í hástökki. Kristinn Albertsson tók þátt í Drengjameistaramóti Íslands árið 1945, varð annar í kringlukasti og þriðji í kúluvarpi. Óli Páll Kristjánsson keppti á Drengjameistaramóti Íslands 1947 og sigraði bæði í langstökki og þristökki.

Þótt Ásmundi þætti sem hann gæti ekki haft í fullu tré við æskufélaga sína í afrekum þá fór svo að íþróttiferill hans varð bæði langur og merkilegur. Hann fór ungur frá Húsavík og eftir skólagöngu á Laugarvatni og í Reykjavík bjó hann um skeið syðra, gekk í K.R. og naut þjálfunar hjá Benedikt Jakobssyni íþróttakennara. Ásmundur varð meðal þekktustu íþróttamanna þjóðarinnar. Hann var landsliðsmaður í frjálsíþróttum og setti met í sprett-hlaupum. Einnig keppti hann fyrir Íslands hönd á tvennum Ólympíuleikum og tveimur Evrópumestaramótum.

Áhugi á íþróttum og grunnþjálfunin sem Ásmundur Bjarnason fékk í Í.F. Völsungi ásamt sterkum vilja, reglusemi og ástundun fleytti honum langt og varð hann ungum Húsvíkingum fyrirmynd og hvatning til dáða.

Um líkt leyti var einnig syðra Húsvíkingurinn Stefán Sörensson sem keppti í þristökki og sprett-hlaupum fyrir ÍR. Hann var einnig landsliðsmaður og keppti á Ólympíuleikum og Evrópumótum. Meðal tólf íslenskra keppenda á Ólympíuleikunum í London 1948 voru því tveir Húsvíkingar, Ásmundur og Stefán og einnig Sigurður Jónsson Þingeyingur sem þá var meðal fremstu sundmanna landsins.

Gunnar Sigurðsson, síðar framkvæmdastjóri í Reykjavík, var um árabíl einn besti frjálsíþróttamaður Í.F. Völsungs. Hann var einnig góður skíðamaður. Vilhjálmur Pálsson var mjög fjölhæfur íþróttamaður og keppti fyrir Völsung á mörgum íþróttamótum. Hann varð drengjameistari í spjótkesti og kringlukasti á Íslandsmóti 1948.

Hér hafa aðeins fáeinir verið nefndir af fjölmörgum sem kepptu fyrir hönd Völsungs á þessum árum þegar mikil gróska var í frjálsíþróttastarfinu á Húsavík. Þeir sem héldu áfram þjálfun utan heimabyggðar náðu margir langt og það ber þjálfun og áhuga Húsvíkinga gott vitni. Á seinni hluta sjötta áratugarins fór að dofna yfir starfi frjálsíþróttar á Húsavík sem og annars staðar á landinu. Fáum sögum fór á þessum árum af frjálsíþróttaiðkun kvenna enda var lítið keppt í kvennagreinum þessara íþróttar.¹

Á dögum Ungmennafélagsins Ófeigs í Skörðum hafði verið

¹ Völsungur 50 ára, 14-20, 52.



keppt árlega í Saltvíkurhlaupi og Kaldbakshlaupi. Í fundargerð Völsungs, dagsettri 29. júní 1933¹, segir að félaginu hafi verið afhentir verðlaunagripir fyrir þessi hlaup. Þannig fékk Völsungur í arf frá Ungmennafélaginu Ófeigi í Skörðum að efna til hlaupanna og hélt áfram þeim síð í nokkur ár.

Árið 1944 voru Jakob og Jóhann Hafstein fluttir frá Húsavík. Þórunn móðir þeirra var þá látin fyrir nokkrum árum. Til minningar um hana gáfu þeir bræður Í. F. Völsungi fagran silfurbikar til að keppa um í víðavangshlaupi. Gjöfinni fylgdi bréf frá þeim dagsett 20. nóvember 1944. Í upphafi bréfsins segir að stofnendur Völsungs hafi þurft að glíma við vantrú margra á gerðum þeirra og viðgangi félagsins:

En móðir okkar skyldi [svo] allra manna bezt þann menningarbrag, sem felst í íþróttastarfi æskunnar í landinu til sjávar og sveita, og hún hvatti okkur til þess að halda áfram, leggja ekki árar í bát heldur sigrast á trúleysi og vantrausti annarra. Hún var spávís á hlutverk Völsunga í lífi Húsavíkur, og okkur er nú sem fyrr, ljóst að vonir hennar um félagið hafa ræzt.²

Bakkahlaup laust fyrir 1940. Lá leið hlauparanna um Stangarbakka og svæði sunnan Búðarár.

Fremri röð f.v.:

*Viðar Þórðarson,
Kristján Ásgeirsson,
Hörður Arnórsson,
Hreiðar Jósteynsson,
Halldór Þorvaldsson,
Jón Gunnar Björgólfsson.*

Aftari röð f.v.:

*Þórður Ásgeirsson,
Sigurður Hallmarsson,
Kári Arnórsson ?,
Haukur Haraldsson,
Höskuldur Sigurjónsson.*

1 Fundargerðabók Í. F. Völsungs 1932-50, Skjalasafn S-Þing. og Húsav., Hrp 117.

2 Skjalasafn S-Þing. og Húsav., Hrp 128.



Húsavíkurhlaup 17. júní 1945. Keppendur f.v.: Steingrímur Árnason, Hallmar Freyr Bjarnason, Helgi Jónasson, Bjarni Sigurjónsson, Guðmundur Hákonarson, Jón Ármann Jónsson, Adalgeir Þorgrímsson, Magnús Bjarnason. Stjórnandi hlaupsins Sigurður Pétur Björnsson með líðurinn.

Bikarnum fylgdi reglugerð og í henni er gert ráð fyrir að keppni um gripinn fari fram 17. júní ár hvert. Þriðja grein reglugerðarinnar hljóðar svo:

Keppa skal um bikarinn ár hvert í víðavangshlaupi, er nefnist Húsavíkurhlaupið. Enginn má taka þátt í hlaupinu, sem ekki er félagi í Í. F. Völsungi. Vegalengdin, sem hlaupin er, skal vera sem næst 3000 metrum. Skal hlaupið fara fram að allra mestu leyti í Húsavíkurbænum sjálfu, svo að sem flestum Húsvíkum gefist kostur á því að sjá og fylgjast með keppendum.¹


Húsavíkurhlaupið var háð í fyrsta skipti 17. júní 1945 og var liður í hátíðarhaldi þjóðhátíðardagsins. Keppendur voru átta. Næstu árin var keppt um Þórunnarbikarinn. Í reglugerðinni um bikarinn var kveðið svo á að keppendur um hann mættu ekki vera færri en fimm hverju sinni. Stundum fengust ekki svo margir til að taka þátt í hlaupinu og féll það þá niður í það skipti. Þegar þetta er ritað (1999) eru liðnir áratugir frá því að síðast var efnt til „Húsavíkurhlaupsins“ og keppt um Þórunnarbikarinn. Hann var farandgripur en vannst aldrei til eignar og er nú varðveittur meðal kjörgripa í safni Í. F. Völsungs.

¹ Skjalasafn S-Þing. og Húsav., Hrp 128.

Félagsmál

Fyrstu tólf árin voru allir stjórnarformenn Völsungs úr hópi stofnenda félagsins. Þetta voru Jakob Hafstein, Bjarni Pétursson, Jón S. Bjarklind, Albert Jóhannesson, Helgi Kristjánsson og Jóhann Hafstein.

Jóhann Hafstein var kosinn formaður 1936-38 en þá var vitað að hann yrði ekki heima að vetrinum svo að það var fyrirfram ákveðið fyrri árin tvö að Helgi Kristjánsson gegndi formannsstöðunni í fjarveru hans. Síðasta árið var Jónas Geir Jónsson kosinn



Jóhann Hafstein.



*Sigurður Pétur Björnsson
við fána Völsungs.*

*Skrúðganga 17. júní niður
sneiðing í Beinabakka.
Fremstur Ari Kristinsson,
næstur honum Sigtryggur
Albertsson.
(Laust fyrir 1950).*



formaður til bráðabirgða á fundi 9. september 1938 þar sem varaformaðurinn Sigurður Benediktsson gat ekki heldur gegnt starfinu.

Allir frumherjaformenn Völsungs utan Helga Kristjánssonar og Alberts Jóhannessonar fluttu frá Húsavík ungir að árum. Þeir sýndu þó ætíð síðan að þeir báru hlýjan hug til félags síns. Saga æsku þeirra heima á Húsavík og saga Í.F. Völsungs var samofin.

Marteinn Steingrímsson í Túnsbergi var í fyrsta knattspyrnuliði Völsungs og lengi síðan. Hann vann mikið að félagsmálum innan Í. F. Völsungs á fyrstu starfsárum þess, stjórnaði fundum og hafði forræði fyrir íþróttaflokkum við æfingar og í keppni.

Snorri Jónsson í Bergi og Benedikt Jónsson listmálari gengu snemma til liðs við Völsung. Snorri starfaði í félagsnefndum og Benedikt var í stjórn félagsins á annan áratug.

Jónas Geir Jónsson kennari var fyrsti formaður Völsungs sem ekki hafði verið stofnandi félagsins. Sigurður Pétur Björnsson tók við af Jónasi og var formaður Völsungs í samfelld sex ár, frá 1941 til 1947. Jónas Geir og Sigurður Pétur höfðu starfað með frumherjunum. Sigurður Pétur gekk í Völsung 1928, var kosinn í stjórn 1935 og var gjaldkeri félagsins allt til þess að hann gerðist formaður.

Frá árinu 1947 til 1958 gegndu eftirtaldir menn formannsstöðu í Í. F. Völsungi:

Lúðvík Jónasson	1947-1948
Eysteinn Sigurjónsson	1948-1949
Þórhallur B. Snædal	1949-1950
Arnþjóttur Sigurjónsson	1950-1952
Þórhallur B. Snædal	1952-1953
Aðalsteinn Karlsson	1953-1954
Sigurður Hallmarsson	1954-1955
Páll Þór Kristinsson	1955-1956
Lúðvík Jónasson	1956-1957
Vilhjálmur Pálsson	1957-1958

Innra félagsstarf Völsungs var oft glætt með ýmsum hætti. Faríð var í skemmtiferðir að Botnsvatni, um sveitir Þingeyjarsýslu, vestur í Kinnarfjöll og norður í Grímsey. Á meðan Völsungur var enn drengjafélag voru stundum kosnir tveir eða þrír drengir hverju sinni til að sjá um fræðslu- eða skemmtiefni á fundum. Eftir að stúlkur gengu í félagið var oft dansað að loknum almennum fundarstörfum. Til að efla dansinn útvegaði Baldur Bjarnason Völsungi hljómmagnara frá útlöndum árið 1950.

Árum saman helgaði Íþróttafélagið Völsungur sér annan dag jóla til að halda fjáröflunarsamkomu. Hún var haldin í Samkomuhúsinu á Húsavík og naut löngum almennrar hylli. Samkomugestir klæddust sínu besta skarti og til var það fólk á Húsavík sem í þann eina tíma á árinu sótti almenna skemmtisamkomu. Vandað var til samkomunnar og oft var mikið við haft. Margar nefndir voru skipaðar til starfa. Það þurfti að afla ýmiss konar fanga, skreyta aðalsal samkomuhússins, æfa leikþætti og söng, fá snjallan mann til að halda ræðu eða lesa upp og útvega tónlistarmenn til að leika fyrir söng og dansi.

Samkoman var ætíð formlega sett með stuttri ræðu eða ávarpi. Á eftir fór ýmiss konar skemmtiefni, til dæmis leikþáttur, söngur, fimleikasýningar og upplestur. Að lokum var stigin dans lengi fram eftir nóttu. Á neðri hæð hússins var efnt til leikja fyrir þá sem ekki dönsuðu. Þar gátu menn líka sungið af hjartans list eða spilað á spil.

Árið 1952 fékk Völsungur að tilhlutan H.S.Þ. leikstjórnann



Þórhallur B. Snædal.



Úr leikritinu *Prjá skálka*
1952. Fremsta röð f.v.:

Adalsteinn Karlsson,
Guðrún Þorgrímsdóttir,
Ólöf Ásgeirsdóttir,
Áslaug Valdimarsdóttir,
Kristín Haraldsdóttir,
Þorgrímur Sigurjónsson.
Miðröð f.v.:

Steinunn Valdimarsdóttir,
Sigríður M. Arnórsdóttir,
Bjarni Sigurjónsson,
Hreiðar Bjarnason, Ingi-
björg Steinsdóttir (leikstjóri),
Jörundur Ármann Guð-
laugsson,
Dagný Guðlaugsdóttir.
Aftasta röð f.v.:

Ragnar Kjartansson,
Hilmar Valdimarsson, Guð-
bjartur Davíð Guðlaugsson,
Halldór Þorvaldsson,
Halldór Ingólfsson,
Ingimundur Jónsson.

Ingibjörgu Steinsdóttur til að setja upp með Völsungum gaman-
leikinn *Prjá skálka*. Jóhann Björnsson málaði leiktjöld, Arnljótur
Sigurjónsson sá um ljósin og Steingrímur Birgisson annaðist
undirleik. Alls komu fram í sýningunni um tuttugu ungir leikar-
ar. Meðal þeirra voru Bjarni Sigurjónsson, Helgi Bjarnason,
Ingimundur Jónsson og Steinunn Valdimarsdóttir sem unnu síð-
ar mikið að leiklist hjá Leikfélagi Húsavíkur. Sýningar urðu
margar og voru þær mjög vel sóttar. Þannig stóð félagið fyrir
þroskandi æskulýdsstarfi á vetrum þegar iðkun ípróttar var minni
en á sumrin.

Tilbreyting á löngum vetrarkvöldum var vel þegin á Húsavík.
Veturinn 1954 efndi Völsungur til spilakvölda og bókmennta-
kynninga. Tvö mánudagskvöld í hverjum mánuði kom nokkur
hópur karla og kvenna saman í hótelinu við Garðarsbraut að
fræðast um skáld, spila á spil og spjalla saman. Hverju sinni var að-
eins kynnt eitt skáld. Dagskráin var jafnan á þá leið að fyrst var
flutt erindi um íslenskt skáld og lesið úr verkum þess, þá var spil-
að á spil um stund og síðan drukku menn kaffi og röbbuðu sam-
an. Yfir borðum voru afhent verðlaun fyrir spilamennskuna. Verð-
launin voru ætíð bók eftir þann höfund sem kynntur hafði verið
þá um kvöldið.

Þennan vetur voru alls sex höfundar kynntir. Þeir voru:

Skáld

Unnur B. Bjarklind (Hulda)
Einar H. Kvaran
Jónas Hallgrímsson
Þorsteinn Erlingsson
Jóhann Sigurjónsson
Jón Helgason

Kynnir

Sigurður Hallmarsson, kennari
Njáll Bjarnason, kennari
Arnljótur Sigurjónsson, rafvirki
Jóhannes Guðmundsson, kennari
Axel Benediktsson, skólastjóri
Helgi Hálfðanarson, lyfsali

Síðasta spílakvöldið var haldið annan í páskum og flutti Sigurður Gunnarsson skólastjóri þátt um tómstundavinnu barna og unglínga á Norðurlöndum og sagði frá hátíðahöldum Norðmanna 17. maí sem hann hafði verið viðstaddur. Síðan voru spíladar tuttugu og fjórar umferðir undir stjórn Þórhalls B. Snædal og varð Örn Jensson hæstur þetta kvöld en samanlagður sigurvegari fyrir öll kvöldin sjö var Hallmar Freyr Bjarnason sem fékk í verðlaun kristalsvasa og konfekt. Á eftir spílunum var drukkið kaffi og hafði hver með sér meðlæti en félagið lagði til kaffið og var það lagað í Samkomuhúsinu. Undir borðum las Sigurður Hallmarsson sögu og Örn Friðriksson spílaði nokkur lög á píanó. Að lokum var dansað og tekin upp sú nýbreytni að dansa í syrpum.

Fýrr þennan sama dag hafði félagið haldið hátíðarsamkomu fyrir fólk eldra en fimmtíu ára. Á þeirri samkomu voru haldnar ræður, lesið úr skáldverkum og karlakórinn Þrymur söng.

Í fámennu byggðarlagi er sérhverjum íbúa fátt mannlegt óviðkomandi. Félagasamtök mótask af því viðhorfi og Íþróttafélagið Völsungur tók þátt í hinu víðtæka samstarfi sem stóð að byggingu gamla sjúkrahússins á Húsavík.

Hugsjónamenn í Skógræktarfélagi Húsavíkur vildu koma upp trjágróðri við Botnsvatn. Þeir leituðu til nokkurra félagasamtaka á Húsavík og báðu um aðstoð við gróðursetninguna. Í hlut Völsungs komu 2000 plöntur og gróðursetningin fór aðallega fram á kvöldin. Safnast var saman við hús Pósts og síma. Þaðan óku bílstjórar með yngri og eldri Völsunga á vörubílspalli upp að Botnsvatni. Var gjarnan sungið við raust á leiðinni og fór það víst ekki fram hjá neinum hverjir voru þar á ferð.¹

¹ Um félagsstarfið sjá Fundargerðabækur Í.F. Völsungs 1932-50 og 1950-75, Skjalasafn S-Þing. og Húsav., Hrp 117.

Íþróttasalur skólanna

Bygging nýs barnaskóla hófst haustið 1954 og stóð næstu árin. Hákon Sigtryggsson teiknaði húsið og meðal þess sem fyrst var tilbúið var verknámsaðstaðan undir íþróttasalnum og salurinn sjálfur í febrúar 1959. Þá um haustið var hann tekinn í almenna notkun. Tilkoma þessa íþróttasalar hafði mikla þýðingu fyrir Völsung. Allt frá því að Völsungar hófu að æfa íþróttir í íþróttasal skólanna árla vetrar 1959 hefur starfsemi félagsins verið stöðug og samfelld allan ársins hring.


Íþróttasalur skólanna á Húsavík var lítill miðað við það sem síðar hefur þótt við hæfi. Hann var samt sem áður einhver ágætasti íþróttasalur við skóla á Íslandi á þeim tíma er hann var tekinn í notkun haustið 1959. Við salinn var áhorfendastúka með sætum fyrir nærfellt 200 manns og einnig voru rúmgóð búningsherbergi og baðklefar með heitu og köldu vatni. Völsungum þótti sem þeir hefðu himin höndum tekið er þeir fengu þar inni fyrir starfsemi sína. Áður en til þess kom þurfti Í.F. Völsungur að ná samningum við forráðamenn skólanna og við bæjarstjórn Húsavíkur um afnot af salnum.

Bæjarstjórn Húsavíkur sýndi í verki hug sinn til starfsemi Í.F. Völsungs og mat á nauðsyn hennar fyrir bæjarfélagið. Á bæjarstjórnarfundum 2. nóvember 1959 var samþykkt með öllum atkvæðum tillaga Einars Fr. Jóhannessonar að fela bæjarstjóra, formanni Völsungs og íþróttakennara skólanna að leysa málið Völsungi að kostnaðarlausu þannig að starfsemi gæti hafist þá þegar.¹

Þessi ákvörðun bæjarstjórnar lagði grunn að starfsemi Völsungs í íþróttasalnum og raunar einnig að góðum samskiptum félagsins og forráðamanna Húsavíkurbæjar löngum síðan. Að sínum hluta hélt Völsungur uppi öflugum íþrótt- og félagsstarfi fyrir æskufólk á Húsavík. Félagsmönnum fjölgaði verulega og fulltíða fólk hóf að nýta sér þá aðstöðu sem skapast hafði til íþróttaiðkana á vegum félagsins. Allt sótti þetta fólk skemmtun og lífsfyllingu til þessarar starfsemi félagsins.

Í.F. Völsungur fékk einkarétt á að nýta íþróttasalinn á veturna utan starfstíma skólanna í salnum. Nemendur gagnfræðaskólans og efstu bekkja barnaskólans tóku þátt í íþróttaiðkunum á vegum félagsins. Samskipti Völsungs og forráðamanna skólanna urðu mikil, góð og farsæl. Stjórn Völsungs samdi stundaskrá fyrir starfsemi félagsins í íþróttasalnum og settar voru reglur er Völsungum bar að hlíta og tryggðu góða umgengni og starfshætti í húsakynn-

1 Gerðabók bæjarstjórnar Húsavíkur 1951-60, Skjalasafn S-Þing. og Húsav., Hrp 145.



um skólanna. Íþróttakennarar skólanna voru þá hjónin Vilhjálmur Pálsson og Védís Bjarnadóttir sem voru einnig mjög virk í starfi Völsungs. Kom það í þeirra hlut að móta starfið í salnum og reglur um umgengni sem tókst mjög vel.

Samkomulagið við Húsavíkurbæ um afnot Í. F. Völsungs af íþróttasal skólanna var í fyrstu mótað með bréfum og fundasamþykktum. Fullmótað samkomulag var formlega sett á blað og undirritað 15. nóvember 1961. Í samkomulaginu var tekið fram að Völsungur fengi aðstöðuna ókeypis og bæjarsjóður tæki að sér að greiða aukalega þá húsvörslu sem yrði nauðsynleg vegna starfsemi félagsins í húsinu. Völsungi væri óheimilt að framleigja afnot sín til utanfélagsmanna og við ákvörðun á gjaldi félaganna fyrir aðstöðuna skyldu Völsungar taka mið af því að salurinn væri ókeypis. Ef seldur væri aðgangur að atburðum í salnum skyldi félagið greiða kostnað við húsvörslu og hreingerningu sem bærinn greiddi annars. Samkomulagið átti að gilda svo lengi sem því yrði ekki sagt upp og skyldi uppsögn bæjarins vera skrifleg og berast þremur mánuðum fyrir upphaf skólaárs.

Ráðinn var húsvörður sem lengst af var Halldór Bjarnason. Hann sá um gæslu og hirðingu á íþróttaalmunni á starfstíma Völsungs í þeim húsakynnum. Hann innheimti einnig þátttökugjöld

Úr íþróttasal skólanna þar sem Völsungur hafði aðstöðu til íþróttaiðkunar um árabil.

og félagsgjöld fyrir Völsung og var þannig starfsmaður félagsins en hlaut laun frá Húsavíkurbæ. Lengja þurfti starfstíma húsvarðarins nokkrum árum síðar vegna mikillar þátttöku í starfsemi Völsungs í íþróttahúsinu. Var salurinn notaður alla laugardaga og sunnudaga frá tíu árdegis og allt til hálf tólf sum kvöld vikunnar.¹

Sundlaug

Bygging sundlaugar á Húsavík átti sér langan aðdraganda en Húsvíkingar þekktu ýmsar frumstæðar lausnir eins og sundpolla og sundlaugina í fjörunni sem þegar hefur verið sagt frá. Í. F. Völsungur hafði öflugt frumkvæði að byggingu sundlaugarinnar og hófust afskipti félagsins 9. september 1938 með samþykkt tillögu frá Sigurði Péttri Björnssyni um að hvetja hreppsnefnd til að vinna að byggingu sundlaugar á Húsavík. Frá þeim tíma var Sigurður Pétur opinber talsmaður Völsunga í þessu máli, fyrst sem gjaldkeri og formaður Völsungs fram til ársins 1947 þegar hann lét af formennsku í félaginu. Í staðinn tók hann að sér sundlaugarmálið og varð formaður sérstakrar nefndar sem Völsungar kusu á aðalfundinum 1947. Ásamt honum voru kosnir í nefndina Jónas Geir Jónsson og Ari Kristinsson.²

Sundlaugarmálið tengdist strax í upphafi hugmyndum manna um jarðhita á Húsavík og í nágrenni. Öll ummerki bentu til jarðhita en boranir, sem hófust fyrst 1943, báru engan árangur.³ Ekki virtist koma til greina að hefjast handa fyrr en búið væri að ákveða hvar vatnið yrði tekið. Menn lifðu lengi í voninni um heitt vatn í bænum þar sem talið var of dýrt að leiða heita vatnið frá Hveravöllum. Þessi óvissa varð til þess að sundlaugarbygging var í sífelldri biðstöðu og ekki var hægt að teikna og hanna hana vegna vafans um hvort um væri að ræða sundlaug miðuð við jarðhita eða kolakyndingu. Þetta ástand kom fram aftur og aftur á fundum hjá Í. F. Völsungi.

Þrátt fyrir þessa óvissu var hafin fjársöfnun til sundlaugarbyggingarinnar með samkomuhaldi, krónuveltu og áheitaþjófum frá sjómönnum. Kom fram hjá Sigurði Péttri á almennum fundi hjá Völsungi 31. október 1949 að áætlaður kostnaður við byggingu sundlaugar væri þá um 300 þúsund krónur, sem skiptist þannig að

1 Þormóður Jónsson: Íþróttafélagið Völsungur. Handrit. Skjalasafn S-Þing. og Húsav., Hrp 269.

2 Fundargerðabækur Í. F. Völsungs 1932-50, 1950-75, Skjalasafn S-Þing. og Húsav., Hrp 117, Fundargerðabók sundlaugarnefndar 1948-57, Hrp 128. Sjá einnig „Bréfanir um byggingu sundlaugar“ og „Skrár yfir vinnuframlag til sundlaugarbyggingar“, Hrp 128.

3 Sjá *Sögu Húsavíkur II*, 132-136.

VÖLSUNGUR

gengst fyrir hátíðahöldum 17. júní til ágóða
fyrir væntanlega sundlaugarbyggingu í Húsavík




DANS verður stígninn í samkomu-
húsinu um kvöldið og hefst klukkan 9½
Aðgangur kr. 0,50 fyrir þá, sem bera merki dagsins

Í. h. J. J. Völsungur
Stjórnun

Auglýsing um hátíðahöld
17. júní (um 1940) sem
Völsungur gekkst fyrir til
ágóða fyrir væntanlega
sundlaugarbyggingu á
Húsavík.

ríkið greiddi 180 þúsund (60%) en heimamenn 120 þúsund og í
sjóði væru um 44 þúsund krónur. Jafnframt kom fram að ekki
væru tilbúnar teikningar af byggingunni og heldur ekki komið
fjárfestingarleyfi fyrir henni þrátt fyrir að fast hefði verið sótt eft-
ir því hjá Fjárhagsráði. Það gaf á þeim árum út leyfi fyrir öllum
framkvæmdum, stórum sem smáum, vegna fjármagnsskorts í sam-
félaginu. Voru um þær mundir í gildi strangar reglur um skömmt-
un á öllum sviðum.

Fjárhagsráð gaf loks út leyfi til að hefja byggingu sundlaugar
þann 4. maí árið 1951. Leyfið heimilaði byggingu undirstaða og
hálftrar 25x8 metra sundþróar. Nefndin hafði ákveðið ætlað að



Sundlaugin í byggingu á síðari hluta 6. áratugarins.

hafa laugina 25x8 metra og gat illa ráðið fram úr þessu en ípróttafulltrúi skilyrti framlag ípróttasjóðs við 16,67x7 metra laug og það varð raunin. Bygging sundlaugarinnar hófst þann 21. júlí þegar Sigurður Pétur Björnsson tók fyrstu skóflustunguna.

Sundlaugin var teiknuð hjá Húsameistara ríkisins. Eftir að byggingarleyfið lá fyrir var fjölgað í nefndinni og bættust þá við Friðfinnur Árnason, bæjarstjóri og Hákon Sigtryggsson, byggingarfulltrúi. Byggingarmeistari var Þórhallur B. Snædal á Húsavík og fyrirtæki hans Borg sf. sá um mest allt tréverkið, þar á meðal innréttingarnar. Aðrir meistarar byggingarinnar voru Arnljótur Sigurjónsson sem sá um raflögn, Arnviður Ævarr Björnsson sem sá um pípulögn, Jakob Snorrason, Ríkarður Pálsson og Sigurjón Parmesson múruðu og lögðu flísar, Haraldur og Jóhann Björnssynir máluðu. Sigurður Thoroddsen var verkfræðilegur ráðunautur við lögnina á leiðslu frá lindunum neðan við bakkann en Jón Ármann Jónsson og Hákon Tryggvason sáu um lögnina á leiðslunni.

Framkvæmdir gengu fremur hægt og lágu stundum alveg niðri þar sem ýmist vantaði leyfi, teikningar eða fjármuni. Á aðalfundi 8. desember 1956 var rætt um sundlaugarbygginguna og þar kom fram sú stefna sundlaugarnefndar að sundlaugin tæki ekki til starfa fyrr en hún væri fullgerð. Lýsti fundurinn yfir stuðningi sínum við



þessa stefnu. Allt skyldi tilbúið áður en starfsemi hæfist. Jafnframt voru nefndinni þökkun vel unnin störf og þakkirnar ítrekaðar á aðalfundi fjórum árum síðar þegar sundlaugin hafði tekið til starfa. Þá virðast einnig hafa verið uppi hugmyndir um að byggja yfir laugina en ekki varð úr þeim framkvæmdum.

Við upphaf byggingarinnar var ákveðið að taka vatnið í laugina í fjörunni og gerðar voru athuganir sem virtust sýna að vatnið væri nægilegt og hvorki minnkaði né kólnaði þó að því væri dælt upp. Til að auka rennslið var sprengt á þremur stöðum en síðan var ákveðið að taka vatnið úr svokallaðri Þvottalaug þar sem Ófeigur í Skörðum hafði sundþró áður. Vatnið var þar um 40°C heitt, innrennslið í sundlaugina nálægt 35°C og laugin sjálf um 30°C. Til að koma í veg fyrir að vatnsbólið fylltist af þara var steipt lokuð þró við uppsprettuna og komið fyrir brunndælu sem dældi vatninu upp á bakkann en eftir það rann það sjálft að sundlauginni. Vatnið hentaði prýðilega og urðu engin vandræði með það þann tíma sem þessi aðferð var notuð en sundlaugin var tengd við hitaveituna þegar hún var lögð.

Sundlaugin var vígð með viðhöfn 6. ágúst 1960 en þá hafði hún verið nánast tilbúin um nokkurt skeið. Sigurður Pétur Björnsson skráði Vikul á þessum tíma og þar segir:

Úr sundlauginni laust eftir 1960.



Sigríður Böðvarsdóttir.

Er nú laugin sjálf og tilheyrandi búningasklefar, gufubaðstofa, anddyri, afgreiðsla og kennaraherbergi allt að fullu frágengið á mjög vandaðan og smekklegan hátt. Er mikil ánægja ríkjandi yfir þeim merka áfanga, sem nú hefur náðst í þessu menningarmáli staðarins. Var laugin full skipuð allan fyrsta daginn sem vænta mátti.¹

Tilkoma sundlaugarinnar var fólki á Húsavík mikið fagnaðar efni. Börn á Húsavík gátu lært að synda á heimaslóðum en áður voru þau í sundnámi á Laugum eða Hveravöllum. Fulltíða fólk, sem lítt kunni til sundlistar, reyndi að ná betri tökum á sundi og fært sundfólk sótti lagina sér til ánægju og heilsubótar. Gufubaðið varð samkomustaður þar sem sagðar voru sögur og heimsfélur í rædd. Efnt var til sundmóta í lauginni og Völsungar æfðu sig í henni undir keppni.

Eftir að byggingarnefnd hafði skilað af sér var sett sérstök rekstrarnefnd fyrstu árin. Hana skipuðu Þormóður Jónsson, Vilhjálmur Pálsson, Stefán Finnbogason og Áskell Einarsson bæjarstjóri. Verkefni þessarar nefndar var að undirbúa rekstur sundlaugarinnar og hafa umsjón með honum eftir að sundlaugin tæki til starfa. Það þurfti að setja reglugerð, ákveða gjaldskrá, ráða starfsfólk, gera rekstraráætlun og kaupa rekstrarvörur.²

Vilhjálmur Pálsson tók að sér starf forstöðumanns fyrst í stað. Varð hann í því við mjög eindregnum tilmælum íþróttafulltrúa og nefndarmanna. Hann mótaði starfið í upphafi en vorið 1961 hætti hann og Sigríður Böðvarsdóttir tók við. Sigríður Böðvarsdóttir var síðan forstöðumaður sundlaugarinnar allt til ársins 1982 þegar Sveinn Rúnar Arason tók við og hefur hann veitt sundlauginni forstöðu síðan.

Rekstur sundlaugarinnar fór rólega af stað. Starfsmenn voru tveir og ráðið til viðbótar á sumrin. Starfstíminn var takmarkaður og skertur meira en hálft árið. Með aukinni aðsókn jukust umsvifin og árið 1998 var sundlaugin starfrækt tæpar 4000 klukkustundir yfir árið og gestir undanfarin ár hafa verið milli 60 og 70 þúsund á ári, með skólasundi. Öpið er nánast alla daga ársins. Sundnámskeið fyrir fimm, sex og sjö ára börn hafa verið á hverju ári frá 1991 og leiðbeinendur öll árin Björg Jónsdóttir og Jóhanna Guðjónsdóttir. Nánast öll börn á þessum aldri á Húsavík sækja þessi námskeið.


Kjallari var undir sundlaugarhúsinu og var hann óinnréttadur í upphafi. Kom til tals haustið 1960 að innrétta hann fyrir lögreglu-



Sveinn Rúnar Arason.

1 Vikull 1.-7. ágúst 1960, ljósrit, Skjalasafn S-Þing. og Húsav., Hrp 128.

2 Sjá Gjörðabók sundlaugarnefndar 1960-62, Skjalasafn S-Þing. og Húsav., Hrp 157. Síðasta fundargerðin í bókinni er dagsett 5. febrúar 1962.



varðstofu og fangaklefa en rekstrarnefnd sundlaugarinnar mælti harkalega gegn því og taldi fangelsi ósamrýmanlegt á stað þar sem kæmi fjöldi barna og unglinga. Einnig væri þetta óheimilt samkvæmt lögum um íþróttasjóð. Ekkert varð úr þessum áformum en í kjallaranum voru innréttaðir búningsklefar fyrir íþróttavellina árið 1962. Kjallarinn var innréttaður að nýju árið 1987, búningsaðstaðan var endurnýjuð fyrir Landsmót U.M.F.Í. og settir upp ljósabekkir og þrektæki ætluð sundmönnum. Nuddarar höfðu aðstöðu í kjallaranum á árunum 1992-95, lengst þeirra Kaja Joensen frá 1993 fram í ársbyrjun 1995.

Sundlaugin hefur frá upphafi þurft mikið viðhald og talsverð endurnýjun hefur farið fram á raflögnum, vatns- og hitakerfi og búnaði vegna viðhalds og aukinna krafna samkvæmt opinberum reglugerðum og vegna aukinnar þjónustu. Heitur pottur var fyrst tekinn í notkun við laugina árið 1980 og jók hann aðsóknina nokkuð. Ljósabekkur kom árið 1983 og var notaður í hvíldarherbergi við gufubað til ársins 1987 en þá var þeirri aðstöðu breytt og ljósalampanir fluttir í kjallarann. Árið 1990 var byggð ný barnalaug við sundlaugina og árið eftir var keypt til hennar lítill rennibraut og sveppur (gos). Barnalaugin hafði í för með sér verulega aukna aðsókn. Lóðin var stækkuð og heiti potturinn endurnýjaður árið 1994.

Sundlaugin árið 1999 eftir gagnngerar breytingar.



Úr Hlöðufelli 12. apríl 1992. Fjölskylda Hallmars Freys Bjarnasonar og frændur færa Völsungi að gjöf málverk af Hallmari Frey. F.v.: Jónas G. Jónsson, Vilhjálmur Pálsson, Guðrún Ingólfsdóttir, Krístrín Karlsdóttir, Ásmundur Bjarnason, Jón Ágúst Bjarnason.

Í maí 1998 hófust byggingarframkvæmdir við sundlaugina. Verkinu var skipt í nokkra áfanga og verktaki við fyrsta áfanga, að steypa upp fokhelt hús, var Stefán Óskarsson á Rein. Var verkinu lokið á árinu og einnig var steypdur nýr nuddpottur fyrir loft og vatnsnudd. Árið 2000 á að ljúka öðrum áfanga sem er að innrétta búningsklefa og ljúka efri hæð nýbyggingar auk þess að ljúka við nuddpottinn og laga bílaplan. Ekki er enn komið á áætlun að stækka sundlaugina sjálfa eða gera nýja 25 metra laug eins og frumkvöðlarnir ætluðu sér í upphafi.¹

Félagsheimili Húsavíkur

Íþróttafélagið Völsungur tók þátt í byggingu Félagsheimilis Húsavíkur. Bygging félagsheimilis var rædd á félagsfundi 29. september 1950 og tveim árum síðar boðuðu forráðamenn Völsungs til fundar með stjórnendum ýmissa félaga á Húsavík til að ræða um félagsheimilisbyggingu. Á þeim vettvangi var ekki meira aðhafst að sinni en 29. september 1958 var boðað til fundar um málið hjá bæjarstjóra Húsavíkur. Sigurjón Jóhannesson skólastjóri var fulltrúi Völsungs á þeim fundi.

¹ Um reksturinn og endurnýjun síðustu ára er stuðst við Ársskýrslur Húsavíkurkaupstaðar 1978-98. Einnig samtal við Svein Rúnar Arason í október 1999.

Á aðalfundi Völsungs 1. desember 1958 var samþykkt að Völsungur yrði þátttakandi í stofnun félagsheimilisfélags. Sigurjóni var veitt fullt umboð til að staðfesta aðild Í.F. Völsungs á fyrirhugðum stofnfundi. Stofnfundurinn var haldinn 8. febrúar 1959 og var Sigurjón kosinn formaður stjórnar félagsheimilisfélagsins.¹

Árið 1968 var jólasamkoma Völsungs haldin í fyrsta skipti í Félagsheimili Húsavíkur. Um haustið var aðalsalur félagsheimilisins enn mjög vanbúinn til þess að þar mætti efna til samkvæmis fyrir fólk í sparifötum. Hann var óeinangraður og án ljósa og hita, gólfíð var órykbundin sementssteypa, snyrtingar voru ekki við hæfi og í mörgu fleiru var salurinn ófullnægjandi.

Hallmar Freyr Bjarnason beitti sér fyrir því að Völsungar kæmu aðalsal félagsheimilisins í nothæft ástand með sjálfbodavinnu. Tug-ir sjálfbodaliða unnu dag eftir dag og kvöld eftir kvöld þar til svo vel hafði unnist að hægt var að halda jólasamkomuna í salnum.

Þetta sama ár tók Völsungur sérherbergi sitt í félagsheimilinu í notkun. Félagsfólk innréttaði það og málaði, kom upp hillum og gluggatjöldum og bjó það að öllu vel og snyrtilega. Þarna hafði félagið aðstöðu þar til það flutti í Hlöðufell 1989.

Íþróttahöllin

Fyrsta byggingarnefnd nýs íþróttahúss var skipuð árið 1974. Hún hóf þegar undirbúning að því að byggja stórt og vandað hús sem yrði skólaíþróttahús og jafnframt nýttist bæjarbúum til íþróttaiðkunar. Í samráði við íþróttafulltrúa ríkisins hófst mikil vinna við athugun á húsagerðum og teikningum. Skoðuð voru nýlega byggð íþróttahús. Fyrst var veitt fé til byggingarinnar árið 1977 og hönnun hófst fyrir alvöru árið 1980 en hún var í höndum Jósefs S. Reynis arkitekts í Reykjavík og Tækniþjónustunnar hf. á Húsavík. Bygging hússins hófst 4. apríl 1981 þegar Bjarni Aðalgeirsson bæjarstjóri og formaður byggingarnefndar tók fyrstu skóflustunguna og jarðvegsvinna hófst í kjölfarið.²

Árið 1982 var lokið við fyrsta áfanga hússins en það voru undirstöður, fylling í grunn og hluti gólfplatna. Annar áfangi var boðinn út um sumarið en það var að byggja upp húsið og gera það fokhelt. Samið var við Fjalar hf. sem átti lægsta tilboðið. Verkið var að mestu unnið 1984, uppsteypu var lokið og salurinn fokheldur. Árið 1985 voru gerðir tveir viðbótarsamningar við Fjalar hf. Annar var um steypu salargólfs og lagningu hitalagnar í sal en hinn var

1 Um byggingu og rekstur Félagsheimilis Húsavíkur má lesa á bls. 51-65. Sjá einnig Fundargerðabók Í. F. Völsungs 1950-75, Skjalasafn S-Þing. og Húsav., Hrp 117.

2 Gjörðabók Byggingarnefndar íþróttahúss 1974-1993, í vörslu Húsavíkurkaupstaðar. Einnig er stuðst við Ársskýrslur Húsavíkurkaupstaðar 1982-98.



Íþróttahöllin.

um einangrun salarþaksins og var þeim að mestu lokið í árslok. Var einnig samið við Fjalar um þann hluta verksins sem eftir var vegna Landsmóts U.M.F.Í. 1987 og verkinu haldið áfram árið 1986. Árið 1987 var síðan fullgerður sá áfangi sem ákveðið var að ljúka fyrir landsmótið. Lóðin var frágengin með trjám, runnum, stígum og lýsingu. Einnig var ný aðkoma að húsinu með bílastæðum og nánasta umhverfi var lagað og síðan girt til að vernda gróður. Stærð hússins var 2429 fermetrar og 15.135 rúmmetrar. Íþróttasalur var fullfrágenginn, búninga- og búninga- að mestu en eftir var að ganga frá veitingaaðstöðu, minni sal með búningasklefum og kennaraherbergjum.

Húsið var byggt sem skóla- og íþróttamannvirki og þátttaka ríkisins var í samræmi við það. Við húsið höfðu nær eingöngu unnið verktakar af heimaslóðum en aðkomumenn aðeins komið að frágangi á gólfi íþróttasalarins. Auk Fjalars hf. sá Norðurvík hf. um sökklana, Borg hf. um tréverk, Múrverk sf. um steypu á gólfi, Foss hf. um smíði loftræstingar sem Tækniþjónustan hannaði, Raftækjavinnustofa Gríms og Árna sá um raflögn, auk starfsmanna Húsavíkurbæjar sem einkum sáu um lóðina og unnu dag og nótt fyrir vígsluna.

Fyrsti opinberi kappleikurinn var háður í húsinu 7. mars 1987 þegar Völsungur sigraði Í.H. í 3. deild karla í handknattleik.



Formleg vígsla Íþróttahallarinnar fór fram 17. júní 1987. Heimamenn troðfylltu húsið og gestir fluttu ávörp og færðu gjafir. Guðmundur Bjarnason hafði orð fyrir þingmönnum, Pálmi Gíslason fyrir U.M.F.Í., Hermann Sigtryggsson fyrir Í.S.Í. og Sigurgeir Aðalgeirsson fyrir Völsung. Einnig tóku til máls Katrín Eymundsdóttir forseti bæjarstjórnar og Bjarni Aðalgeirsson formaður byggingarnefndar. Bjarni Þór Einarsson bæjarstjóri stýrði hátíðinni og séra Sighvatur Karlsson flutti blessunarorð. Meðal gjafa var markaklukkan sem Landsbanki Íslands, Olíufélag Íslands og Olíusölu-deild K.Þ. gáfu. Þetta var einnig hefðbundin 17. júní hátíð með kórsöng, íþróttum og ávarpi fjallkonunnar.¹

Fyrstu árin hafði æskulýðs- og íþróttafulltrúi umsjón með rekstri hallarinnar en árið 1990 var Valdimar Ingólfsson ráðinn forstöðumaður hússins. Stöðugildi voru þrjú og starfsmenn einnig. Árið 1988, sem var fyrsta heila árið í rekstri, var húsið notað frá 8-23 alla virka daga og frá 9-18 um helgar en einnig var bætt við þetta eftir þörfum vegna keppni og hátíða ýmiss konar. Starfstími hússins var 34 vikur. Má segja að þetta hafi verið notkunin á húsinu síðan og aðsókn alltaf mjög mikil.

Í sal íþróttahallarinnar.



Valdimar Ingólfsson.

¹ *Víkurblaðið* 11. mars og 24. júní 1987.

Framkvæmdir við að ljúka við húsið hófust árið 1989 með því að múra væntanlega kaffiteríu. Þarna var síðan settur upp milli-veggur og útbúnaar tvær kennslustofur sem Framhaldsskólinn fékk til umráða haustið 1990. Samið var við Timburtak hf. um að ljúka því sem eftir var. Fyrri áfangi verkins var unninn 1992 og tekinn í notkun um haustið. Þetta var leikfimi-/eróbiksalur, 86 fermetrar, vel búinn með mjúku gólfi, rimlum og speglum á veggjum og hljómflutningstækjum. Þarna er stunduð leikfimi, eróbik, borðtennis og boccia og eldri borgarar hafa fengið þarna inni fyrir leikfimi og boccia. Salurinn sannaði strax ágæti sitt, starfsemin jókst og einnig létti mjög á stóra salnum. Seinni áfanga frágangs var lokið árið eftir en það voru tveir búningsklefar, tvö kennaraherbergi og geymsla. Með því var allt húsið komið í notkun. Annað kennaraherbergið var leigt undir nuddstofu.

Af öðrum framkvæmdum við húsið má nefna endurbætur vegna brunavarna, uppsetningu á stjórn tölvu fyrir ljós og loftræstingu 1994, uppsetningu á kaðlabraut, 200 watta hátalarakúlu og tjöldum sem skiptu salnum í þrennt árið 1996. Jók það möguleika á nýtingu hússins. Einnig var auðveldað aðgengi fyrir fatlaða með því að malbika plön og göngustíga við inngang fyrir Íslandsmót fatlaðra í boccia haustið 1995. Annars er á hverju ári sinnt viðhaldi og endurbótum á húsinu og umhverfi þess.

Íþróttahöllin á Húsavík er fyrst og fremst íþróttahús sem skólarnir í bænum, Íþróttafélagið Völsungur og einstaklingar nýta til íþróttaiðkana. Það er einnig notað undir stórar samkomur, hljómleika, skemmtanir, ættarmót og vörusýningar. Nýting er mjög góð og húsið er í stöðugri notkun meira en þrjátíu vikur á ári.

Íþróttaiðkun hjá Völsungi eftir 1960

Bætt aðstaða til íþróttaiðkana á Húsavík í lok 6. áratugarins skóp forráðamönnum Í. F. Völsungs vettvang til mikilla athafna. Þeir urðu að vera stöðugir og ötulir í starfi til að halda uppi fjölþættri og þróttmikilli íþrótt- og félagsiðju. Vinnan bar ávöxt. Heimur ungs fólks á Húsavík varð annar en hann var áður. Göturáp á vetrarkvöldum lagðist að mestu niður en unglingar streymdu inn í íþróttasalinn til íþróttæfinga og leikja.

Samskipti við íþróttafélög utan héraðs jukust að mun. Hin næstu ár eftir 1960 sótti íþróttafólk frá Akureyri mjög til Húsavíkur til að keppa við Völsung í íþróttasalnum því að þá var þar fyrir vestan enginn jafn skemmtilegur íþróttasalur og salur skólanna á Húsavík.

Mestur var áhugi á handknattleik bæði pílta og stúlkna. Aðrar íþróttir voru þó stundaðar í salnum af miklum áhuga; badminton, blak, leikfimi, frjálsíþróttir, knattspyrna og enn fleiri íþróttagreinar. Félagsmenn í Völsungi, sumir lærðir en fleiri leikir, tóku að sér kennslu og þjálfun. Lengi fengu íþróttakennarar og leiðbeinendur enga þóknun fyrir störf sín. Síðar varð ekki komist hjá að launa lærða íþróttakennara og aðfengna íþróttþjálfara. Í skýrslu formanns Völsungs frá árinu 1963 segir að þá hafi starfað hjá félaginu þrettán íþróttþjálfarar, átta sjálfboðaliðar úr hópi félagsmanna og fimm aðfengnir og launaðir íþróttakennarar. Þá sem endranær var æft og keppt í íþróttum bæði utanhúss og innan.¹

Á síðari hluta sjöunda áratugarins var starfsháttum Í. F. Völsungs þokað í það horf að ráð hinna ýmsu íþróttagreina störfuðu nokkru sjálfstæðar en áður, hvert á sínum vettvangi. Þau höfðu þó ekki með höndum eigin fjárreiður. Mikið reyndi á ráðin og sérstaklega á formenn þeirra en þessir starfshættir efldu mjög alla starfsemi Í. F. Völsungs. Völsungar efldust til afreka bæði í flokkaíþróttum og einstaklingsgreinum. Hér á eftir mun verða fjallað um einstakar íþróttagreinar og reynt að gefa yfirlit yfir starfið og helstu atburði hjá ráðunum á árabílinu frá því um 1960 og fram á okkar daga.²

Knattspyrna

Nokkru fyrir 1960 var leikvangurinn á Aðalsteinstúni á Húsavík-urhöfða gerður að malarvelli fyrir knattspyrnu. Í kjölfar grósku í iðkun íþróttanna innanhúss á vetrum fylgdi áhugi á utanhússíþróttum á sumrin. Í hönd fór sá tími að á annað hundrað Völsungar stunduðu knattspyrnu innanhúss á vetrum eftir því sem við var komið til að vera sem best búnir undir átök sumarsins á knattspyrnuvællinum.³

Þekktir knattspyrnumenn og íþróttakennarar voru fengnir til

1 Þormóður Jónsson: Íþróttafélagið Völsungur, 29. Óprentað handrit, Skjalasafn S-Þing. og Húsav., Hrp 269.

2 Heimildir um þessa þætti um íþróttagreinar eru úr ýmsum áttum. Sameiginlega fyrir allar greinar eru skýrslur Völsungs sem birtast árlega í *Árbók Þingeyinga, Jólablöð Völsungs* 1978-98, Fundargerðabækur Í. F. Völsungs 1950-75, 1989-96, Skjalasafn S-Þing. og Húsav., Hrp 117, 266. Einnig útprint frá Ingólfi Freyssyni af fundargerðum stjórnarfundar 1996-98, Hrp 266. Þá er einnig stuðst við *Völsungur 50 ára* og Þormóður Jónsson: Íþróttafélagið Völsungur. Óprentað handrit, Hrp 269.

3 Til viðbótar við áður nefndar heimildir er í þessum þætti um knattspyrnu líka stuðst við leikskrár knattspyrnudeildar Völsungs, ýmsar skýrslur formanns og knattspyrnudeildar, ásamt ýmsum lausagögnum sem varðveitt eru í Skjalasafni S-Þing. og Húsav., Hrp 264-266. Þá er töluvert stuðst við Víðir Sigurðsson: *Íslensk knattspyrna*. Það rit kemur út á hverju ári og skoðuð voru árin 1983-98.



Líð Völsungs 1962.

Fremri röð f.v.:

Haflíði Jósteinsson,

Albert Sigtryggsson,

Pétur Bjarnason,

Fríðrik Þorsteinsson.

Aftari röð f.v.:

Adalsteinn Skarphéðinsson,

Hallmar Freyr Bjarnason,

Guðjón Finnbogason

(þjálfari),

Jón Þorsteinsson,

Halldór Ingólfsson,

Vilhjálmur Pálsson,

Micael Þórðarson.

að þjálfra Völsunga. Teknar voru upp reglulegar æfingar fyrir alla aldursflokka íþróttarinnar og reynt að sinna drengjum strax og þeir fengu áhuga á að sparka bolta. Knattspyrnuráð var fyrst kosid á aðalfundum á fimmta áratugnum en Hallmar Freyr Bjarnason og Júlíus Stefánsson áttu mestan þátt í að móta starfsemi þess um og eftir 1960.

Tekið var á móti knattspyrnuflokkum frá ýmsum félögum víða af landinu og farnar keppnisferðir til Austfjarða, Skagafjarðar, Siglufjarðar, Ólafsfjarðar og Akureyrar. Tvö dönsk unglingalið komu í heimsókn til Húsavíkur árið 1966 og var það í fyrsta sinn að erlent knattspyrnulið sótti Völsung heim.

Völsungar urðu sigursælir í knattspyrnu árið 1966 og lék meistaraflokkur sautján leiki, sigraði í tólf og gerði eitt jafntefli. Vilhjálmur Pálsson var þjálfari liðsins. Þessu starfi var haldið áfram og árið eftir var liðið í fyrsta skipti í 3. deild Íslandsmótsins þar sem það hafnaði í öðru sæti. Hefur Völsungur frá þeim tíma átt meistaraflokksslið í Íslandsmótinu. Þetta ár kom gullaldarlið Akraness og lék við Völsung í tilefni af fjórutíu ára afmæli félagsins. Sigruðu gestirnir 1:0.

Árið 1968 var þriðja árið í röð sem Vilhjálmur þjálfaði liðið og þá vann það 3. deildina og tók í fyrsta skipti þátt í bikarkeppni



K.S.Í. Næstu tvö árin var liðið í 2. deild, féll þá en tókst að komast upp aftur eftir eitt ár undir stjórn Halldórs Björnssonar sem einnig lék með liðinu. Árið 1969 var vígður nýr malarvöllur á Húsavíkurtúni. Unglingalandslið Íslands sigraði lið Völsungs 6:1 í vígsluleik sem háður var 29. mars.

Næstu árin var Völsungur í 2. deild og þjálfarar liðsins voru þekktir knattspyrnumenn, flestir að sunnan. Í bikarkeppninni komst liðið stundum í aðalkeppnina og náði alla leið í fjögurra liða úrslitin árið 1974 en tapaði þá fyrir Íslandsmeisturum Akraness í fjörugum og skemmtilegum leik á Húsavík. Á þessum árum kom fyrsti erlendi knattspyrnuþjálfarinn til starfa á Húsavík en það var Skotinn John McKernan sem þjálfaði alla flokka árið 1976. Hann kom fyrir milligöngu Hafsteins Guðmundssonar í Keflavík en var aðeins fyrra sumarið af tveimur sem samið var um. Þann 17. ágúst 1977 var vígður grasvöllur á Húsavíkurtúni og unnu Völsungar gífurlega sjálfbodaðavinnu við gerð hans. Knattspyrnufélagið Valur úr Reykjavík lék vígsluleikinn við Völsung en bæjarstjórn bauð til veislu í Félagsheimili Húsavíkur að leik loknum.

Árið 1978 gekk meistaraflokki illa og féll liðið í 3. deild en vann sig upp strax árið eftir undir stjórn Einars Friðþjófsssonar. Liðið var síðan í 2. deild og var árangurinn næstu árin þokkalega góð-

Sigurlið Völsungs í 3. deild Íslandsmóts í knattspyrnu 1968.

Fremri röð f.v.:

Eiður Guðjohnsen,

Inguvar Þorvaldsson,

Haflíði Jósteinsson,

Sveinn Rúnar Arason,

Hlífar Karlsson,

Gunnar Kjartansson,

Ásmundur Sverrir Pálsson.

Aftari röð f.v.: Vilhjálmur

Pálsson (þjálfari),

Jón Ágúst Bjarnason,

Viðar Baldvinsson,

Sigþór Sigurjónsson,

Albert Sigtryggsson,

Helgi Hallgrímsson,

Jón Guðlaugsson,

Sigurður Pétursson,

Gísli Halldórsson.



Sigurlið Völsungs sem komst í 1. deild 1986. Fremri röð f.v.: Magnús Hreiðarsson, Skarphéðinn Ívarsson, Sigurgeir Stefánsson, Haraldur Haraldsson, Þorfinnur Hjaltason, Vilhelm Fredriksen, Jónas Hallgrímsson, Björn Olgeirsson, Kristján Olgeirsson. Aftari röð f.v.:

Hallmar Freyr Bjarnason (form. Völsungs), Þórhallur Óskarsson (aðstoðarþjálfari), Bjarni Pétursson, Eiríkur Björgvinsson, Birgir Skúla-son, Helgi Helgason, Grétar Jónasson, Sveinn Freysson, Svavar Geirfinnsson, Sigmundur Hreiðarsson, Guðmundur Ólafsson (þjálfari).

ur. Það virtist sum árin hafa alla burði til að blanda sér í toppbaráttuna og sá langþráði draumur rættist þegar liðið vann sig upp í fyrstu deild í fyrsta skipti árið 1986.

Þjálfari liðsins var Guðmundur Ólafsson og allt gekk upp í stjórnun, leik og stuðningi. Völsungar stóðu þétt saman innan vallar sem utan. Í lokin var mikil og góð stemmning þegar Völsungar unnu síðasta leikinn heima á móti Selfossi og fengu bikarinn afhentan í Félagsheimilinu að viðstöddum 7-800 manns. Var útbúin sérstök gestabók að því tilefni og skrifuðu sig í hana um 900 manns. Formaður Völsungs og áður formaður knattspyrnudeildar, Hallmar Freyr Bjarnason, lýsti því í skýrslu sinni að hann tók sér vikufrí og hafði opið hús alla þá viku til hátíðabrigða.

Völsungar voru tvö ár í fyrstu deild. Fyrri árið einbeittu þeir sér að því að halda sér í deildinni sem tókst naumlega. Seinna árið var félagið í botnsæti allt sumarið og lagðist á eitt óheppni, skortur á sjálfstrausti og þjálfaraskipti á miðju sumri. Liðið féll og var aðeins eitt ár í 2. deild en féll eftir það í 3. deild. Ákveðið var að byggja mest á ungum heimamönnum fremur en að sækja menn út fyrir og jafnframt var ráðinn sovéskur þjálfari til tveggja ára til að annast uppbyggingarstarfið.

Þetta heppnaðist ekki sem skyldi og hefur það verið hlutskipti Völsunga flest árin síðan að sigla lygnan sjó um miðja þriðju deild. Sum árin hafa þeir þó blandað sér í toppbaráttuna og árið 1995 unnu þeir deildina með nokkrum yfirburðum undir stjórn Sigurðar Lárussonar. Árið eftir féll liðið á ný niður í 3. deild og næstu ár fór í sama farið. Sumarið 1998 var liðið um miðja deild með 23 stig og í umsögn kom fram að liðið hefði byrjað illa en endað vel. Jafnframt væri björt framtíð fólgin í öflugum yngri flokkum. Þjálfari var Kristján Olgeirsson.¹

Þátttaka í bikarkeppninni hefur ekki gengið vel og yfirleitt hafa Völsungar verið slegnir út snemma nema árið 1974 eins og áður er nefnt. Einnig komst liðið í átta liða úrslit árið 1987 en féll þá fyrir Val eftir framlengingu og vítaspyrnukeppni. Nokkur undanfarin ár hefur félagið tekið þátt í Íslandsmótinu í innanhússknattspyrnu og spilað þar ýmist í 2. eða 3. deild.

Þær aðstæður hafa skapast síðustu árin að mun erfiðara er að reka knattspyrnudeildina en áður var. Félagið getur illa haldið í efnilega yngri leikmenn þar sem stærri félögin bjóða þeim að koma til sín mun fyrr en áður. Þetta skapast af því að félög þurfa lítið eða ekkert að greiða fyrra félagi fyrir ungan, efnilegan leikmann. Hjá stærri félögunum er betri aðstaða, fleiri tækifæri og meiri peningar í boði. Það er mjög erfitt að reka knattspyrnudeild við þessar aðstæður. Félagið elur upp leikmenn en nýtur krafta þeirra í meistaraflokki mun skemur en áður. Margir þeirra ná síðan langt með öðrum liðum, innanlands sem utan.

Barna- og unglingastarf hefur verið bæði viðamikilið og afar þýðingarmikið á Húsavík. Yngri flokkarnir hafa notið góðs af góðum þjálfurum meistaraflokks sem hafa yfirumsjón með þjálfun allra flokka. Fyrst tóku yngri flokkar þátt í Íslandsmótinu árið 1972 og framan af árum voru það einkum 3., 4. og 5. flokkur. Síðar bættist 6. flokkur við og stöku sinnum hefur 2. flokkur verið með. Árangur hefur verið upp og ofan en aldrei hefur yngri flokkur pilta orðið Íslandsmeistari. Oft hafa lið Völsungs staðið sig vel, komist í úrslitakeppnina í ýmsum flokkum eða verið ofarlega í sínum riðli.

Sérstakur knattspyrnuskóli var settur á stofn árið 1982. Í honum voru fyrsta árið þrjátíu drengir og hafði Hörður Helgason frá Akranesi, þjálfari meistaraflokks, yfirumsjón með honum. Lauk skólanum með tækniþrófi þar sem nokkrir drengjanna náðu svokölluðu bronsmerki K.S.Í. Ekki var reglulegt framhald á þessu skólalahaldi en það hefur verið endurvakið nokkrum sinnum.

Árið 1985 var stofnað sérstakt unglingaráð sem hefur gefið



Sigurður Lárusson.



Guðmundur Ólafsson hampar bikarnum sem veitir sæti í 1. deild.



Einar Friðbjólfsson hampar hér Íslandsbikarnum í 3. deild 1979.

¹ Viðir Sigurðsson: *Íslensk knattspyrna* 1998, 78.



*Kristinn Jörundsson þjálfari
ásamt liði sínu 1973.*

10 - 12 ára kappar.

Fremri röð f.v.:

Óskar Jóhannsson,

Bjarni Pétursson,

Þórður Viðarsson,

Jónas Óskarsson,

Arnór Guðjohnsen,

Gunnar Straumland,

Kristján Eiddsson,

Eiríkur Sigurðsson,

Steingrímur Jónsson.

Aftari röð f.v.:

Friðrik Jónasson,

Friðbjörn Óskarsson,

Birgir Skúlason,

Björn Olgeirsson,

Sigmundur Hreiðarsson,

Adalsteinn Baldursson,

Leifur Grímsson,

Jón Hrafn Björnsson.

góða raun og unnið mikið starf. Til dæmis gerði ráðið æfingarsvæði á svokölluðu Flataholti (Króklágarholti) árið 1993. Var þar unnin mikil sjálfbodavinna undir stjórn Adalsteins Baldurssonar með stuðningi bæjaryfirvalda og fyrirtækja í bænum. Foreldrastarf er ómetanlegur stuðningur við knattspyrnuíðkun ungmennanna í bænum.

Góður árangur yngri flokkanna í knattspyrnu hefur leitt til þess að Völsungar hafa verið valdir í úrvalslið Íslands í sínum aldursflokki. Fyrstir til þess voru þeir Kristján Olgeirsson og Helgi Helgason árið 1976 og aftur 1977 en þeir voru valdir í unglingalandsliðið og var Kristján fyrirliði liðsins 1977. Aðrir, sem hafa notið þessa heiðurs á meðan þeir voru félagar í Völsungi, eru Olgeir Sigurðsson, Sigþór Júlíusson, Guðni Rúnar Helgason, Arngrímur Arnarson og Kristján Örn Sigurðsson.

Stúlkur hafa eflaust leikið sér í knattspyrnu á Húsavík eins og annars staðar en fyrst sjást þær nefndar í keppni undir merkjum Völsungs árið 1979 þegar þær urðu héraðsmeistarar. Næstu árin tóku þær þátt í héraðsmótum og einnig í bikarkeppni K.S.Í. 1981 og 1982 þar sem þær náðu inn í átta liða úrslit bæði árin. Fyrsta þátttaka kvennaliðs í Íslandsmóti var árið 1987 þegar 2. flokkur reið á vaðið og hann var fulltrúi kvennaknattspyrnunnar á Húsa-



vík næstu árin. Árið 1990 sendi félagið í fyrsta sinn lið í efsta flokki kvenna og tók það þátt í 2. deild en það ár var enginn unglíngaflokkur frá félaginu. Árangur var slakur og ekki var meistaraflokkur kvenna með aftur fyrr en 1993. Aftur var árangur slakur og síðan hefur meistaraflokkur kvenna frá Húsavík ekki tekið þátt í Íslandsmótinu. Unglingaflokkar voru þátttakendur árin 1992-94 en síðan hafa kvennalið í knattspyrnu ekki tekið þátt í Íslandsmóti.


Þegar umsvif knattspyrnudeildar jukust urðu fjármálin sífellt stærri og erfiðari þáttur í starfseminni. Kostnaður við þjálfun, ferðalög og leikmenn hefur margfaldast en aðsókn að leikjum á Húsavík telst aðeins í meðallagi góð. Deildin hefur í mörg ár gefið út leikskrár með auglýsingum, dagatöl og selt auglýsingar á skilti við knattspyrnuvöllinn. Jafnframt hafa verið auglýsingar á búningum félagsins. Aðal styrktaraðili knattspyrnunnar á Húsavík var um nokkurn tíma K.Þ. og auglýsti ýmis vörumerki sem það hafði umboð fyrir í samvinnu við aðalumboðsmenn þeirra, t.d. Þýsk-íslenska félagið, Essó og Puma á Íslandi (Ágúst Ármann heildverslun). Einnig var samið við umboðsaðila Hummel á Húsavík en það var Bókaverslun Þórarins Stefánssonar. Síðustu árin hefur Skipaafgreiðsla Húsavíkur ehf. (S.A.H.) auglýst á búningum knattspyrnudeildar Völsungs.

Skot geigar hjá Kristjáni Olgeirssyni. Markmaður liggur í valnum.

Sigurður Illugason t.h.



Arngrímur Arnarson.



Halldór Bjarnason.

Baldur Aðalsteinsson
plástrður en hefur hlotið
sárabætur.



Gardar Jónasson.



Þrátt fyrir mikinn dugnað við fjáröflun hefur aðalsjóður Völsungs nokkrum sinnum þurft að hlaupa undir bagga með knattspyrnudeild þegar hún hefur safnað skuldum langt umfram greiðslugetu. Þetta var einkum á árunum kringum 1990 þegar samdráttur í tekjum vegna erfiðleika í atvinnulífinu varð á sama tíma og kostnaður vegna launa og ferðalaga jókst mikið. Samfara þessu varð sífellt erfiðara að fá fólk til starfa vegna ábyrgðarinnar sem fólst í því að fjármagna reksturinn án þess að eiga mikla von í að endar næðu saman.

Fjölmarginir hafa komið að starfi deildarinnar sem þjálfarar og stjórnarmenn við fjáröflun og sjálfbodastarf. Til dæmis hafa knattspyrnudeildarmenn séð um rekstur og viðhald á íþróttavöllum bæjarins, fyrst einir en síðan með aðstoð bæjarstarfsmanna. Þá sjá knattspyrnudeildarmenn og aðstoðarmenn þeirra um alla framkvæmd vegna leikja.



Formenn knattspyrnudeildar frá 1969 ¹

Halldór Bjarnason	1969-74
Hallmar Freyr Bjarnason	1975-79
Sigurður Pétursson	1979-83
Kári Arnór Kárasen	1984-85
Ævar Ákason	1986
Árni G. Gunnarsson	1987
Ingólfur Freysson	1988
Ævar Ákason	1989-90
Haflíði Jósteinsson	1991
Ævar Ákason	1992
Garðar Jónasson	1993-96
Jón Arnar Baldursson	1997-98
Sigpór Jónsson	1999

Kvennalíð í knattspyrnu
1993. Aftari röð f.v.:
Sveinn Pálsson (hjálfari),
Sædís Guðmundsdóttir,
Eyrún Sveinsdóttir,
Jóna Óskarsdóttir,
Sóley Sigurðardóttir,
Rannveig Þórðardóttir,
Ágústa Tryggvadóttir,
Ólöf Þórðardóttir,
Berglind Ingólfsdóttir,
Hrönn Ívarsdóttir,
Arnún Sveinsdóttir,
Jóna B. Gunnarsdóttir.
Fremri röð f.v.: Karólína
Skarphéðinsdóttir,
Erla Gunnarsdóttir,
Elín Pálmadóttir,
Rannveig Guðmundsdóttir,
Guðrún H. Vilmundardóttir,
Júlía Sigurðardóttir,
Elsa Þóra Árnadóttir.

¹ Þormóður Jónsson útvegaði réttar tímasetningar í þessa samantekt á formönnum knattspyrnudeildar með því að tala við ýmsa þá sem áttu hlut að máli. Einnig var samtal við Ævar Ákason í október 1999



Fyrstu Íslandsmeistarar
Völsungs utan húss,
2. fl. kvenna 1969.

Fremri röð f.v.:

Katrín Freysdóttir,
Herdís Snorradóttir,
Jónína Sigurðardóttir,
Ásthildur Bjarnadóttir,
Hafdís Harðardóttir.

Aftari röð f.v.:

Björg Jónsdóttir,
Hulda Skúladóttir,
Sigfríður Sigurbjarnardóttir,
Arnþrúður Karlsdóttir,
Sveinn Pálsson (þjálfari).
Á myndina vantar Önnu
Ólafsdóttur og
Guðrúnu Adalsteinsdóttur.

Handknattleikur

Mjög almennur áhugi var á handknattleik, sér í lagi handknattleik stúlkna. Fólk á Húsavík fylgdist með gengi þeirra í keppni af lífi og sál. Í fyrstu eftir að íþróttasalur skólanna kom til orðu stúlkurnar að þola stóra skelli í keppni á opinberum mótum en að því kom að stúlknaðið Í. F. Völsungs orðu mjög sigursæl. Þau orðu sigurvegarar á landsmótum Ungmennafélags Íslands og náðu að verða Norðurlands- og Íslandsmeistarar.¹

Vilhjálmur Pálsson, íþróttakennari, var þjálfari og leiðtogi handknattleiksfélks á Húsavík. Hann ól upp ungt fólk til hæfni og lifandi áhuga á starfi á þeim vettvangi og má þar nefna Svein Pálsson, Björgu Jónsdóttur, Guðmund Jónsson og Gísla Haraldsson.

Árið 1963 var í fyrsta skipti haldið Íslandsmót utanhúss á Húsavík frá 1942. Keppt var í öðrum aldursflokki kvenna í handknattleik. Þátttakendur voru íþróttafélögin Ármann, Fram og Valur frá Reykjavík, Breiðablik úr Kópavogi og Völsungur á Húsavík.

Annar aldursflokkur Í. F. Völsungs varð Íslandsmeistari í hand-

1 Auk fyrrgreindra heimilda (sjá tilvísun 2 á bls. 157) hefur hér verið stuðst við leikskrár handknattleiksdeildar og sérstakar leikskrár fyrir Toyota og K.P. mótin.



knattleik kvenna árið 1969. Mótið var haldið í Neskaupstað og háð utanhúss. Þetta sama ár léku Völsungarnir, Arnþrúður Karlsdóttir og Björg Jónsdóttir með landsliði Íslands í Svíþjóð á Norðurlandamóti fyrir unglinga.

Lið Völsungs í þriðja aldursflokki stúlkna varð Íslandsmeistari í handknattleik innanhúss árið 1970 og sama ár varð 1. flokkur Íslandsmeistari innan- og utanhúss svo að handknattleiksdeild átti þrjá flokka sem sigruðu á Íslandsmóti árið 1970. Árið eftir sá Húsavíkurbær um að malbika handknattleiksvöll austan við barnaskólann. Í ágúst það ár var haldið þar Íslandsmót 2. flokks stúlkna og tókst framkvæmdin mjög vel. Þrjár stúlkur úr Völsungi, Arnþrúður Karlsdóttir, Björg Jónsdóttir og Sigþrúður Sigurbjarnardóttir, æfðu með landsliðinu veturinn 1972.

Árið 1973 var viðburðaríkt í handknattleik á Húsavík. Félagið tók þátt í Íslandsmóti innanhúss í 2. og 3. flokki kvenna, 4. flokki karla og meistaraflokki karla sem lék í 3. deild. Heimavöllur liðsins var í Íþróttaskemmunni á Akureyri og sigraði liðið í 3. deild með nokkrum yfirburðum. Stúlkurnar urðu meistarar í báðum flokkum og drengirnir komust í úrslitakeppnina. Um sumarið var Íslandsmeistaramót kvenna utanhúss háð á Húsavík við góðar aðstæður.

Íslandsmeistarar í handknattleik karla í 3. deild 1973.

Fremri röð f.v.:

*Bjarni Sveinsson,
Bjarni Ásmundsson,
Baldur Karlsson,
Guðmundur Jónsson,
Tryggvi Bessason,
Arnar Guðlaugsson (þjálfari).*

Aftari röð f.v.: Jóhannes

*Sigurjónsson (liðsstjóri),
Gísli Haraldsson,
Sveinn Pálsson,
Sveinn Rúnar Arason,
Sigurður Pétursson,
Bjarni Bogason,
Sigurður Sigurðsson,
Magnús Torfason,
Hallmar Freyr Bjarnason
(varaformaður Völsungs).*



Íslandsmeistarar stúlkna inn- og utanhúss 1976. F.v.: Aftari röð f.v.: Magnús Þorvaldsson (þjálfari), Hulda Jónsdóttir, Pálína Hinriksdóttir, Svanhvít Helgadóttir, Margrét Jónsdóttir, Sólveig Jónsdóttir, Sveinn Pálsson (þjálfari). Fremri röð f.v.: Ingibjörg Helgadóttir, Jóhanna Guðjónsdóttir, Sigurhanna Sigfúsdóttir, Linda Stefánsdóttir, Friða Sólrún Rúnarsdóttir.



F.v.: Björg Jónsdóttir og Arnþrúður Karlsdóttir.

Árið eftir gekk meistaraflokkur karla illa í 2. deild og ekki varð framhald á þátttöku hans að sinni. Árið 1975 voru tveir flokkar frá Völsungi á Álaborgarleikunum í Danmörku og stóðu þeir sig mjög vel. Stúlknaflokkur var í öðru sæti og piltarnir sigruðu í sínum flokki en tóku einnig þátt í knattspyrnu þar sem þeir urðu í þriðja sæti. Þeir léku níu leiki í þessum greinum á sex dögum. 2. flokkur stúlkna varð Íslandsmeistari inn- og utanhúss 1976 en utanhússmótið var á Húsavík. Liðið varð einnig meistari utanhúss 1977 og þetta stúlknalið Völsungs sigraði einnig á Landsmóti U.M.F.I. á Selfossi árið 1978. Þetta var eftirminnilegur leikur sem vannst á hlutkesti þegar jafnt var eftir framlengingu og vítakeppni. Þá fóru tveir flokkar til Álaborgar 1979 og stóðu sig vel.

Eftir þetta lenti handboltinn á Húsavík í nokkurri lægd vegna aðstöðuleysis og næstu árin dróst félagið aftur úr þegar aðstæðan batnaði annars staðar á landinu. Áhugi var fremur lítill, fáir æfðu en reynt var að halda uppi starfi í yngri flokkunum til að halda hefðinni við og geta sett fullan kraft í starfið þegar nýtt íþróttahús kæmist í gagnið. Einnig var reynt að taka þátt í Íslandsmótinu í þessum flokkum og var heimavöllurinn á Laugum frá 1982 þar sem hluti æfinga fór einnig fram.

Árið 1985 tók handknattleikurinn við sér á ný sem varð til þess



að karlalið hóf þátttöku í Íslandsmótinu um haustið. Þann 20. nóvember æfði liðið við frumstæðar aðstæður í fyrsta skipti í nýju Íþróttahöllinni sem var langt frá því að vera tilbúin. Árangur var slakur, fáir æfðu, reynslu skorti en menn gáfust ekki upp og hefur Völsungur sent meistaraflokkslið karla á Íslandsmót flest ár upp frá því.

Íþróttahöllin komst í gagnid fyrri hluta árs 1987 og var formlega vígð 17. júní en þremur dögum síðar fór fram landsleikur í handknattleik á milli Dana og Íslendinga sem Danir unnu. Með tilkomu Íþróttahallarinnar urðu þáttaskil í starfsemi handknattleiksdeildar sem gat nú boðið upp á völl sem stóðst allar alþjóðlegar kröfur. Iðkendur, sem stunduðu reglulega handboltaæfingar, urðu fleiri en áður. Meistaraflokkur karla var áfram í 3. deild og mikil endurnýjun varð í liðinu. Hjá yngri flokkunum urðu þær breytingar að í stað landshlutariðla í Íslandsmótinu var liðunum deildaskipt og andstæðingarnir gátu verið alls staðar að af landinu. Völsungar byrjuðu á botninum leikárið 1988-89 með 3., 4. og 5. flokk karla og 3. og 4. flokk kvenna. Hinn aukni kostnaður sem af þessu leiddi varð til þess að handknattleiksráð leitaði til foreldra um meiri aðstoð við heimaleiki og akstur. Undirtektir urðu mjög góðar þar sem foreldrar vildu að börnin tækju þátt í mótum

Sigurvegarar í handknattleik karla, 3. deild 1990.

Aftari röð f.v.:

*Arnar Guðlaugsson (þjálfari),
Haraldur Haraldsson,
Vilhjálmur Sigmundsson,
Jóhann Pálsson,
Örvar Þór Sveinsson,
Tryggvi Þór Guðmundsson,
Ásmundur Arnarsson.*

Fremri röð f.v.:

*Jónas Emilsson,
Jónas Grani Gardarsson,
Eiríkur Guðmundsson,
Heiðar Dagbjartsson,
Jón Höskuldsson,
Arnar Bragason.*



Handknattleikslíð drengja, 4. flokkur, árið 1989. Nedri röð f.v.: Sigþór Júlíusson, Róbert Skarphéðinsson, Heimir Kristinsson, Valur Guðmundsson, Karl Hilmarsson, Stefán Stefánsson, Árni Guðmundsson. Aftari röð f.v.: Ingvar Dagbjartsson (þjálfari), Haukur Viðarsson, Örn Þórðarson, Hólmgeir Ólason, Guðjón Tryggvason, Matthías Pétur Sigurðsson, Óli Halldórsson, Jónas Emilsson (þjálfari).



Steingrímur Hallgrímsson.

áfram. Hins vegar voru áhorfendur mjög fáir á heimaleikjunum og því hvatti handknattleiksráð foreldra og aðra aðstandendur til þess að mæta í höllina til að hvetja lið Völsungs á heimaleikjum.

Með auknum umsvifum og þátttöku í öllum flokkum varð fjárþörf handknattleiksráðs sífellt meiri. Til að afla fjár voru gefnar út leikskrár, seldar auglýsingar á skilti í höllinni í samvinnu við aðra og einnig hóf deildin að halda sérstakt vormót fyrir yngstu flokkana. Þetta mótshald hófst vorið 1990 og var í fyrstu fyrir 6., 5. og 4. flokk og þátttakan var staðbundin við næsta nágrenni. Styrktaraðili mótsins fyrstu árin var Toyota-umboðið á Íslandi, P. Samúelsson hf. og Bílaleiga Húsavíkur, umboðsaðili Toyota á Húsavík. Toyota-mótið festist í sessi og var sótt af um 500 börnum alls staðar að af landinu. Eftirspurnin varð svo mikil að ekki varð pláss fyrir 4. flokk.

Árið 1994 var skipt um styrktaraðila, K. Þ. tók við og mótið heitir síðan K. Þ.-mótið og var frá þeim tíma aðeins fyrir 5. flokk. Mótið stendur yfir eina helgi um mánaðamótin apríl/maí. Keppt er í



Sigurveggarar í handknattleik á Álaborgarleikum 1979. Fremri röð f.v.: Þórður Viðarsson, Birgir Mikaelsson, Guðmundur Sigurjónsson, Bjarni Pétursson, Sveinn Freysson. Aftari röð f.v.: Björn Olgeirsson, Leifur Grímsson, Hörður Benónýsson, Jón Ingi Guðmundsson, Jón Kristinn Haraldsson, Friðrik Jónasson.

A, B og C liðum drengja og stúlkna. Svona stórt mót krefst mikillar vinnu og skipulagningar þegar um fimm hundruð börn frá allt að tíu félögum, þjálfarar og foreldrar koma til Húsavíkur. Mótið er vinsælt og komast færri lið að en vilja. Börn um allt land hlakka til þessa stórmóts allan veturinn enda er það eins og punktur aftan við vetrarstarfið og með talsvert léttari blæ en Íslandsmótið. Mótið hefur skilað handknattleiksdeild umtalsverðum tekjum vegna öflugs stuðnings K. Þ. og mikillar vinnu sjálfbóðaliða á vegum deildarinnar.

Handknattleiksráð, síðar handknattleiksdeild, hefur verið starfandi frá fimmta áratugnum. Fyrstu árin voru eingöngu stúlkur í ráðinu enda fyrst og fremst stúlkur sem léku handknattleik. Eftir að íþróttahús skólanna var tekið í notkun komst meiri festa á starfsemi handknattleiksráðs er Vilhjálmur Pálsson varð formaður 1962.



Friðrika Guðjónsdóttir.



Ingvar Þorvaldsson.



Stefán Kristjánsson.



Kristjana Jónsdóttir.

Formenn handknattleiksdeildar frá 1962¹

Vilhjálmur Pálsson	1962-66
Sveinn Pálsson	1966-70
Hermann Jónasson	1970-71
Þuríður Freysdóttir	1971-72
Bjarni Bogason	1972-74
Steingrímur Hallgrímsson	1974-80
Friðrika Guðjónsdóttir	1980-84
Þorkell Björnsson	1984-89
Bjarni Ásmundsson	1989-92
Haraldur Haraldsson	1992-94
1994-95 var formannslaust en Ingólfur Freysson form. aðalstjórnar tók að sér stjórn deildarinnar.	
Jakob S. Bjarnason	1995-99
Jón Höskuldsson	1999

Frjálsíþróttir

Framan af höfðu Húsvíkingar heima fyrir hvorki hlaupabrautir né önnur mannvirki fyrir iðkun frjálsíþróttar utanhúss. Á veturnum voru æfðar frjálsíþróttir í íþróttasal skólanna. Ingvar Þorvaldsson húsamálari, listmálari og kunnur íþróttamaður, veitti ungum Völsungum tilsögn. Á sumrin sótti ungt fólk að Laugum í Reykjadal. Þar var sæmilegur frjálsíþróttavöllur og voru þar haldin héraðsmót og landsmót. Héraðssamband Suður-Þingeyinga stóð fyrir frjálsíþróttæfingum og fékk til þess lærða þjálfara. Hjónin Stefán Kristjánsson og Kristjana Jónsdóttir störfuðu oft á þeim vettvangi með góðum árangri. Þau voru bæði íþróttakennarar. Stefán var frá Húsavík en flutti ungur til Reykjavíkur. Hann var félagi í Völsungi frá æsku en þann tíma er þau hjónin stunduðu íþróttakennslu á vegum H.S.Þ. að Laugum gerðist Kristjana einnig félagsmaður og keppti fyrir Völsung á íþróttamótum.

Hinar sameiginlegu frjálsíþróttæfingar félaga innan H.S.Þ. juku kynni og sameinuðu ungt fólk í Suður-Þingeyjarsýslu. Margir Völsungar störfuðu á þeim vettvangi og náðu að verða allgóðir frjálsíþróttamenn. Þeir tóku þátt í Landsmótum U.M.F.I. og fleiri frjálsíþróttamótum. Þetta samstarf innan H.S.Þ. hefur einkennt starf frjálsíþróttadeildar Völsungs en á innanhéraðsmótum kepptu Völsungar fyrir sitt félag, reyndust yfirleitt stíghæstir og

¹ Ingólfur Freysson gaf upplýsingar um formenn eftir 1990.



voru leiðandi í frjálsíþróttum í héraðinu. Í frjálsíþróttum, líkt og í öðrum íþróttagreinum, eignaðist Í.F.V. afreksmenn og Íslandsmeistara í unglingaflokkum en þegar slíkir íþróttamenn náðu árangri í fullorðinsflokkum kepptu þeir oftast fyrir félög í Reykjavík.

Um og upp úr 1970 var aðstaðan léleg eins og fyrr segir. Um þetta leyti var Guðni Halldórsson mestur afrekismaður Völsunga. Hann setti héraðsmet í kastgreinum og Íslandsmet í drengjaflokki í kúluvarpi innanhúss og var í unglingalandsliði og landsliði Íslands. Hann keppti undir merkjum Völsungs og H.S.Þ. út árið 1975 en gekk þá til liðs við K.R. í Reykjavík. Aðrir sem stóðu sig vel á áttunda áratugnum voru einkum Jóhanna Ásmundsdóttir í hástökki, Jakob S. Bjarnason og Kristján Þráinsson í hlaupagreinum og Jón Benónýsson sem var fjölhæfur frjálsíþróttamaður og setti héraðsmet í spretthlaupum.

Árið 1976 sendi Grímur Bjarnason frá Vallholti verðlaunabikar til Íþróttafélagsins Völsungs. Bikarinn, sem fékk nafnið Grímsbikarinn, var úr íslensku birki og smíðaður af Jóhanni Björnssyni myndskurðarmeistara frá Húsavík. Grímur hafði sem ungur maður efnt til Saltvíkurhlaupsins og fengið til þess bikar sem Ríkarður Jónsson myndskurðarmeistari hafði gert. Til minningar um

F.v.: Jakob S. Bjarnason og Jón Benónýsson.



Guðni Halldórsson.



Jóhanna Ásmundsdóttir.



Kristján Þráinsson.

Saltvíkurhlaupið skyldi árlega hlaupið víðavangshlaup á Húsavík og hefjast sumardaginn fyrsta 1976, Grímsbikarinn veittur sigurvegaranum í verðlaun og nafn hans grafið á silfurskjöld á bikarnum. Alls skyldi keppt um bikarinn tíu sinnum og hann varðveittur á meðan hjá Völsungi en að þeim tíma liðnum átti félagið að afhenda hann Bygðasafni S-Þingeyjarsýslu til eignar.¹

Á sumardaginn fyrsta 1976 var keppt um Grímsbikarinn í fyrsta sinn. Veður var gott, sólbjart og 15°C hiti. Hlaupinu stjórnaði Vilhjálmur Pálsson íþróttakennari og var hlaupið frá svæði skólanna um Skólagarð og Ásgarðsveg upp að Hvammi, snúið þar við og hlaupið sömu leið til baka. Endaspretturinn var hlaupinn á Skólagarði. Þátttakendur voru alls fimmtíu og var elsti hlauparinn, Eysteinn Sigurjónsson, fimmtíu og þriggja ára. Keppninni var hagað þannig að elstu og yngstu hlaupararnir fengu nokkurt forskot til að veita þátttakendum sem jafnasta möguleika til sigurs. Sigurvegarinn var Jónas Reynir Helgason fjórtán ára.

Árið eftir sigraði Jónas Reynir einnig en ekki var þá hlaupið við

¹ Heimildin um Grímsbikarinn og keppnina um hann er mappa sem Þormóður Jónsson hafði frumkvæði að og útbjó. Þar er frásögn af öllum hlaupunum og fylgja með margar myndir. Þessi mappa er varðveitt í Skjalasafni S-Þing. og Húsav., Hrp 269.



sumarlegar aðstæður enda snjór yfir öllu. Næstu árin var hlaupið sumardaginn fyrsta, einu sinni 1. maí en oftast 17. júní. Þátttakendur urðu með tímanum eingöngu börn og unglingar og voru flestir áttatíu og sex árið 1980 en fæstir fjórtán árið 1979. Hlaupið féll niður árið 1981. Vilhjálmur Pálsson stjórnaði öllum hlaupunum og Þormóður Jónsson afhenti verðlaunin.

Lokahlaupið um Grímsbikarinn fór fram 17. júní 1985 og sigraði Hlynur Heiðberg Konráðsson þriðja árið í röð. Eftir að hann hafði varðveitt bikarinn í eitt ár var honum komið fyrir í Safnahúsinu þar sem hann er nú með áletruðum nöfnum sigurvegaranna. Grímur lét gera ljósmynd af bikarnum. Fengu allir handhafar bikarsins senda slíka mynd til minningar eftir að hætt var að keppa um hann. Var myndin árituð af Þormóði og Vilhjálmi.

Á þessum árum voru iðkendur frjálsíþrótta á Húsavík þrjátíu til fjörutíu og unnið var að því að koma upp boðlegum frjálsíþróttaelli á staðnum. Völlurinn var tekinn í notkun sumarið 1978 en vígsla hans fór fram sumarið 1979. Var haldið kastmót á vígsludaginn og komu bestu kastarar landsins norður til að keppa. Þeir voru Guðni Halldórsson og Hreinn Halldórsson í kúluvarpi og Erlendur Valdimarsson og Óskar Jakobsson í kringlukasti. Varpaði Hreinn kúlunni 20,64 metra sem var fjórði besti árangur í heim-

*Jónas Reynir Helgason með Grímsbikarinn 1976.
T.v. Þormóður Jónsson og Vilhjálmur Pálsson.*



Grímur Bjarnason.



*Hlynur Heiðberg Konráðsson
með Grímsbikarinn 1985.*

T.v.: Þormóður Jónsson.

T.h. við Hlyn:

Magnús Gíslason,

Þorvaldur Guðmundsson,

Erna Sigurðardóttir.

inum þetta ár og glæsilegt vallarmet. Aðstaðan var allgóð en ýmislegt vantaði samt enn þá.

Mikil gróska var í frjálsíþróttum þessi ár og var Unglingameistaramót Íslands í 4. flokki með 180 keppendum haldið á vellinum vígsluárið. Þetta var fyrsta Íslandsmótið í frjálsíþróttum á Húsavík. Sáú Völsungar um það að mestu leyti og voru fáir keppendur frá H.S.Þ. fyrir utan Völsunga. Þetta sama ár fóru frjálsíþróttamenn í fyrsta sinn á Álaborgarleikana og stóðu sig vel.

Árið 1980 eignuðust Völsungar einn Íslandsmeistara. Þetta var Heimir Leifsson sem varð Íslandsmeistari í þristökki og hástökki án atrennu innanhúss og annar í langstökki. Keppnin var háð í sjónvarpssal. Árið eftir var Landsmót U.M.F.Í. á Akureyri og var talsverð áhersla lögð á undirbúning fyrir það en síðan var eins og áhugi dvínaði og frjálsíþróttir voru í lægð í nokkur ár. Ákveðna aldurshópa unglunga vantaði inn í hópinn, líkt og frjálsíþróttir væru ekki í tísku. Útkoma á mótum var oft slök og fremur illa gekk að fá starfsfólk við mót. Töluvert var reynt að glæða áhugann og bauðst nóg af mótum og ferðalögum en það tókst ekki verulega fyrir en eftir landsmótið á Húsavík 1987. (sjá bls. 213-216)

Sumarið 1988 var Meistaramót Íslands 14 ára og yngri haldið á




Húsavík og voru keppendur vel á þriðja hundrað víðsvegar að af landinu. Keppendur H.S.Þ. unnu til fimm gullverðlauna, sjö silfurverðlauna og þrígga bronsverðlauna og áttu Völsungar sinn skerf af því.

Má segja að frá þessum tíma hafi Völsungur eignast Íslandsmeistara í einhverri grein frjálsíþróttar flest árin, ýmist einn eða fleiri í ýmsum aldursflokkum og greinum. Flestir meistararnir komu úr yngstu flokkunum en sumarið 1992 var Meistaramót Íslands 22 ára og yngri hald á Húsavík. H.S.Þ. vann til tólf verðlauna og þá varð Hákon Sigurðsson Íslandsmeistari í 1500 m hlaupi og þriðji í 800 m hlaupi en Guðný Sveinbjörnsdóttir varð þriðja í spjótkaсти.

Meðal Íslandsmeistara Völsungs í yngri flokkum síðustu ár eru Guðný Sveinbjörnsdóttir, Katla S. Skarphéðinsdóttir, Hákon Sigurðsson, Arngrímur Arnarson, Erna Dögg Þorvaldsdóttir, Valgerður Jónsdóttir og Sigurbjörg Hjartardóttir. Einnig hafa þessir einstaklingar og margir Völsungar aðrir staðið á verðlaunapalli á Íslandsmótum í öðru og þriðja sæti. Nokkrir af þessum unglingum hafa verið valdir í unglingalandsliði í íþróttagrein sinni og keppt fyrir Íslands hönd, hér heima og erlendis.

Sem sýnishorn af árangri síðustu ára má taka árið 1993 þar sem

Á summarleikum H.S.Þ. Valgerður Jónsdóttir fremst á miðri mynd í 4x100 m boðhlaupi stúlkna 13-14 ára.



Heimir Leifsson.



*Valinn hópur unglunga í
Völsungi í frjálsíþróttum
1994.*

Fremri röð f.v.:

Guðrún Helgadóttir,

Heiður Vigfúsdóttir,

Erna Dögg Þorvaldsdóttir,

Valgerður Jónsdóttir.

Aftari röð f.v.:

Snæbjörn Ragnarsson,

Arngrímur Arnarson,

Siguróli Sigurðsson.

Aftast Jón Beníónysson

(þjálfari).

góður árangur náðist í mörgum greinum. Á afrekaskrá unglunga þar sem skráð voru sex bestu afrek á landinu í hverri grein voru átta unglingar frá Húsavík og nokkrir þeirra meðal hinna bestu í allt að þremur greinum. Fjórir þeirra voru valdir í unglingalandsliðshóp Frjálsíþróttasambands Íslands. Þetta ár stunduðu fjörutíu börn og unglingar frjálsíþróttæfingar á Húsavík. Þetta var mikill efniviður sem reynt var að hlúa að á næstu árum en samt dróst hópurinn saman og var ekki nema ríflega tíu manns árið 1997.

Með tilkomu Íþróttahallarinnar batnaði mjög aðstaða til inniæfinga og starfið þróaðist upp í ellefu mánaða æfingatíma með einum frímánuði á haustin. Mót voru bæði utanhúss og innan, héraðsmót, Íslandsmót, Landsmót U.M.F.Í., unglingamót og deildakeppni. Völsungar voru framan af öflugir þátttakendur á þessum vettvangi og voru langflestir iðkendur frjálsíþróttar á Húsavík ungir að árum. Leitast var við að hafa skipulega þjálfun alla ellefu mánuðina og að eldri félagar tækju þátt í sameiginlegum æfingum hjá H.S.Þ. að auki. Með fækkun iðkenda hefur verið fremur dauft yfir allra síðustu árin. Um leið og slík fækkun verður er hætta á að árangur verði lakari.

Hin nána samvinna við H.S.Þ. gerir starf frjálsíþróttadeildar talsvert öðru vísi en flestra deilda innan Völsungs. Út á við keppa



Guðný Sveinbjörnsdóttir.



Katla S. Skarphéðinsdóttir.



Hákon Sigurðsson.

Völsungar í nafni sambandsins og sem slíkir hafa þeir keppt bæði í 1. og 2. deild bikarkeppni Frjálsíþróttasambands Íslands. Deildin nýtur þessa samstarfs fjárhagslega og það gerir fjárhag hennar nokkru auðveldari en annarra deilda, meðal annars með samnýtingu þjálfara.

Eins og í öðrum deildum verður aldrei hægt að telja upp alla sem lagt hafa hönd á plóginn við að gera starf frjálsíþróttadeildar mögulegt. Þjálfarar hafa verið fjölmargir um lengri eða skemmri tíma. Á þeim tíma sem gróskan var mest, um og upp úr 1990, voru í nokkur ár að staðaldri við þjálfun hjá frjálsíþróttadeild Kristjana Skúladóttir og Jón Benónýsson ásamt fleirum. Þau tóku einnig bæði þátt í starfi deildarinnar.

Formenn frjálsíþróttadeildar frá 1978¹

Jón Benónýsson	1978-79
Heimir Leifsson	1979-82
Björg Jónsdóttir	1982-84
Lárus I. Lárusson	1984-85
Pálmi Jakobsson	1985-87
Anna Sigrún Mikaelisdóttir	1987-92
Gréta Kristinsdóttir	1992-94
Þorvaldur Vestmann	1994-95
Freyja Ingólfssdóttir	1995-98
Ragnar Emilsson	1998-99



Erna Dögg Þorvaldsdóttir.



Kristjana Skúladóttir.

¹ Ingólfur Freysson gaf upplýsingar um formenn eftir 1990. Einnig var talað við Önnu S. Mikaelisdóttur.



Skíðaiðkendur 1969. F.v.: Ásgeir Þórðarson, Benedikt Jónasson, Guðmundur Jónasson, Helgi Kristjánsson, Theódór Sigurðsson, Sigfús Haraldsson, Ragnheiður Gísladóttir, Sigrún Þórhallsdóttir (Snædal), Haraldur Haraldsson, Björn St. Haraldsson, Héðinn Stefánsson.



Sigrún Þórhallsdóttir (Snædal).

Skíði

Skömmu eftir 1960 tók að setja svo snjó í Húsavíkurfjall að dugði skíðafólki. Þá tók fjöldi Húsvíkinga að iðka skíðaíþróttir sér til yndisauka og heilsubótar og upp komu að nýju fræknir skíðamenn á Húsavík. Björn St. Haraldsson varð Íslandsmeistari unglínginga í svigi 1966. Hann var einnig í hópi bestu skíðamanna landsins í fullorðinsflokki um og fyrir 1970. Árið 1969 heiðraði bæjarstjórn Húsavíkur fimm unga Völsunga með skrautrituðu heiðurskjali fyrir góða frammistöðu í keppni á skíðum. Þetta voru þau Sigrún Þórhallsdóttir (Snædal), Bjarni Sveinsson, Björn St. Haraldsson, Héðinn Stefánsson og Þórhallur Bjarnason.

Lengi var fátt skíðamannvirkja í Húsavíkurfjalli. Árið 1965 var mjög frumstæð skíðatogbraut sett í Skálamel. Hún dugði í skamman tíma en um haustið var komið upp í hennar stað nokkru vandaðri togbraut. Þessar togbrautir gerðu hugvitsmenn úr hópi skíðamanna sjálfra, vel studdir af áhugasömum Húsvíkíngum. Árið 1970 keypti Húsavíkurbær litla rafknúna skíðatogbraut frá Austurríki. Hún var sett í Skálamel og heimagerða brautin, sem þar var fyrir, var flutt upp í Stalla.



Á næstu árum var unnið að uppbyggingu skíðamannvirkja í Húsavíkurfjalli í samstarfi Húsavíkurbæjar, sem lagði til fjármagn og tæki, og skíðaráðs Völsungs sem lagði til mikla sjálfbodavinnu en tók einnig að sér að reka skíðamannvirkin og halda þeim við. Var gerður sérstakur samningur um það á hverju ári og hann tryggði ráðinu tekjur og ókeypis aðgang að skíðaaðstöðunni til æfinga. Var svo komið að skíði voru sú íþróttagrein sem var hvað mest stunduð um 1980, lyftur voru fjórar, búið var að leiða rafmagn upp á Stalla, raflýsa brekkur og leggja síma-strengi um allt fjallið vegna rafrænnar tímatöku og keypt var tímatökutölva. Keyptur var snjótrodari sem reyndist ekki vel en



Bjarni Sveinsson.

*F.v.: Sigurjón Pálsson,
Þórhallur Bjarnason,
Héðinn Stefánsson,
Björn St. Haraldsson.*



Björn St. Haraldsson.



*Skíðasvæði í Stöllum.
Stjórnhús og skíðalyfta.*



Benedikt Jónasson.

einnig var notast við snjóbilinn sem Rauða krossdeild Húsavíkur átti.

Á hverju ári var fenginn þjálfari um lengri eða skemmri tíma og þessi góða aðstaða skilaði góðum árangri skíðamanna frá Húsavík. Jafnframt jókst mótahald í fjallinu og haldin voru þar héraðsmót, innanfélagsmót, punktamót og Íslandsmót í ýmsum aldurshópum. Á áttunda áratugnum eignaðist Völsungur oftast en tíu sinnum Íslandsmeistara í einhverjum aldursflokkum alpagreina. Þeir voru Benedikt Jónasson, Böðvar Bjarnason, Bjarni Sigurðsson, Friðbjörn Sigurðsson, Björn og Kristján Olgeirssynir. Flestir þeirra voru valdir til æfinga með skíðalandsliðum Íslands í sínum aldursflokkum og sumir fengu tækifæri til þess að æfa erlendis. Af þeim náði Björn Olgeirsson lengst. Hann varð bikarmeistari ársins 1979 aðeins sautján ára og árið eftir var hann valinn til að keppa á Vetrarólympíuleikunum í Lake Placid. Hann var landsliðsmaður í unglinga- og fullorðinsflokkum nokkur ár.

Níundi áratugurinn byrjaði vel og bestum árangri náði Árni Grétar Árnason sem hóf ferilinn með sigri á Andrésar Andarleikunum 1979 og keppti í Noregi árið eftir. Hann var á næstu árum margfaldur Íslandsmeistari í sínum flokkum og landsliðsmaður á skíðum. Árið 1982 varð Stefán Geir Jónsson bæði Íslandsmeistari



og bikarmeistari unglunga í alpatvíkeppni. Yngstu flokkarnir náðu mjög góðum árangri sum árin á Andrésar Andarleikunum, til dæmis árið 1982 þegar fimmtíu og fimm keppendur fengu átján verðlaun og árið eftir fengu fimmtíu og tveir keppendur þrjátíu og ein verðlaun. Úr þessum efnilega hópi kom Arnar Bragason sem var sigurvegari á Íslandi og fór á Andrésar Andarleikana í Noregi 1986. Hann var útnefndur Íþróttamaður Húsavíkur 1987 og var á þessum árum sigurvegari í unglingaflokkum og landsliðsmaður á skíðum ásamt Önnu Írisi Sigurðardóttur. Þau voru bæði valin í B-landslið 1989 en höfðu þá lagt skíðin á hilluna.

Snjóleysi árin 1984-87 virðist hafa lamað starfið því að miklir erfiðleikar voru á því að reka skíðamannvirkin og halda þeim við við slíkar aðstæður. Fór svo að skíðadeild hætti að reka mannvirk- in í fjallinu um áramótin 1986-87 og sótti þjálfun að nokkru leyti til Akureyrar það ár. Þessi breyting virðist hafa valdið því að skíðamenn urðu mjög ósáttir þegar lyftur og önnur aðstaða fór að ganga úr sér en erfitt var að knýja á um úrbætur vegna minni að- sóknar sökum snjóleysis. Þessi óánægja kom skýrt í ljós veturinn 1988-89 þegar mikill og góður snjór var frá því í febrúar en Stallalyftan nýttist illa vegna stöðugra bilana. Skíðaráð hélt eitt bikarmót Skíðasambands Íslands sem ekki hefði tekist nema af

Sigursælt lið Völsungs á unglingameistaramóti Íslands á skíðum 1987. F.v.: Hrannar Pétursson, Hrafn Karlsson, Víðir Egilsson, Sigurður Hreinsson, Arnar Bragason, Sóley Sigurðardóttir, Guðný Björnsdóttir, Anna Íris Sigurðardóttir, Brynhildur Gísladóttir.



Stefán Geir Jónsson.



Böðvar Bjarnason.



Bjarni Sigurðsson.



Friðbjörn Sigurðsson.



Björn Olgeirsson.



Árni Grétar Árnason.

Því að snjótroðari var fenginn frá Akureyri til að tryggja að brekkurnar stæðust öryggiskröfur. Ráðið sagði allt af sér og lýsti því yfir að enginn þeirra hefði áhuga á því að starfa nema fyrir lægi að einhverjar endurbætur yrðu gerðar á skíðamannvirkjunum. Fór svo að ekkert formlegt ráð starfaði í tvö ár, 1989-91 en Foreldrafélag skíðabarna, sem stofnað var 1986, fékk þjálfara fyrir yngstu börnin vegna undirbúnings fyrir Andrésar Andarleikana bæði árin.

Snjóleysið jók á umræðuna um nýtt skíðasvæði fyrir Húsavíkinga. Mönnum hafði lengi verið ljóst að þess væri hugsanlega að leita við Gyðuhnjúk austan Húsavíkur. Þar var talið að væri yfirleitt nægur snjór þó að fjallið við bæinn væri snjólaust. Í snjóleysi fyrri hluta vetrar 1982 var drifið í því að fara með gamla toglyftu inn að Gyðuhnjúk og setja hana þar niður. Hún var opin þar í þrjá daga fyrir páska og síðan hélt Völsungur firmakeppni þar á páskadag. Skíðadeild Völsungs taldi því einbodið að hefja þarna uppbyggingarstarf en ekki voru allir sammála því. Völsungur setti framkvæmdanefnd í málið og hún var sammála framtíðarnefnd Völsungs um að við Gyðuhnjúk þyrfti að koma upp varaskíðasvæði bæjarins sem tryggði aðstöðu til skíðaiðkana á snjóléttum vetrum. Skíðaráð lét flytja þangað rafstöð í nóvember 1993 og jafnframt koma fyrir stögum fyrir lyftur. Ekki hefur tekist að þoka málinu lengra en þetta og veldur mestu um dýr vegalagning inn að Gyðuhnjúki.

Árin 1994 og 1995 var nægur snjór í fjallinu og um leið jukust umsvif skíðaráðs. Bikarmót Skíðasambands Íslands var haldið á Húsavík í lok febrúar með tilstyrk K.Þ. Keppendur voru eitt hundrað og fimmtán alls staðar að af landinu og mótið tókst vel. Árið eftir var aftur haldið bikarmót Skíðasambands Íslands, nú fyrir fimmtán til sextán ára og sextán ára og eldri. Þessa vetur náði Arnrún Sveinsdóttir að verða bikarmeistari fyrra árið og í febrúar

1995 keppti hún fyrir Íslands hönd á Ólympíuleikum æskunnar í Andorra.

Árin 1996-98 bagaði mjög snjóleysið í fjallinu. Einnig var aðstaðan að ganga úr sér og endurnýjun hófst. Hún gekk þó hægt þar sem snjóleysið dró úr þörf og framkvæmdaglegði. Þó var komið upp nýrri toglyftu í Skálamelinn 1998 en þegar snjórinn kom loksins 1999 þá var lítið hægt að nota svæðið inn við Stalla þar sem húsið þar var ónýtt og aðstaðan ekki talin forsvaranleg af öryggis-ástandum.

Eins og þegar hefur komið fram er iðkun skíðaíþróttarinnar einna mest háð duttlungum veðurs af öllum íþróttagreinum sem stundaðar eru hjá Völsungi. Völsungar hafa á hverju ári sótt mót um allt land en árangur þeirra hefur oftast verið í samræmi við aðstaður heima fyrir. Þegar aðstaða var góð og snjóalög hagstæð allmörg ár í röð náðu Völsungar langt í íþróttinni en við gagnstæðar aðstaður koðnar íþróttin niður, áhuga vantar og engin leið er að kljúfa þann kostnað sem stafar af æfingum og keppni fjarri heimabyggð. Skíðaráðsmenn hafa oft sýnt mikla atorku við störf sín og það var einkum áberandi þau ár sem þeir sáu um rekstur svæðisins. Mörg snjóleysisár og lélegri aðstaða gerði starfið erfiðara og um leið urðu menn tregari til að taka það að sér. Mannvirki eru dýr og notkunartíminn oft stopull og því hefur endurnýjun gengið erfiðlega.



Arnrun Sveinsdóttir.

Formenn skíðaráðs frá 1965¹

Stefán Benediktsson	1965-71
Þröstur Brynjólfsson	1971-73
Stefán Benediktsson	1973-74
Þröstur Brynjólfsson	1974-82
Árni Sigurðsson	1982-84
Sigurgeir Aðalgeirsson	1984-86
Stefán Geir Jónsson	1986-89
Ekkert skíðaráð starfandi	1989-91
Sveinn Pálsson	1991-92
Kristján Eymundsson	1992-94
Pálmi B. Jakobsson	1994-95
Hólmfríður Sigurðardóttir	1995-97
Hallgrímur Hallsson	1997-99



Þröstur Brynjólfsson.

¹ Ingólfur Freysson gaf upplýsingar um formenn eftir 1990.



Védís Bjarnadóttir.

Sund

Í. F. Völsungur lét sundíþróttina til sín taka strax og sundlaugin komst í gagnið á Húsavík og fékk leiðbeinendur og kennara til að þjálfra Völsunga í sundíþróttinni. Félagið naut þá og lengi síðan sundkennslu íþróttakennaranna, Sigríðar Böðvarsdóttur, Védísar Bjarnadóttur og Vilhjálms Pálssonar. Meðal aðfenginna sundþjálfara voru í fyrstu Jón Pálsson frá Reykjavík og Sigurður Jónsson frá Ystafelli.

Völsungar tóku þátt í sundmótum en frá upphafi einkenndi það sundið að keppt var utan héraðs undir merkjum H.S.Þ. Valgeir Guðmundsson, Halldór Valdimarsson og Sólveig Jónsdóttir voru þekktustu sundmenn Völsungs á árunum 1960-70. Valgeir varð m.a. Norðurlandsmeistari í nokkrum greinum 1963, Halldór Valdimarsson varð Norðurlandsmeistari 1963 og 1965 og Íslandsmeistari 1966 í sínum aldursflokki. Sólveig Jónsdóttir setti þingeyisk met í þremur greinum 1973.

Sundlaugin á Húsavík er minni en svo að hún teljist lögleg keppnislaug. Þrátt fyrir það hefur frá upphafi verið efnt til sundmóta í henni. Norðurlandsmót var fyrst haldið á Húsavík árið 1961 og nokkrum sinnum síðan. Komist var á sundkeppni 17. júní ár hvert og var hún liður í hátíðarhaldi þjóðhátíðardagsins. Keppt hefur verið í mörgum aldursflokkum pilta og stúlkna og ýmsum sundgreinum. Sigurvegararnir hafa verið verðlaunaðir með góðum gripum sem útgerðarfyrtækið Flóki hf. gaf til eflingar sundíþróttinni á Húsavík og kallaðir voru Flókabíkarar. Þessi verðlaun voru fyrst veitt árið 1963 og til þeirra unnu Valgeir Guðmundsson og Sólveig Hákonardóttir en í yngri flokki voru best Halldór Valdimarsson og Bylgja Stefánsdóttir.

Héraðsmót voru oft háð á Húsavík á þessum árum og voru Völsungar alltaf í fremstu röð og oft sigurvegarar. Til dæmis má nefna að á héraðsmótinu 1968 áttu þeir sigurvegara í átta af tólf einstaklingsgreinum mótsins og sigursveit í báðum boðsundunum.

Á áttunda áratugnum var starf sunddeildar hefðbundið en sundáhugi virðist hafa verið mismikill. Þrjátíu og fimm æfðu sund 1976 en 1979 var sundáhuginn ekki sagður nægur. Þátttaka í mótum var sú sama og fyrr og árangur sum árin góður.

Á níunda áratugnum fór áhuginn fyrir sundinu á Húsavík vaxandi, þátttaka var góð og árangur einnig í yngstu flokkunum. Anna Þuríður Guðmundsdóttir varð Norðurlandsmeistari í 50 m skriðsundi telpna árið 1980 og árið eftir var hún valinn sundmaður H.S.Þ. Þegar leið á níunda áratuginn tók starfið á sig nokkuð fast form. Æfingar stóðu allan veturinn, æft var allt að fimm sinnum í viku og vegna lélegrar aðstöðu í lítilli sundlaug þurftu æfing-



Valgeir Guðmundsson.



ar að fara fram utan almenningstíma. Reyndi mjög á liðlegheit og velvilja starfsfólks sundlaugarinnar sem allt frá upphafi hefur reynst sundfólki Völsungs sérstaklega vel. Jafnframt var gott samstarf við íþróttakennarana og var dæmi um að ein æfing elsta hópsins, þrettán ára og eldri væri felld inn í sundkennslu skólanna.

Hluti af þessari grósku var mikið og gott samstarf við sundmenn úr Ungmennafélaginu Eilífi í Mývatnssveit en félögin mynduðu saman öflugt sundlið undir merkjum H.S.Þ. og börðust síðan innbyrðis á héraðsmótum. Mótum sem farið var á utan héraðs fjölgaði og voru þar helst Aldursflokkameistaramót Íslands (A.M.Í.) og unglingasundmót K.R. og Í.A. en á öll þessi mót voru sett lágmörk fyrir þátttöku. Einnig var þátttaka í Bíkárkeppni Sundsambands Íslands, Norðurlandsmóti, Lionssundi Kormáks og Sólstöðumóti Eilífs, auk héraðsmóta og 17. júní mótsins á Húsavík. Eins og sést á þessari upptalningu var nóg að gera hjá sundmönnum Völsungs. Þetta starf hélt áfram allan tíunda áratuginn og hvert mót hefur sitt einkenni og sérstaka upplifun. Ferðin á K.R.-mótið getur verið svaðilför um hávetur og Sólstöðumótið hefur verið skemmtileg útilega, með hópi foreldra, kvöldvökum og leikjum.

Sundfólk 1967. F.v: Sigríður Böðvarsdóttir (þjálfari), Arnþrúður Karlsdóttir, Þórunn Sigurðardóttir, Dagný Ingólfsdóttir, Halldór Valdimarsson, Bergþóra Ásmundsdóttir, Hörður Sigurbjarnarson, Kristján Sigtryggsson, Aðalsteinn Ólafsson.



Sólveig Jónsdóttir.



*F.v.: Jóhanna Gunnarsdóttir,
Lilja Friðriksdóttir,
Arnhildur Eyja Sölvadóttir,
Sigurveig Gunnarsdóttir.*

Árið 1987-88 var sérlega viðburðaríkt fyrir sundfólk Völsungs innan H.S.Þ. en þá vann sambandið í fyrsta skipti stigatitilinn á Norðurlandsmóti í sundi. Þetta sama ár vann liðið sig upp í fyrstu deild bikarkeppni Sundsambands Íslands og einnig var farið í viku æfinga- og keppnisferð til Færeyja í byrjun júní 1988. Fram að þessu hafði þjálfunin að mestu verið unnin í sjálfbodavinnu með leiðbeiningum frá atvinnuþjálfurum en um haustið voru fengnir þjálfarar til að taka verkið að sér gegn greiðslu. Hópurinn sem hóf æfingar þetta haust var um fjörutíu börn og unglingar. Einnig var þetta haust fjárfest í sérstökum þrekkækjum ætluðum sundfólki og þeim komið upp í kjallara sundlaugarinnar.

Meðal efnilegustu sundmanna Völsungs á þessum árum voru Börkur Emilsson og Þórhalla Gunnarsdóttir sem bæði voru valin sundmenn H.S.Þ. og settu héraðsmet. Þau önnuðust einnig þjálfun, einkum Þórhalla, sem byrjaði mjög ung að þjálfa Völsunga í sundi og sinnti því meira og minna í sjö ár. Á tíunda áratugnum hefur mest borið á stúlkunum í Völsungi en hópurinn sem æfir er að staðaldri þrjátíu til fjörutíu börn og unglingar. Eldri hópurinn sem æfir mest er yfirleitt fremur fámennur en stendur sig oft vel.

Eftir 1990 virðast framfarir vera stöðugar. Árið 1992 var til dæm-



Lilja Friðriksdóttir.

is mjög gott ár. Lilja Friðriksdóttir var stigahæst í sínum flokki á K.R.-mótinu, fékk þrenn verðlaun á Í.A.-mótinu og fékk gull og tvö brons á A.M.Í. mótinu í júlí. Á Unglingalandsmóti U.M.F.Í. á Dalvík fékk H.S.Þ. liðið bikar fyrir flest verðlaun í sundi og þar skaraði Lilja einnig fram úr með því að vera í fyrsta sæti í þremur greinum, öðru sæti í tveimur í sínum aldursflokki, auk þess að vera í tveimur boðsundshópum sem unnu til fyrstu verðlauna. Á Óðinsmótinu á Akureyri fékk hópurinn níján verðlaun þetta ár.

Lilja og stöllur hennar, Jónína Víglundsdóttir, Ingibjörg, Jóhanna og Sigurveig Gunnarsdætur, Kristín Pétursdóttir, Arnhildur Eyja og Borghildur Ína Sölvadætur hafa á undanförunum árum stöðugt bætt tíma sína og oft verið á lista meðal fremstu sundmanna landsins í sínum aldursflokkum. Ein eða fleiri þeirra stóðu á verðlaunapalli á hverju einasta móti sem þær tóku þátt í. Þessi öflugli hópur hefur stöðugt bætt héraðsmet sín, stundum oft á ári, bæði í einstaklingsgreinum, fjórsundum og boðsundum. Sum árin hafa bætt héraðsmet skipt tugum.

Á síðustu árum hefur aukist samstarf við Sundfélagið Óðin á Akureyri og einnig hefur verið samstarf við Sundfélag Hafnarfjarðar. Þar hafa Völsungar fengið að njóta leiðbeininga færustu þjálfara landsins en sunddeild Völsungs hefur mest nýtt heimamenn í þjálfun, oft sjálfboðaliða. Venjan er sú að afreksmennirnir í eldri flokki sundmanna miðli þekkingu sinni og reynslu til byrjendanna. Stundum hafa slíkir þjálfarar sinnt eldri flokknum eftir að þeir hættu sjálfir að æfa fyrir keppni. Leiðbeiningar og námskeið hjá færustu þjálfurum landsins hafa gert þeim kleift að ná þeim árangri sem hér hefur verið talinn.

Sunddeild Völsungs hefur lagt sífellt meiri áherslu á félagslega þáttinn. Reynt er að létta æfingatímann með föstum uppákomum eins og fatasundi og sundpartíum. Einnig hefur það verið föst venja að hafa verðlaunaafhendingu fyrir sigra á héraðsmóti sérstaka athöfn þar sem sundhópurinn úr héraðinu hittist eina kvöldstund, borðar og skemmtir sér saman. Foreldrastarf hefur verið sérlega öflugt og skiptir það miklu máli þegar stór hluti hópsins er á ungum aldri. Reynt er að hafa keppni yngstu barnanna í léttum dúr líkt og á Sólstöðumótinu.

Sunddeildin hefur yfirleitt aðeins eina fjáröflunaruppákomu á ári. Það er maraþonsundið sem þreytt er í mars árlega. Þá er synt í sólarhring, allir bregða sér í laugina, oft koma eldri félagar til að taka á með hinum. Öflugustu sundmennirnir synda tugi kílómetra og í kringum sundið myndast góð stemmning. Bæjarbúar, einstaklingar og fyrirtæki, hafa brugðist vel við þessu og áheit þeirra eru megintekjulind deildarinnar.

Stjórn deildarinnar hefur verið skipuð fjölmörgu fólki þessi



Börkur Emilsson og Anna Þuríður Guðmundsdóttir.



Þórhalla Gunnarsdóttir.



Jónas Óskarsson. Íþróttamaður Húsavíkur 1988. Keppti í sundi á Ólympíuleikum fatlaðra í Seoul 1988 og komst á verðlaunapall.



Gunnar Rafn Jónsson.



Guðrún Helgadóttir.

fjörutíu ár sem deildin hefur starfað. Ungt fólk, sundmennirnir sjálfir, foreldrar og þjálfarar stilla þar saman strengi sína. Fyrstu árin virðist starfið laust í reipunum, formaður er ekki nefndur og á árunum 1965-69 var sundráði slegið saman við frjálsíþróttaráð. Sigríður Böðvarsdóttir var fyrst kosin í sundráð í árslok 1961, varð formaður þess árið 1969 en hafði verið nefnd sem formaður sundhlutans í hinu sameiginlega ráði með frjálsíþróttum.

Formenn sundráðs frá 1969¹

Sigríður Böðvarsdóttir	1969-78
Védís Bjarnadóttir	1978-80
Sigríður Böðvarsdóttir	1980-82
Védís Bjarnadóttir	1982-87
Guðrún Guðmundsdóttir	1987-89
Regína Sigurðardóttir	1989-91
Gunnar Rafn Jónsson	1991-97
Sigrún Þorólfsdóttir	1997-99

Badminton

Á árunum 1952 til 1954 iðkuðu nokkrir Húsvíkingar badminton² á efstu hæð aðalbyggingar Kaupfélags Þingeyinga við Garðarsbraut. Þar er allmikill salur en gróf steypa var í gólfi og skósólar spændust því gjarnan upp á skömmum tíma. Höfðu þátttakendur með sér félagsskap sem þeir kölluðu Badmintonfélag Húsavíkur. Áhöld til iðkunar, spaðar og knettir, voru flutt inn frá Englandi og seld félögunum á kostnaðarverði. Svo fór að iðkun íþróttarinnar lagðist niður á Húsavík þar til Í.F. Völsungur fékk inni í íþróttasal skólanna. Þá voru eignir Badmintonfélags Húsavíkur, alls 672,20 krónur, afhentar gjaldkera Í.F. Völsungs. Áhugi vaknaði að nýju á badminton. Íþróttina stunduðu einkum vaskir félagar sem ekki reyndu á líkamsþrek við atvinnu sína, skrifstofumenn, kennarar og aðrir embættismenn. Færri konur en karlar stunduðu badminton.³

Badminton leika ekki fleiri en fjórir í senn, salurinn var hins

1 Ingólfur Freysson gaf upplýsingar um formenn eftir 1990.

2 Íþróttin var í fyrstu kölluð fjáðraknattleikur á Húsavík, síðan stundum hnit en hvorugu þessara íslensku orða hefur tekist að útrýma badminton, ólíkt því sem alengt er með hugtök í öðrum íþróttagreinum.

3 *Völsungur 50 ára*, 41, 56. Þormóður Jónsson: Íþróttafélagið Völsungur, 30-31. Handrit í Skjalasafni S-Þing. og Húsavíkur, Hrp 269.



vegar lítill og varð því að takmarka fjölda þátttakenda í íþróttinni. Reynt var að veita sem flestum, er áhuga höfðu á að iðka íþróttina, nokkra úrlausn enda settu menn ekki fyrir sig að sækja æfingar á matmálstímum og um miðnættið. Fyrsta árið í salnum voru iðkendur fjörutíu og fjórir en fækkaði á næstu árum niður í tuttugu til þrjátíu.

Samskipti tókust á milli badmintonmanna á Siglufirði og Húsavík. Þetta var bæjarkeppni og var fyrst keppt á Siglufirði í maí 1968. Alls var keppt fimm sinnum og sigruðu Siglfirðingar fjórum sinnum.

Þegar kom fram á áttunda áratuginn fjölgaði iðkendum íþróttarinnar og jafnframt var húsnæðisleysi enn meira áberandi. Mikil breidd var í aldri þátttakenda, frá tæplega tvítugu og upp fyrir sextugt en fáir úr yngsta hópnum vegna plássleysis. Leigðir voru á þessum árum tímar á Hafralæk og á Laugum til að anna eftirspurninni því að hópur iðkenda var yfir eitt hundrað manns um 1980. Var salurinn á Laugum leigður hvert föstudagskvöld og hópnum skipt í tvennt, hvor hópur æfði sig annað hvert föstudagskvöld.

Áður en Íþróttahöllin kom einkenndist starfið mjög af húsnæðisleysi. Af þeim sökum var unglingastarf takmarkað en miklar von-

Iðkendur badmintons 1967.

*F.v.: Haukur Logason,
Birgir Þórðarson,
Ingimundur Jónsson,
Grétar Jónasson,
Halldór Bárðarson,
Svavar Adalsteinsson,
Kári Arnórsson,
Árni Vilhjálmsson,
Ragnar Helgason.*



Ása María Guðmundsdóttir.



Haukur Logason.

ir bundnar við höllina þar sem hægt er að láta allt að þrjátíu og tvo spila í einu. Þátttaka jókst mikið og í árslok 1987 voru um 150-160 manns sem æfðu badminton.

Fram að þessum tíma höfðu margir iðkendur litið á badminton sem skemmtilega íþrótt sem hægt væri að stunda sem holla og góða hreyfingu. Með auknum fjölda var í meira mæli farið að huga að badminton sem keppnisíþrótt. Það fól í sér að tryggja börnum og unglingum tilsögn og þjálfun.

Einnig var reynt á næstu árum að fá keppnismenn og þjálfara frá Reykjavík til að koma og leiðbeina í stuttan tíma í senn. Hefðbundið starf þróaðist upp í jólamót fyrir börn og unglinga, innanfélagsmót upp úr áramótum fyrir eldri flokkinn, keppni við Akureyri og Siglufjörð sem varð með tímanum Norðurlandsmót sem var háð árlega á stöðunum til skiptis, svokallað Húsavíkurmót var á vorin og einnig voru mót sem Völsungar sóttu til Akureyrar og víðar.

Fyrsta Norðurlandsmótið var haldið á Húsavík árið 1989. Á Norðurlandsmóti er keppt í öllum greinum badmintons og öllum aldursflokkum. Á fyrstu mótunum áttu Völsungar fáa meistara og aðeins í B-flokki en á mótinu 1994, sem haldið var á Akureyri, eignaðist Völsungur sína fyrstu Norðurlandsmeistara þegar Guðrún Helgadóttir sigraði í sínum flokki í einliðaleik og sigraði einnig í tvíliðaleik ásamt Ásu Maríu Guðmundsdóttur.


Eins og fyrr segir tók badmintondeild (fjaðraknattleiksráð) til starfa innan Völsungs árið 1959. Þá var fyrst kosið í það á aðalfundi og varð Haukur Logason formaður þess allt til ársins 1971. Þegar leið á fór kosning formanns og stjórnar fram á árshátíð sem



Sigurður Árnason.

Formenn badmintondeildar frá 1971

Þorvaldur Vestmann	1971-72
Sigurður Árnason	1972-77
Benedikta Steingrímsdóttir	1977-79
Guðmundur Guðjónsson	1979-81
Þorvaldur Vestmann	1981-82
Guðmundur Guðjónsson	1982-83
Kristín Magnúsdóttir	1983-84
Þorvaldur Vestmann	1984-85
Hermann Jónasson	1985-86
Anna Jónsdóttir	1986-88
Halldór Gíslason	1988-90
Guðfinna Baldvinsdóttir	1990-91
Ingimar Hjálmarsson	1991-99



Ingimar Hjálmarsson.

deildin hélt á hverju ári. Deildin setti sér snemma það markmið að æfingagjöldin dygðu fyrir kostnaði við þjálfun og ferðalög. Það hefur tekist allvel til þessa og umsvifin eru miðuð við það.

Blak

Blak var ekki farið að stunda á Húsavík fyrr en eftir að íþróttasalur skólanna kom til enda eingöngu um inniþrótt að ræða sem krefst meiri lofthæðar en var að finna í leikfimisölunum í gamla barnaskólanum og Samkomuhúsinu. Byrjað var að stunda blak í íþróttatímum skólanna, einkum í gagnfræðaskólanum. Náðu nemendur þaðan mjög góðum árangri. Blak er ung íþrótt á Ís-



Gunnar Jóhannsson stýrir bolta milli Blika í úrslitaleik við þá um Íslandsmeistaratitilinn í 2. deild í blaki 1977.



Blaklið Völsungs í 1. fl. 1987. Aftari röð f.v.: Ingólfur Freysson (þjálfari), Ásdís Jónsdóttir, Jóna Matthíasdóttir, Eyrlín Sveinsdóttir, Jóna Óskarsdóttir. Fremri röð f.v.: Kristjana Skúladóttir, Margrét Sveinbjörnsdóttir, Friðrika Guðjónsdóttir, Anna Garðarsdóttir.



Jóhanna Guðjónsdóttir blakmaður ársins 1978.

landi. Blaksamband Íslands var stofnað 11. nóvember 1972 og fyrsta Íslandsmótið í blaki fór fram vorið 1971. Það var því ekki sama hefð fyrir blaki og öðrum íþróttagreinum á Íslandi.

Árangur Völsungs þessi tæpu þrjátíu ár sem blak hefur verið keppnisíþrótt er mjög góður þrátt fyrir aðstöðuleysi og mikla hreyfingu á keppendum í blaki. Þeir voru flestir ungt fólk á skólaaldri og eftir góðan árangur eitt árið með Völsungi tvístraðist hópurinn í framhaldsskólanám eða vinnu utan Húsavíkur og varð oft kjarni í sterkum liðum þar. Völsungar þurftu hins vegar að byggja sinn hóp upp frá byrjun. Það er því engin tilviljun að seinni árin er mestur stöðugleiki hjá Völsungum í öldungablakinu þar sem fólkið sem býr á staðnum er að keppa. Margt af því hefur komið til baka eftir framhaldsnám og með keppnisreynslu með bestu liðum landsins.

Fyrst er getið um blak á vegum Völsungs árið 1973 og sagði Þormóður Jónsson að íþróttin hefði verið á starfsárinu „æfð af mikilli hógværd.“¹ Þrátt fyrir að byrjendabragur væri á blakinu hjá Völsungi tók félagið samt þátt í héraðsmóti þetta ár en lítið segir af árangri. Blakinu óx fiskur um hrygg og á héraðsmóti 1975 sigruðu

¹ Starfsskýrsla formanns Völsungs 1973, Skjalasafn S-Þing. og Húsav., Hrp 128.



Völsungar í flokki stúlkna og drengja. Árið eftir eftir tók kvennaflokkur þátt í Norðurlandsriðli Íslandsmótsins og varð í öðru sæti. Völsungur sá svo um úrslitakeppnina þetta ár. Karlaflokkur tók einnig þátt í Íslandsmótinu í 2. deild og varð í 2. sæti. Völsungar sigruðu þetta ár á héraðsmóti í blaki í karla- og kvennaflokki og hafa átt yfirburðalið á þeim vettvangi í flestum flokkum frá upphafi.

Eftir þetta hefur þátttaka Völsungs í Íslandsmótinu verið óslitin þó að ekki sé hún í öllum flokkum. Jafnframt má segja að eitthvert lið frá félaginu hafi verið í fremstu röð og mörg ár var eitthvert þeirra Íslandsmeistari. Fyrsti titillinn vannst árið 1977 en þá sigraði karlaflokkurinn í 2. deild. Þjálfari og jafnframt fyrirliði á leikvelli var Gísli Haraldsson.

Á næsta keppnistímabili treysti karlaflokkurinn sér ekki til þátttöku í 1. deild og til að blakið félli ekki niður var þeim boðið að leika áfram í 2. deild. Þar vann liðið sinn riðil auðveldlega og átti að keppa til úrslita við Mími frá Laugarvatni. Úrslitakeppnin fór aldrei fram þar sem hvorugt liðið mætti til leiks en Mími var dæmdur sigurinn á formsatriðum sem Völsungar voru ósáttir við en létu kyrrt liggja.

Þetta keppnistímabil var einnig blómlegt hjá kvennaflokknum

Íslandsmeistarar kvenna í blaki 1984. Aftari röð f.v.: Hannes Karlsson (þjálfari), Hermína Gunnarsdóttir, Ásdís Jónsdóttir, Jóhanna Sigurbjörnsdóttir, Laufey Skúladóttir. Fremri röð f.v.: Jóhanna Guðjónsdóttir, Kristjana Skúladóttir, Ásta Birna Gunnarsdóttir, Sigurhanna Sigfúsdóttir, Stefanía Gunnarsdóttir.



Íslandsmeistarar í 1. deild öldunga 1988. Nedri röð f.v.: Vilhjálmur Pálsson (þjálfari), Björg Jónsdóttir, Laufey Skúladóttir, Kristjana Skúladóttir. Aftari röð f.v.: Fríðrika Guðjónsdóttir, Sólveig Þráinsdóttir, Sigurhanna Sigfúsdóttir, Anna Lína Vilhjálmsdóttir.

sem varð í öðru sæti á haustmóti og hampaði Íslandsmeistaratitlinum vorið 1978. Gísli Haraldsson var þjálfari liðsins og Jóhanna Guðjónsdóttir, fyrirliði, var valin blakmaður ársins úr hópi kvenna. Þetta ár var heimavöllur Völsungs á þremur stöðum, á Laugum, Akureyri og Dalvík. Árið eftir var heimavöllurinn á Hafralæk en stór hluti meistaraliðsins fór í skóla í Reykjavík og varð uppistaðan í liði Víkings sem stóð sig vel. Flestar þeirra voru valdar á landsliðsæfingar.

Árið 1979-80 voru tveir karlaflokkar, meistaraflokkur og 3. flokkur, í Íslandsmótinu og meistaraflokkur kvenna. Meistaraflokkur karla var enn á ný í 2. deild, undir stjórn Gísla Haraldssonar sem fyrr og unnu þeir sigur en um haustið hættu þeir við að spila í 1. deild. Leiddi það til deilna við Blaksamband Íslands sem sektaði Völsung fyrir vikið og hótaði brottvísun allra flokka úr Íslandsmótinu þegar félagið þráaðist við að greiða sektina. Vilhjálmur Pálsson þjálfaði 3. flokk sem varð einnig meistari.

Kvennaflokkurinn tók þátt í bikarkeppni og vann fyrstu tvo leikina en lenti í deilum við blaksambandið um næsta leik. Völsungar töldu að þeir ættu heimaleik í þriðju umferð eftir tvo útileiki og einnig að nokkuð víst væri að Völsungur ynni næsta andstaðing, Þrótt frá Reykjavík og þyrfti þá einnig að fara suður í úrslita-



leikinn við Víking sem yrði örugglega hitt liðið í úrslitunum. Þeim skildist að þessi krafa þeirra væri í athugun en í staðinn var liðinu vísað út úr keppninni fyrir að mæta ekki. Í skýrslu formanns Völsungs, sem tók þátt í deilunum fyrir hönd félagsins, fékk Blaksamband Íslands kaldar kveðjur:

Forystumenn blaksambandsins lofuðu að endurskoða málið með tilliti til þeirrar stöðu sem að framan er lýst, en þeir góðu menn létu flauta leik þennan af og fóru létt með það. Segja má að þetta séu dæmigerð vinnubrögð forystumanna blaksambandsins sunnan heiða, sem vinna að útbreiðslu blaksins.¹

Árið eftir var aðeins 3. flokkur karla í Íslandsmótinu og sigraði eins og árið áður. Hannes Karlsson var þjálfari liðsins þetta ár og einnig það næsta þegar það endurtók leikinn. Voru menn hjart-sýnir á framtíðarlið í meistaraflokki. Einnig var 2. flokkur karla og meistaraflokkur kvenna í mótinu og þjálfaði Hannes þá líka. Þetta ár voru þrír piltar valdir til æfinga með landsliði 16 ára og yngri. Tveir gáfu kost á sér en þegar til átti að taka um haustið

F.v.: Eyrún Sveinsdóttir, Laufey Skúladóttir og Erna Björnsdóttir í bikarleik í blaki 1988.

¹ Árbók Þingeyinga 1980, 258.



Íslandsmeistarar í blaki, 3. fl. A 1993. Fremri röð f.v.: Anna María Hédinsdóttir, Harpa Hermannsdóttir, Katla Skarphédinsdóttir, Þórdís Arnardóttir. Aftari röð f.v.: Freyja Dögg Frímannsdóttir, Erla Björg Viðarsdóttir, Hilda Kristjánsdóttir, Sædís Sævarsdóttir, Alda Sveinsdóttir, Jóhanna Guðjónsdóttir (þjálfari).

voru þeir komnir annað í nám og vinnu og stunduðu ekki lengur æfingar með Völsungi. Þetta er gömul og ný saga og varla nokkurt blaklið á landinu sem ekki hefur haft einhvern Húsvík-ing innanborðs.

Beint framhald varð af þessu í kvennaflokknum árið eftir. Vorið 1984 vann meistaraflokkur kvenna frá Völsungi á Húsavík tvöfalt í blakinu, varð bæði bikarmeistari og Íslandsmeistari. Eru þetta stærstu sigrar Völsungs í flokkaíþróttum til þessa, tvöfaldur sigur í meistaraflokki. Fimm stúlknanna voru valdar í landsliðið í blaki en aðeins þrjár gáfu kost á sér og fóru með liðinu til Álandseyja á Norðurlandamót. Þrátt fyrir þennan góða árangur var ekki unnt að halda úti liði næsta keppnistímabil, kostnaður var mikill og sumir leikmanna fluttu burt. Liðið dró sig því út úr Íslandsmótinu haustið 1984 og starfið var með daufara móti. Æft var í yngri flokkunum og keppt í skólamótum með góðum árangri og einnig hófust þetta ár æfingar í öldungaflokki kvenna og hefur það starf blómstrað síðan.

Veturinn 1985-86 var svipað ástand en unglingaflokkarnir tóku þátt í Íslandsmótinu og 3. flokkur karla varð Íslandsmeistari og líka framhaldsskólameistari og stúlkurnar urðu sömuleiðis framhaldsskólameistarar. Kvinnaliðið tók þátt í Íslandsmóti öldunga



og stóð sig vel. Mikil gróska var síðan um haustið og sex flokkar voru í Íslandsmótinu 1986-87. Fyrsti flokkur kvenna varð Íslandsmeistari undir stjórn Vilhjálms Pálssonar vorið 1988 og þá var líka haldið Öldungamótið í blaki á Húsavík í apríl 1988. Völsungar sendu þrjú kvennalið og urðu í fyrsta skipti Íslandsmeistarar í öldungaflokki. Þjálfari var Vilhjálmur Pálsson.

Nú hófst mikið blómaskeið í blakinu á Húsavík. Haustið 1989 æfðu meistaraflokkar karla og kvenna en kepptu í 1. flokki, 2. og 3. flokkur kvenna og síðan nokkrir öldungahópar karla og kvenna. Þjálfarar voru fimm. Næstu ár voru umsvifin svipuð. Árið 1993 var ekkert meistaraflokkslið frá Völsungi en 3. flokkur kvenna var með yfirburðalið og varð A-lið Völsungs Íslandsmeistari og B-liðið var í 3. sæti. Erla Björg Viðarsdóttir var valin efnilegasti leikmaður 3. flokks og Ásthildur Jónsdóttir fór með unglingalandsliði kvenna til keppni í Danmörku. Völsungar urðu líka öldungameistarar kvenna. Þetta var allt endurtekið árið eftir, 3. flokkur kvenna varð Íslandsmeistari, 2. flokkur kvenna varð í öðru sæti annað árið í röð og nú voru fjórar stúlkur frá Völsungi í unglingalandsliðinu. Öldungamótið var haldið á Húsavík í apríl og nú var það deildaskipt. Húsvíkingar sendu fimm lið á mótið og eftir það átti Völsungur tvö kvennalið í 1. deild.

Íslandsmeistarar í blaki kvenna 1995, 2. fl.

Aftari röð f.v.: Hjalti Halldórsson (þjálfari), Alda Sveinsdóttir, Ágústa Tryggvadóttir, Jóhanna Gunnarsdóttir, Erla Björg Viðarsdóttir.

Fremri röð f.v.:

Jóna Björg Pálmadóttir, Helena Ingólfssdóttir, Ásthildur Jónsdóttir. Á myndina vantar Hrönn Ívarsdóttur, Þórunni Harðardóttur og Bertu Maríu Hreinsdóttur.



Jóna Matthíasdóttir.



Kristján Viðar Haraldsson.

Nokkur samdráttur varð í blakiðkun þegar kom fram á árið 1995. Til dæmis var ekki starfandi 3. flokkur kvenna sem hafði orðið Íslandsmeistari þrjú ár í röð, 1993-95 en nú voru fáar að æfa og rétt slapp í lið í 2. flokki sem varð Íslandsmeistari 1995 og 1996 og skilaði það þremur leikmönnum í unglingalandsliðið 1996. Þetta voru Ágústa Tryggvadóttir, Jóhanna Gunnarsdóttir og Jóna Björk Gunnarsdóttir.

Þessi deyfð eða samdráttur hélt áfram og veturinn 1998-99 var svo komið að aðeins var í gangi öldungablað á Húsavík. Meistaraflokkar höfðu tekið þátt árið áður en störfuðu ekki áfram. Öldungaliðin hafa verið undanfarin ár fimm til sex og síðustu sex árin hefur kvennalið Völsungs sigrad í 1. deild kvenna í öldungablaki.

Fjáröflun varð vaxandi þáttur í starfi deildarinnar eftir því sem umsvif jukust. Meðal fjáröflunarleiða má nefna sölu á Völsungs-sokkum í öllum stærðum, sölu jólastjarna, jólapappírs og jólaöls með aðstoð jólasveina, innheimtu árgjalda fyrir Völsung, sölu á eldhúspappír og salernispappír, sölu á braudi og kleinum sem deildin bakaði og seldi, mest í fiskiskip Húsvíkinga. Þá hefur komið til beinn stuðningur fyrirtækja í bænum sem hafa gefið búsninga, ýmist ein eða með öðrum.

Stjórn blakdeildar hefur verið skipuð fjölmörgum dugnaðarforkum og einnig hafa þjálfarar verið margir en eingöngu heimamenn. Fyrstu formenn blakdeildar voru Vilhjálmur Pálsson og Gísli Haraldsson sem báðir komu mjög við þjálfun í blaki.

Formenn blakdeildar frá 1979¹

Ástvaldur Þormóðsson	1979-80
Hannes Karlsson	1980-83
Jóhanna Guðjónsdóttir	1983-89
Helga Kristinsdóttir	1989-90
Jóna Matthíasdóttir	1990-97
Trausti Aðalsteinsson	1997-99

Borðtennis

Iðkun borðtennis hófst í Gagnfræðaskólanum veturinn 1973-74. Þar var komið upp aðstöðu í kjallara fyrsta áfanga nýbyggingar skólans. Íþróttin var einnig stunduð í kjallara lögreglustöðvarinnar, sem þá var við Ketilsbraut, og í heimahúsum. Borðtennisráð var stofnað hjá Íþróttafélaginu Völsungi árið 1978 og fyrsta ráðið skipuðu Hermann Jónasson, Páll Guðmundsson og Björn Agnarsson.

¹ Ingólfur Freysson gaf upplýsingar um formenn eftir 1990.



Starfið fór af stað með nokkrum krafti og húsvískir borðtennismenn tóku þátt í Landsmóti U.M.F.Í. á Selfossi 1978. Húsavíkurmót var fyrst haldið 1980 en jólamót var árlegt um skeið og einnig var þátttaka í Íslandsmótinu þar sem vannst til verðlauna í unglingaflokkum árin 1980 og 1982. Kristján Viðar Haraldsson var valinn í unglingalandslið sem keppti í Færeyjum. Þessi ár urðu Völsungar sigursælir á héraðsmótum. Þrír þátttakendur sóttu námskeið og fengu réttindi sem leiðbeindur 1980 og einnig var fenginn þjálfari frá Reykjavík árlega í um vikutíma í senn á árunum 1980-84.

Eftir það dró úr þátttöku en hún efldist á ný veturinn 1986-87 þegar séra Sighvatur Karlsson sóknarprestur kom til Húsavíkur og tók að sér þjálfun í borðtennis. Hann var fyrrverandi landsliðsmaður í borðtennis. Allir tímar yfirfylltust og færri komust að en vildu. Starfið þróaðist síðan á næstu árum á þá leið að um tíu til fimmtán börn og unglingar stunduðu að staðaldri æfingar í borðtennis. Farið var á héraðsmót, Landsmót U.M.F.Í. og Íslandsmót, einnig voru haldin jólamót og Húsavíkurmót en Jón Þorgrímsson og Samvinnutryggingar gáfu sinn bikarinn hvor aðili til að keppa um á því móti. Helstu samskiptin voru við Akureyringa og Grenvíkinga en einnig komu mörg árin þjálfarar og leikmenn í fremstu röð til að leiðbeina á Húsavík.

Nær f.v.: Sighvatur Haraldsson og Guðmundur Sigurjónsson. Fjær f.v.:

Sigurkarl Aðalsteinsson og Örn Ólason ? (1977).




Sighvatur Karlsson.

Aðstæður í Íþróttahöllinni eru góðar og smám saman kom deildin sér upp góðum keppnisborðum. En þrátt fyrir góða aðstöðu dró úr starfseminni og ekki var nefndur neinn fulltrúi borðtennisdeildar í stjórn á aðalfundi 25. maí 1995. Starfið hafði þá að mestu lagst niður og hefur ekki náð sér á strik á ný.

Formenn borðtennisdeildar

Sigbór Haraldsson	1979-81
Vignir Þorgeirsson	1981-83
Sigbór Haraldsson	1983-84
Kristján Eggertsson	1984-86
Sighvatur Karlsson	1986-91
Sigurður Hrafnkelsson	1991-95

*Guðrún Kristinsdóttir
stjórnar fimleikadömmum.
F.v.: Jóna Björg Pálmadóttir,
Ágústa Tryggvadóttir,
Marta Heimisdóttir,
Arnhildur Eyja Sölvadóttir,
Agnes Guðmundsdóttir,*





Fimleikar

Haustið 1987 var stofnuð fimleikadeild við Íþróttafélagið Völsung. Guðrún Kristinsdóttir íþróttakennari stóð fyrir stofnun hennar. Hún notaði tíma sem losnuðu í litla salnum á fyrri hluta ársins þegar Íþróttahöllin komst í gagnið til að halda tíu tíma námskeið í fimleikum. Aðsóknin og áhuginn var svo mikill að ákveðið var að stofna deildina og um haustið æfðu um hundrað krakkar, fimm til fjórtán ára, fimleika tvisvar í viku. Aðstaðan var góð, nýtt hús, ný áhöld og nánast frá upphafi var deildin með öll áhöld fyrir fimleika kvenna. Í upphafi var ljóst að það tæki nokkur ár að æfa upp keppnisfólk en jafnframt var haft samstarf við fimleikamenn á Akureyri sem komu og sýndu byrjendunum á Húsavík hvernig fara ætti að og einnig komu fimleikamenn úr Reykjavík í sömu erindagerðum. Vorið 1988 var sýning allra sem æft höfðu um veturinn.

Annað starfsárið var haldið áfram á sömu braut, fjöldinn var svipaður, hópurinn sýndi á jólahátíð Völsungs og varð fimleikasýning síðan fast atriði á þeim skemmtunum og síðar á þrettándahátíðunum þegar þær komu í stað jólahátíðar. Fyrsta innanfélags-

Fimleikadömur. F.v.:

Anna Katrín Jónsdóttir,

Eyrún Gígja Káradóttir,

Heiður Vigfúsdóttir,

Helga Björg Pálmadóttir.



Guðrún Kristinsdóttir.

mótið var haldið í mars 1989, strax á öðru starfsári og var keppt í sex flokkum sjö ára og eldri. Þetta starfsár setti deildin sér það markmið að taka þátt í fimleikakeppninni á Landsmóti U.M.F.Í. í Mosfellsbæ árið 1990.

Hefðbundið starf fimleikadeildarinnar varð á þá leið að æfingar hófust í september, sýning var um áramótin eða á þrettánda- gleði Völsungs, innanfélagsmót var í mars og þar keppt í öllum flokkum. Vetrarstarfið endaði á sýningu í maí. Árið 1993 bættist við svokallað Skrúfumót Fimleikasambands Íslands. Keppendur á mótinu 1993 voru um 200 alls staðar að af landinu en fjórar stúlkur komu frá Völsungi og ein þeirra, Heiður Vigfúsdóttir, vann til fyrstu verðlauna fyrir stökk á trampólíni. Þátttaka í Skrúfumótinu varð með þessu fastur liður í starfinu og nokkrar stúlkur fara á hverju ári til að taka þátt í því.

Leiðtogi fimleikamanna hefur frá upphafi verið Guðrún Kristinsdóttir og er enn (1999) þrátt fyrir að hafa reynt að draga sig í hlé vorið 1998. Framan af var Hrefna Regína Gunnarsdóttir þjálfari með Guðrúnu en eftir að fimleikadeild tók að sér Íþróttaskólann starfsárið 1992-93 fjölgaði þjálfurunum og hafa þeir flest árin verið fjórir eða fimm. Íþróttaskólinn var starfræktur á laugardögum fyrir krakka á aldrinum þriggja til sex ára og frá hausti 1995 var líka rekinn íþróttaskóli fyrir eldri börn. Iðkendur fimleika hafa nánast eingöngu verið stúlkur.

Fjáröflun er auðvitað hluti af starfsemi fimleikadeildar sem meðal annars seldi kerti með góðum árangri til að safna fyrir nýju stóru trampólíni sem kom í apríl 1995. Einnig hefur deildin selt heitt kakó þegar kveikt er á jólatré Húsvíkinga og ýmsan annan varning til að safna fyrir ferðakostnaði.

Boccia

Á stjórnarfundum hjá Völsungi 26. júní 1989 var fjallað um erindi frá Lilju Sæmundsdóttur í sambýli fatlaðra sem óskaði eftir tímum í Íþróttahöllinni fyrir Boccia deild sem yrði íþróttadeild fatlaðra og kallaðist Bocciadeild Íþróttafélagsins Völsungs. Stjórn Völsungs tók erindinu vel og vildi að það yrði að veruleika, meðal annars með því að bjóða fram aðstoð sína. Boccia-æfingar undir merkjum Völsungs hófust þá um haustið en deildin varð ekki formlegur aðili að Völsungi fyrr en 1995. Árið 1994 varð deildin hins vegar fullgildur aðili að Íþróttasambandi fatlaðra. Sérstaða deildarinnar er ótvíræð því að það er einsdæmi að fatlaðir séu á þennan hátt hluti af venjulegu íþróttafélagi. Ingólfur Freysson var þjálfari fyrsta árið en síðan tók Arnar Guðlaugsson við.



Kristbjörn Óskarsson.



Á næstu árum æfðu átta fatlaðir einstaklingar boccia, fyrst einu sinni en síðar tvisvar í viku undir umsjón þjálfara og með aðstoð frá Kiwanismönnum og starfsfólki sambýlisins. Frá upphafi stundaði allstór hópur eldri borgara, oft um fimmtíu manns, þessa íþrótt, einnig undir merkjum Völsungs.

Í boccia bjóðast fjölmörg mót en stærstu mót hvers árs eru Íslandsmótið, Hængsmótið á Akureyri og Norðurlandsmótið. Á Húsavík hefur Kiwanisklúbburinn Skjálfandi staðið fyrir Þórðarmótinu árlega frá 1993. Félagar í klúbbnum sjá um dómgæslu, verðlaun og alla risnu í sambandi við mótið sem er bæði fyrir fatlaða og aldraða eins og Hængsmótið á Akureyri. Íslandsmótið er tvískipt frá 1994, mót í liðakeppni fyrri hluta vetrar og einstaklingskeppni á haustin. Nýtt mót, Opna Húsavíkurmótið í boccia, var háð í febrúar 1999. Þátttaka var góð en tíminn mun leiða í ljós hvort það festist í sessi.

Árangur bocciamanna frá Húsavík hefur verið góður. Árið 1992 varð boccialið Völsungs Norðurlandsmeistari A-liða í liðakeppni og í deildakeppni Íslandsmótsins átti félagið tvö lið í fyrstu deild árið 1994. Kristbjörn Óskarsson var valinn til þess að fara á Alþjóðasumarleika fatlaðra, Special Olympics, í New Haven í Bandaríkjunum í júlí árið 1995 ásamt tuttugu og sjö öðrum á vegum

Lið Völsungs á Kiwanismóti í Boccia 9. maí 1990.

Nedri röð f.v.:

Þorgerður Þórðardóttir,

Kristbjörn Óskarsson,

Haflíði Jónsson,

Olgeir Heiðar Egilsson,

Rannveig Benediktsdóttir

(starfsmaður á Sambýli).

Aftari röð f.v.:

Ingólfur Freysson (þjálfari),

Hörður Ívarsson,

Þorsteinn Baldursson,

Guðríður Ragnarsdóttir,

Erla Hansen.



Olgeir Heiðar Egilsson.

Íþróttasambands fatlaðra. Hann hlaut gullverðlaun í tvímenningskeppni og silfurverðlaun í einmenningskeppni. Annar Húsvíkingur, Olgeir Heiðar Egilsson, var valinn til að keppa á þessum sömu leikum sumarið 1999.

Árið 1993 var háð Norræn trimmlandskeppni fatlaðra og aldraðra. Ísland sigraði í keppninni og á lokahófi liðakeppni í boccia í mars 1994 tóku bocciamenn frá Húsavík við Flugleiðabikarnum fyrir hönd H.S.Þ. en sambandið sigraði glæsilega í keppni héraðs-sambanda innbyrðis. Í þessum sigri var hlutur Húsvíkinga stór, einkum aldraðra á Húsavík.

Íslandsmót í einstaklingskeppni í boccia var háð á Húsavík í október 1995. Þátttakendur voru um 200 auk þjálfara og fararstjóra svo að um 300 manns sótti Húsavík heim. Bocciadeild Völsungs og Kiwanismenn sáu um allan undirbúning og framkvæmd mótsins sem tókst mjög vel. Til þess voru þeir vel studdir af einstaklingum, fyrirtækjum og bæjarstjórn Húsavíkur og varð þetta glæsilegt Íslandsmót, Húsvíkingum til sóma. Árið eftir var Norðurlandsmótið haldið á Húsavík. Þátttakendur voru um 100 og var í fyrsta sinn á Norðurlandsmóti keppt eftir flokkum fatlaðra. Öll verðlaun á þessu móti voru gefin af Verkalýðsfélagi Húsavíkur.

Árið 1996 var í fyrsta skipti veittur Hvatningarbikar Íþróttasambands fatlaðra til bocciadeildar á Húsavík. Þessi farandgripur, sem sambandið gaf, skal veittur árlega þeim sem sýnir bestu ástundun og mestar framfarir í boccia á Húsavík. Fyrstur til að njóta þessa heiðurs var Haflíði Jónsson og fékk hann verðlaunin fyrir frammistöðu sína árið 1995. Einnig hefur Kiwanisklúbburinn Skjálíandi verðlaunað bocciamann ársins allra síðustu ár.

Öflugasta fjáröflunin hefur verið svokallaður áheitleikur. Þar keppir boccialiðið við væntanlega stúdenta Framhaldsskólans í einn dag. Í kringum þetta hefur þróast skemmtileg dagskrá. Boccia er kynnt fyrir bæjarbúum og áheimum safnað í bænum í samstarfi við útskriftarnema en Kiwanismenn úr klúbbnum Skjálífanda sjá um dómgæsluna. Þeir eru dyggir stuðningsmenn og hafa fylgt liðinu í keppni um nágrennið. Einnig hafa félagsmenn búið til listaverk og barmmerki til sölu, séð um útburð á vörulistum og sölu á ýmsum varningi. Árið 1998 var tillaga Ölmú Ævarsdóttur úr bocciadeild Völsungs valin í samkeppni um jólakort Íþróttasambands fatlaðra og kortið selt um allt land af aðildarfélögum sambandsins. Bragi Sigurðsson hefur verið formaður Bocciadeildar frá því hún var stofnuð.



Haflíði Jónsson.

Landsmót U.M.F.I. á Húsavík

Einhver viðamesti og eftirminnilegasti íþróttaviðburður á Húsavík er Landsmót U.M.F.I. í júlí 1987. Árið 1983 var ákveðið að landsmótið yrði haldið á Húsavík 1987. Þá þegar hófst undirbúningsvinnan sem fyrst og fremst fólst í því að vinna að áætlanum um að koma upp nægilegum mannvirkjum á Húsavík til þess að mótsaldið gæti gengið snurðulaust. Skipuð var landsmótsnefnd undir formennsku Kristjáns Yngvasonar og samið var við Húsavíkurbæ um að ljúka við byggingu Íþróttahallarinnar og stór-bæta vallahvæðið þar sem aðalkeppnin færi fram. Lokaundirbúningurinn hófst í ársbyrjun 1987. Þá tók Guðni Halldórsson til starfa sem framkvæmdastjóri mótsins og sett var niður skipurit yfir það sem eftir var að gera. Lögð var áhersla á skipulagða kynningu á mótinu og undirbúninginn fyrir dagskrána en einnig lögðu starfsmenn Húsavíkurbæjar nótt við dag við að útbúa tjaldstæði, snyrti-aðstöðu, íþróttavelli og Íþróttahöllina sem var formlega vígð 17. júní.

Landsmótið fór fram dagana 9.-12. júlí. Auk hefðbundinnar íþróttadagskrár var sannkölluð Húsavíkurhátíð í gangi samhliða. Sýningargreinar mótsins voru siglingar, karate, kraftlyftingar, fimleikar, dans, íþróttir fatlaðra, bridge, golf, Afmælishlaup U.M.F.I. og fjárhundasýning. Einnig var komið á kraftþrautamóti sem nefnt var Víkingaleikar. Tveir Bretar og tveir Íslendingar kepptu og sigraði Geoff Capes samanlagt í sjö þrautum en mótið fór fram á tveimur dögum. Einnig var boðið upp á tónlistardagskrá, leiksýningar, myndlistarsýningar, Útvarp Húsavík FM 104 og á kvöldin komu þekktustu danshljómsveitir landsins fram á kvöldskemmtunum. Fyrir börnin var brúðubíllinn, kassabíla-spyrna og BMX-rall fyrir 11-14 ára. Seglbrettaleiga var á Botnsvatni og kennsla í meðferð seglbretta og einnig komu bílar frá Fornbílaklúbbi Íslands í heimsókn. Mótsaldarar gáfu út mótsblað sem kom út daglega með upplýsingum, fréttum og tilkynningum.

Mótið hófst kl. 18.00 fimmtudaginn 9. júlí en formleg setning var daginn eftir og var forseti Íslands, frú Vigdís Finnbogadóttir viðstödd. Heiðurgestir mótsins voru hjónin Stefán Kristjánsson og Kristjana Jónsdóttir sem höfðu séð um þjálfun hjá H.S.Þ. mörg sumur á sjöunda áratugnum.

Veðrið mótsdagana var sérstaklega hagstætt. Síðustu dagana fyrir mótið rigndi látlaust en síðan stytta upp með steikjandi sólskini og hita sem stóð alla landsmótsdagana. Gestir voru taldir hafa verið 14-16 þúsund.

Undirbúningur og skipulag var til fyrirmyndar á þessu móti.



Kristján Yngvason.



Landsmótsmerki sem Dagur Jóhannesson hannaði.



Víkingaleikar: Englendingurinn Geoff Capes kastar Þórs-hamri. Guðni Halldórsson, stjórnandi leikanna, fylgist grannt með.



Tákn mótsins. Víkingurinn.

Tímaáætlanir stóðust vel en keppni var dreifð um allan bæinn. Á íþróttavellinum var keppt í frjálsíþróttum og knattspyrnu og þar voru Víkingaleikarnir háðir fyrir utan bátadrátt við höfnina. Í portinu hjá vöruskemmu K.Þ. var handboltakeppnin. Sundlaug var reist við Íþróttahöllina. Í Íþróttahöllinni fóru fram ýmsar innigreinar og þar voru skemmtanir á kvöldin. Starfsgreinakeppnin fór fram víða um bæinn en þó aðallega á svæði skólanna, einkum barnaskólans.

Keppnin sjálf var bæði spennandi og hörð en hæst bar Norðurlandamet Einars Vilhjálmssonar, 82,96 m í spjótkasti. Héraðssambandið Skarphéðinn sigraði með nokkrum yfirburðum í heildarstigakeppni mótsins en heimamenn í H.S.Þ. höfðu yfirburði í starfsíþróttunum. Þar má nefna að Vignir Valtýsson sigraði í dráttarvélarakstri í áttunda sinn á landsmóti.

19. Landsmóts U.M.F.Í. á Húsavík hefur verið minnst sérstaklega fyrir það hversu vel það heppnaðist. Húsavíkurbær skartaði sínu fegursta mótsdagana eftir mikla undirbúningsvinnu bæjarstarfsmanna, fegrunarnefndar bæjarins og einstaklinga sem máluðu hús og snyrtu umhverfið. Vedrið var ákjósanlegt og aðsóknin góð. Mótið stóð undir sér fjárhagslega og dugnaður starfsmanna var talinn eftirminnilegur. Samstillt átak og jákvætt hugarfar gerði



mótið að vel heppnaðri íþróttahátíð S-Þingeyingum og Húsavík til sóma. Húsavíkurkaupstaður lagði í mikinn kostnað til að gera mótið sem veglegast og bætt aðstaða við vellina og Íþróttahöllin efldi mjög íþróttastarfið í bænum á næstu árum.¹

Félagsstarfið eftir 1960

Á aðalfundi Völsungs 1. desember 1958 var Þormóður Jónsson kosinn formaður félagsins. Hann hafði þá um haustið flutt að nýju til Húsavíkur eftir nær tuttugu ára fjarveru. Hann varð félagsmaður í Völsungi árið 1929 og starfaði því fyrstu ár sín í félaginu með frumherjunum. Með Þormóði í stjórn voru Hallmar Freyr Bjarnason, Stefán Benediktsson, Höskuldur A. Sigurgeirsson og Halldór Ingólfsson.

Vilhjálmur Pálsson, sem þá lét af formannsstarfinu, var kosinn fyrsti maður í varastjórn félagsins. Hann starfaði mikið með aðalstjórninni og var kosinn í hana nokkrum árum síðar. Í hlut þessara manna kom að leiða starfsemi Völsungs við breyttar og bættar aðstæður og áttu þeir fyrir höndum margra ára farsælt samstarf

*Einar Vilhjálmsson setur
Norðurlandamet í spjótkesti,
82,96 m.*



Þormóður Jónsson

¹ *Víkurblaðið* janúar-júlí 1987. Samtal við Guðna Halldórsson í júlí 1999.



*Endurbætur á íþróttavelli
1977. Sjálfboðaliðsstarf.*

á þeim vettvangi. Til liðs við þá kom síðan margt ágættra karla og kvenna sem lét til sín taka með miklu starfi í nefndum og ráðum félagsins.

Árin fram undir 1980 einkenndust af mikilli grósku í starfi Völsungs. Íþróttasalur skólanna og Sundlaug Húsavíkur gerðu það að verkum að íþróttaiðkun fór ekki fyrst og fremst fram á sumrin heldur allt árið. Þátttaka í æfingum og keppni á vegum Völsungs um það bil tvöfaldaðist og voru skráðir félagar taldir 438 árið 1978. Samningar við Húsavíkurbæ um not félagsins af íþróttamannvirkjum voru Völsungi hagstæðir eins og þegar hefur komið fram og samfélagslegt hlutverk félagsins naut fullrar viðurkenningar.

Félagið lagði kapp á byggingu Félagsheimilis Húsavíkur og fulltrúar þess voru þar í forystuhlutverki í upphafi. Einnig voru miklar endurbætur á íþróttavöllum og skíðamannvirkjum á þessu tímabili og lögðu Völsungar fram þúsundir vinnustunda við þessa uppbyggingu og rekstur íþróttamannvirkja. Félagið hélt upp á fjörutíu og fimmtíu ára afmæli sín meðal annars með útgáfu veglegs afmælisrits árið 1977 á fimmtíu ára afmælinu. Jafnframt var haldið í gamlar hefðir eins og jólaball og ýmsar skemmtanir. Félagið stóð á ný fyrir hátíðahöldunum 17. júní frá árinu 1973 og

lagði metnað sinn í að þau væru sem veglegust hverju sinni. Hefur sú skipan haldist síðan en allra síðustu árin hefur verið samvinna með Skátafélaginu Víkingi um hátíðina.

Fjáröflun gekk vel en aukin þátttaka í keppni utan héraðs gerði það að verkum að sífellt erfiðara varð að ná endum saman. Vöxturinn hafði líka í för með sér að íþróttahúsið varð fljótt of lítið og þegar þátttaka í Íslandsmótum innanhúss varð regla hjá flestum deildum þá var húsið ekki nothæft í slíkri keppni svo að heima-völlur var sóttur í nágrennið, jafnvel allt til Akureyrar og Dalvíkur. Þegar leið á áttunda áratuginn gerði þetta ástand deildunum erfitt fyrir og Völsungar drógust aftur úr þeim félögum sem höfðu betri aðstöðu.

Á þessu tímabili hófst iðkun þriggja nýrra íþróttagreina innan Völsungs. Þetta voru badminton, blak og borðtennis. Allt eru þetta innigreinar sem grundvöllur varð fyrir eftir að íþróttasalurinn komst í gagnid. Þessi iðkun byrjaði utan félagsins en færðist síðan inn í það þegar kom að keppni og notkun á aðstöðu.

Völsungar æfðu þjóðdansa um skeið og sérstök þjóðdansa-nefnd, sem Ingimundur Jónsson var formaður fyrir, starfaði á árunum 1958-65. Einnig var um árábil stunduð frúarleikfimi á vegum Völsungs undir stjórn Védísar Bjarnadóttur. Þetta var bæði leikfimi og blak en stundum var stofnað til gönguferða yfir veturinn úti á Höfðagerðissandi þegar vel viðraði. Hópurinn var oft fimmtíu til sextíu konur og var vinsæll ár eftir ár frá því á sjöunda áratugnum. Um 1985 var líka byrjað í Aerobic í þessum hópi og með tímanum tók það við af leikfiminni.

Árið 1975 var farin fyrsta Álaborgarferðin. Álaborg er vinabær Húsavíkur og þar er haldið á fjögurra ára fresti fjölmennt ungmennamót í ýmsum greinum. Keppendur skipta þúsundum og koma frá ýmsum vinabæjum Álaborgar. Húsvíkingar hafa tekið þátt í þessum leikum síðan og oftast staðið sig vel. Húsavíkurbær ber kostnaðinn af ferðinni á leikana en býður Völsungi að senda keppendur. Félagið hefur dreift þátttökunni á milli deilda og þannig auðgað félagsstarfið.

Í lok áttunda áratugarins urðu ákveðin skil í starfi Völsungs. Árið 1978 hætti Þormóður Jónsson formennsku eftir tuttugu ára starf fyrir Völsung og við tók Hallmar Freyr Bjarnason. Jafnframt var ljóst að starfsemin var orðin svo umfangsmikil að ekki var hægt að ná utan um hana með sömu aðferðum og áður. Stjórn Völsungs stóð því fyrir skipulagsbreytingu á félaginu til að ráð/deildir fengju meiri sjálfsstjórn en áður, skipulegðu rekstur og fjármál í samráði við aðalstjórn og réðu útgjöldum sínum að vissu marki. Þarna var verið að stíga skrefi lengra en á sjöunda áratugnum og þannig létta á aðalstjórn, einkum formanni og gjald-

kera því að við blasti að þeir gætu ekki komist yfir allt starfið og því yrði að ráða starfsmann fyrir félagið. Með því að láta deildirnar sjá meira um sig sjálfar og jafnframt taka sjálfstæða ábyrgð á sínum málum var álitid að starfið yrði lýðræðislegra en um leið skilvirkara og skilaði betri árangri.

Aðalstjórn einbeitti sér að því að sjá um sameiginleg mál sem voru einkum samskiptin við Húsavíkurbæ um íþróttamannvirki og styrki sem hún deildi út. Einnig sá hún um samkomuhald, félagsaðstöðu, útgáfu og kom deildum til aðstoðar er á bjátaði. Völsungar lögðu áherslu á samfélagslegt hlutverk sitt og sóttu þess vegna mjög öflugan stuðning til fyrirtækja og einstaklinga í bænum. Gríðarlega mikið sjálfboðaliðastarf fór fram og jókst ef eitt-hvað var vegna aukinna umsvifa á flestum sviðum. Sem dæmi má nefna að fundir nefnda, ráða og stjórnar skiptu hundruðum á hverju ári.

Árið 1978 hóf Völsungur að gefa út jólablað. Markmið þess var tvíþætt. Annars vegar að gera bæjarbúum grein fyrir því hvað hefði gerst hjá Völsungi í einstökum greinum og hvað væri á döfinni. Hins vegar að afla fjár fyrir félagið með auglýsingum. Þetta framtak heppnaðist vel og hefur Jólablað Í.F. Völsungs komið út síðan nema að fallið hafa út tvö ár, 1985 og 1990. Því er dreift í öll hús á Húsavík, efni er fjölbreytt; skýrslur, viðtöl, frásagnir og myndir. Blaðið hefur einnig skilað félaginu góðum tekjum.

Félagið hóf árið 1980 að halda leikjanámskeið fyrir fimm til tólf ára börn. Þetta var gert í samráði við tólmstundaráð og vinnuskólann og voru þátttakendur um 200 á fyrsta námskeiðinu sem Guðrún Kristinsdóttir stjórnaði. Allir þátttakendur fengu viðurkenningsarkjal þar sem skráður var árangur í einstökum greinum. Námskeiðið heppnaðist mjög vel og hefur verið árlega síðan fyrir fimm til tíu ára börn.

Meðal þess sem Völsungur beitti sér fyrir á níunda áratugnum var að greiða fyrir alls kyns almenningsíþróttum og aukinni þátttöku almennings í íþróttum. Til dæmis voru trimmdagar haldnir á Húsavík árið 1982 og var þá synt, gengið, skokkað og hjólað. Húsavík varð í öðru sæti kaupstaða rétt á eftir Siglufirði. Völsungur hafði aðgang að þrektækjunum í kjallara Gagnfræðaskóla Húsavíkur um árabíl. Árið 1985 voru skipulagðir trimmtímar í samvinnu við Sundlaug Húsavíkur. Einu sinni í viku var skokkað eða gengið og farið í heitan pott eða synt á eftir. Þessi nýjung var ókeypis fyrir alla.

Árið 1987 var sögulegt ár hjá Völsungi. Félagið hélt upp á sextíu ára afmæli sitt með veglegri afmælishátíð og stærsti draumur síðustu ára rættist með vígslu íþróttahallarinnar þann 17. júní. Var nú enn á ný brotið blað í sögu félagsins og mikil gróska fram und-



an í mörgum greinum. Dagana 9.-12. júlí var haldið á Húsavík Landsmót U.M.F.Í. og í tengslum við það svokallaðir Víkingaleikar kraftamanna. Þó að H.S.Þ. væri mótshaldarinn tóku Völsungar virkan þátt í undirbúningi mótsins og ráð og deildir félagsins sáu um allar vaktir sem félaginu voru úthlutaðar. Húsavíkurbær sá um sitt varðandi íþróttamannvirki og lögðu Völsungar fram mikla vinnu við að undirbúa þau fyrir mótið. Framkvæmdastjóri þess var Húsvíkingurinn Guðni Halldórsson.

Völsungar misstu mikils þegar formaður þeirra Hallmar Freyr féll frá 27. júlí 1987. Hann gekk í Völsung sextán ára gamall og sagðist sjálfur hafa verið svona seint á ferðinni af því að hann var í drengjafélaginu Val sem starfaði í suðurbænum og var þar formaður þegar hann gekk í Völsung.¹ Hans er fyrst getið í félagsstörfum Völsungs á aðalfundi föstudaginn 20. febrúar 1948. Þá var hann kosinn í Húsavíkurhlaupsnefnd og síðan var hann samfleytt starfandi fyrir Völsung af sívaxandi krafti til hins síðasta auk þess sem hann stundaði íþróttir, einkum knattspyrnu, um árabil. Hann var fyrst kosinn í stjórn 1953 og sat þar upp frá því til dauða-

Álaborgarferð 1979.

Húsvíkingar ganga inn á leikvanginn við setningu "Ungdomslegene".



Hallmar Freyr Bjarnason.

1 „Átti héraðsmetið í hástökki í 2-3 mínútur“, viðtal við Hallmar Frey Bjarnason í Jótlaði Völsungs 1984, 20-26.

JÓLABLAÐ

I.F. VÖLSUNGS 1978

1. árg.
1. bl.
1978

Efni:	bls
Frá formanni	1
Almennings- íþróttir	3
Handknattleikur	6
Frjálssaríþróttir	9
Blak	11
Skíði	16
Knattspyrna	20
Ljós	21
Ymis ráð	22

Ritnefnd:
Magnús Þorvaldsson
Jóhannes Sigurjónsson
Ingólfur Ingólfsson
Pétur Pétursson
Ása Gísladóttir
Benedikta Steingrimsdóttir



Forsíða fyrsta Jólabaðs
Völsungs 1978.

dags og sem formaður frá 1978. Hann var gott dæmi um þá sem lögðu fram megnið af frístundum sínum í áratugi til þess að efla starf Íþróttafélagsins Völsungs bæjarféluginu til heilla.

Sigurgeir Aðalgeirsson, sem var varaformaður, tók við af Hallmari Frey og var kosinn formaður á næsta aðalfundi. Aukin umsvif höfðu lengi kallað á það að félagið fengi launaðan framkvæmdastjóra. 1. nóvember 1987 varð þetta að veruleika þegar félagið réði Aðalstein Aðalsteinsson í hálft starf sem framkvæmdastjóra Völsungs. Fimleikadeild tók til starfa þetta ár og í fyrsta sinn var valinn Völsungur ársins en það var Sædís Guðmundsdóttir. Viðurkenningunni fylgdi bikar sem Íþróttasam-

band Íslands gaf til minningar um Hallmar Frey Bjarnason formann Völsungs.

Aukin starfsemi félagsins og þrýstingur frá deildum um aukið húsnæði fyrir innra starf gerði það að verkum að aðstaðan í Félagsheimili Húsavíkur þótti ekki nægileg. Fyrst var leitað eftir auknu húsnæði í félagsheimilinu en þegar það fékkst ekki þá var hugað að öðrum lausnum. Niðurstaðan varð sú eftir almennan félagsfund 10. desember að ráðist var í það að kaupa Hlöðufell og var gengið frá þeim kaupum í janúar 1989. Völsungur flutti síðan félagsaðstöðu sína úr félagsheimilinu í Hlöðufell.

Árin 1988-89 urðu félaginu mjög erfið fjárhagslega. Einkum varð mikið tap á rekstri knattspyrnudeildar bæði árin. Tekjur drógust saman vegna samdráttar og efnahagsþrenginga í samfélaginu. Vandí knattspyrnudeildar var leystur með lántökum seinni hluta árs og rekstraráætlun fyrir 1989 gerði ráð fyrir að reksturinn yrði í jafnvægi og var aðalsjóður með um það bil 10% afgang í ófyrirséð. Það vekur athygli að velta aðalsjóðs var áætluð tæpar sex milljónir króna en velta knattspyrnudeildar hins vegar áætluð rúmar fimm milljónir króna. Samkvæmt þessari rekstraráætlun áttu tólf hundruð þúsund krónur að renna frá aðalsjóði til knattspyrnudeildar. Auk þess var félagið líka að kaupa Hlöðufell og því mátti það illa við meiri áföllum.¹

Árið 1989 var erfitt ár. Einhverjir samskiptaerfiðleikar voru við íþrótt- og æskulýðsfulltrúa og einnig gengu samningar við yfirvöld bæjarmála hægt ekki síst þar sem félagið þurfti aukna fyrirgreiðslu. Á aðalfundi 16. maí 1989 var gefinn tónninn um þetta erfiða ár í vedurlýsingu ritarans:

Úti er kalt og það snjóar enn. Veturinn hefur verið afspyrnu erfiður og vor er vart merkjanlegt ennpá. Sá snjór sem nú fellur bætist ofan á 1 m djúpan snjó sumstaðar í gördum manna.²

Þessi vedurlýsing var forboði erfiðleika ársins. Það seig á ógæfuhliðina hjá knattspyrnudeild þegar leið á árið og undir árslok var hún verulega illa stödd. Greiðslubyrði umfram greiðslugetu var talin rúmar tvær milljónir króna. Þessir erfiðleikar settu mikið mark á starf stjórnarinnar. Voru ýmsar leiðir ræddar og sýndist sitt hverjum. Niðurstaðan var að þumbast við og reyna að leysa málið. Félagið var með bindandi samning við rússneskan knattspyrnu-



Sigurgeir Adalgeirsson.

1 Skýrsla formanns. Drög að fjárhagsáætlun. Núgildandi lög Í.F.V. Skipan ráða Í.F.V., Skjalasafn S-Þing. og Húsav., Hrp 264.

2 Fundargerðabók stjórnar Í. F. Völsungs 1989-96, Skjalasafn S-Þing. og Húsav., Hrp 266. Í þessa bók eru líka færðar fundargerðir aðalfunda sem haldnir voru á þessum tíma.

þjálfara sem það varð að standa við þó að hann væri dýr. Var vandinn nokkrum sinnum til umræðu en aldrei tekin nein önnur ákvörðun en að reyna að leysa málið með sem minnstum herkostnaði að því leyti sem sneri að starfsemi félagsins.

Ingólfur Freysson hafði verið kosinn nýr formaður félagsins í maí og lagði sig fram við að reyna að leysa vandann ásamt stjórnarmönnum og framkvæmdastjóranum Ævari Ákasyni. Ævar hafði tekið við því starfi í nóvember 1988 og var einnig í hálfu starfi hjá H.S.Þ. Eftir bæjarstjórnarkosningarnar voruð 1990 gerðist það hins vegar að Ingólfur Freysson formaður og Björg Jónsdóttir gjaldkeri sögðu sig úr stjórninni og hættu afskiptum af málefnum félagsins. Birgir Steingrímsson bókar svohljóðandi skýringu á því í fundargerðabókina í ágúst 1990:

Mikið vatn hefur til sjávar runnið síðan á síðasta stjórnarfund í Í.F.V. Ingólfur formaður brá sér í bæjarmálapólítíkuna og bauð sig fram í sæti á lista Alpýðuflokksins í bæjarstjórn einnig buðu sig fram Guðrún Kristinsdóttir kona Ingólfs og Björn Olgeirsson í 2. og 3. sæti á listanum. Svo fór að einungis efsti maður listans komst að og Ingólfur formaður og Björg gjaldkeri og mágkona Ingólfs tóku þessu úrslitum afar illa og töldu þau að þessi úrslit væri dómur yfir störfum þeirra í Völsungi og ákváðu þau að segja sig úr stjórn Völsungs og hætta öllum afskiptum af félaginu.

Reynt var að beita þau fortölum bæði á fundum og eins með einkaviðtölum en ekki tókst að telja þeim hughvarf.

Þeir fundir sem fram fóru um þessi mál voru ekki færðir til bókar í og með vegna þess að menn trúðu að þetta væri tímabundið ástand og myndi fljótt lagast. En það sem sé tókst ekki og því rita ég þetta hér og nú.

Staðan í dag er því sú að stjórn Í.F.V. er mannfá en sem betur fer eru gæðin óbreytt!¹

Um haustið flutti Sigurgeir Aðalgeirsson sem var varaformaður burtu úr bænum svo að enn fækkaði í stjórninni. Þau sem eftir voru höfðu nú tvíþætt markmið; að leita að nýjum stjórnarmönnum og jafnframt að koma fjárhag félagsins á réttan kjöl. Má segja að á næsta ári hafi þau Hlífur Karlsson, Garðar Jónasson, Helga Kristinsdóttir og Birgir Steingrímsson úr stjórn og varastjórn ásamt ýmsum sem voru kallaðir til glímt við þetta verkefni og tókst í árslok 1991 að leiða það til lykta þannig að ásættanlegt væri.

Haldinn var fyrri hluti aðalfundar fyrir 1989 í desember 1990. Þar voru fluttar hefðbundnar skýrslur deilda og farið yfir fjárhagsstöðuna sem var slæm. Tap ársins 1989 var 3,3 milljónir, skuldir

1 Fundargerðarbók stjórnar Í. F. Völsungs 1989-96, Skjalasafn S-Þing. og Húsav., Hrp 266.

voru um 14 milljónir (um 60% af því langtímaskuldir). Knattspyrnudeild hafði skorið rækilega niður hjá sér en þar voru samt mestir erfiðleikar.

Fyrir fundinum lágu lagabreytingar sem höfðu verið lengi í smíðum en samþykkt var að fresta gildistöku þeirra til næsta aðalfundar. Einnig var samþykkt tillaga um það að skipa vinnustjórn fram að næsta aðalfundi sem yrði haldinn ekki seinna en 30. apríl 1991. Vinnustjórnina áttu að skipa formenn eða fulltrúar handknattleiks-, knattspyrnu-, frjálsíþrótta-, blak-, badminton- og sunddeilda, ásamt minnst tveimur fulltrúum úr fyrri stjórn. Þessi hópur hóf þegar störf og skipaði viðræðunefnd við Húsavíkurkaupstað um lausn fjárhagsvanda Völsungs. Jafnframt hófst leit að formanni sem bar ekki árangur fyrst í stað. Menn voru sammála um að félagið þyrfti á eldri félaga að halda, manni sem nyti trausts og virðingar og gæti þannig orðið tákn félagsins út á við og jafnframt sameiningartákn inn á við.

Má segja að úr málum félagsins hafi ræst bærilega. Samningar við Húsavíkurbæ tókust á þá leið að bærinn leysti til sín eigur félagsins, Hlöðufell og eignarhlutinn í Félagsheimili Húsavíkur en yfirtók jafnframt allar skuldir þess. Einnig tókst félaginu að semja um það að ekki kæmi til beinnar skerðingar á föstu framlagi bæjarins og öll afnot af íþróttamannvirkjum væru óbreytt. Félagið lýsti því sömuleiðis yfir að fjármálum félagsins væri komið í lag og þeim yrði stjórnað af ábyrgð eftirleiðis.

Á aðalfundi sem gildi fyrir 1989, 1990 og 1991 og haldinn var 17. nóvember 1991 var Vilhjálmur Pálsson kosinn nýr formaður Völsungs. Einnig var lögum breytt á þessum fundi þannig að hver deild í félaginu tilnefndi einn fulltrúa sinn í stjórnina svo að stjórn var eftir þessa breytingu skipuð níu fulltrúum deilda og formanni. Sjálfstæði deildanna var nú endanlega staðfest. Þær áttu að hafa sérstaka stjórn, aðskilinn fjárhag og bar stjórn deildarinnar ábyrgð á fjárhag og daglegum rekstri gagnvart aðalstjórn og aðalfundi. Aðeins aðalfundur gat ákveðið að stofna íþróttadeild inn- an félagsins. Stjórn deildar skyldi skipuð þremur hið fæsta, vera kosin árlega á aðalfundi og skyldi halda aðalfund deilda fyrir 15. nóvember ár hvert. Reikningsárið skyldi vera 1. október til 30. september. Um aðalfundi deilda skyldu gilda sömu reglur og um aðalfund félagsins og stjórn félagsins var skylt að grípa inn í ef deildir trössuðu að halda aðalfund.

Áfram var í mörg horn að líta í starfi félagsins. Þann 5. nóvember 1993 var undirritaður samningur við Húsavíkurbæ um afnot af kennslustofunum í Íþróttahöllinni. Þær fékk Völsungur til afnota ásamt snyrtingum, gangi og inngangi á efri hæð. Fyrst í stað áttu afnotin að vera á móti Borgarhólsskóla en ekki kom til þess.

Samráð um notkun skyldi haft við forstöðumann hallarinnar og Völsungur tilnefna trúnaðarmann vegna notkunar. Ekki þurfti Völsungur að greiða hita, rafmagn eða húsaleigu heldur aðeins að sjá um ræstingu og bæta skemmdir ef einhverjar yrðu af völdum félagsmanna. Afnot af Hlöðufelli féllu niður og Völsungur flutti í Höllina. Fyrsti stjórnarfundur þar var bókaður 8. desember. Þessa aðstöðu hafa Völsungar haft síðan og eru prýðilega settir með hana. Þeir settu húsnefnd og umgengnisreglur og ætluðust til þess að deildir sæktu um fasta fundatíma.

Á aðalfundi 1994 var Ingólfur Freysson kosinn formaður og hann var endurkjörinn á aðalfundi 25. maí 1995. Þegar þetta er ritað í september 1999 hefur ekki verið haldinn aðalfundur síðan 1995. Aðalskýringin á því er að illa gekk að loka bókhaldi fyrir 1995 og ekki færri en fjórir aðilar hafa glímt við það. Einnig mun standa yfir leit að nýjum formanni sem ekki hefur fundist. Fjárhagur félagsins hefur verið erfiður og enn á ný var knattspyrnu-deild komin í vandræði árið 1995 og sagt frá fimm milljón króna skuld þar á bæ í júlí en barist við að skera niður eins og hægt væri.

Þrátt fyrir erfiðleika og óvissuástand hefur félagið starfað af krafti undir forystu Ingólfs. Byrjað var að gefa út fréttabréf haustið 1994, bocciadeild bættist við formlega á aðalfundi 1995 en hafði starfað innan félagsins í nokkur ár. Einnig hefur starfað körfuboltadeild innan félagsins. Félagið hefur tekið þátt í nefndum og ráðstefnum, átakanu Heilsuefningu á vegum Heilbrigðisráðuneytisins og ýmsu félagsstarfi með tómtundafulltrúa bæjarins. Auk þess hefur það sinnt hefðbundnum störfum sem það hefur haft með höndum í bænum um árabil eins og jólaballi, jólablaði, þrettándagleði, hátíðahöldunum á 17. júní, leikjanámskeiði og íþróttaskóla á sumrin. Algengast er að deildirnar taki að sér einstök verkefni á þessu sviði.

Haustið 1996 hóf Völsungur rekstur íþróttaskóla fyrir sex til níu ára börn (1.-4. bekk) í samvinnu við Borgarhólsskóla. Einsetning grunnskólans breytti tímanýtingu í Íþróttahöllinni og veitti það svigrúm fyrir þessa starfsemi. Áður var starfandi íþróttaskóli fyrir forskólabörn sem hafði starfað frá árinu 1988. Mjög var vandað til þessarar starfsemi og gerð sérstök námsskrá til að fara eftir.

Árið 1998 hófst fyrir alvöru umræða um aukið samstarf Í.F. Völsungs og H.S.Þ. sem meðal annars fælist í sameiginlegu skrifstofuhaldi og starfsmanni í fullu starfi. Þessi starfsemi hefði aðsetur á Húsavík og gæti ef til vill orðið vísir að samruna síðar meir. Félögin hafa verið að leita leiða til að fjármagna þetta en ekki orðið ágengt enn.

Völsungur hefur gegnt mjög mikilvægu hlutverki í æskulýðsmálum staðarins frá stofnun. Þetta mikilvægi hafa bæjaryfirvöld viður-



kennt með öflugum stuðningi við félagið. Rannsóknir hafa sýnt fram á félagslegt gildi þess að taka þátt í íþróttum og að unglingar í íþróttum lenda síður á villigötum óreglu og vímuefnaneyslu. Því hefur öflugur stuðningur við íþróttir á Húsavík löngum skapað betra æskulýdsstarf og fjölbreyttara félagslíf fyrir unglinga.

Viðurkenningar

Eitt af því sem hefur einkennt starfsemi Völsungs um árabil er tilfinningin fyrir því sem vel er gert á sviði íþróttar- og félagsstarfs. Félagið hefur minnst afmælis síns reglulega með sérstökum samkomum og einnig gaf það út, eins og áður var nefnt, sérstakt afmælisrit í tilefni af fimmtíu ára afmæli félagsins. Um árabil hafa deildir félagsins haldið uppskeruhátíðir og valið og verðlaunað úr sínum hópi einstaklinga sem sköruðu fram úr það keppnistímabil. Sérstaka athygli vekur hve mikla ræktarsemi Völsungar hafa sýnt eldri félögum og margoft kemur það fram í gögnum félagsins hversu lengi og vel eldri félagar vinna félaginu. Á samkomum síðustu ára hafa alltaf verið kallaðir fram eldri Völsungar og þeir heiðraðir sérstaklega um leið og veitt eru árleg verðlaun fyrir góða frammistöðu. Þessi síður vekur upp góðar minningar og gef-

Verðlaunahafar ársins 1995. F.v.: Guðrún Helga-dóttir frjálsíþróttakona, Völsungur ársins, Sigurveig Gunnarsdóttir sundkona, einnig Völsungur ársins, Erna Dögg Þorvaldsdóttir frjálsíþróttakona, Íþróttamaður Húsavíkur 1995, Særún Jónsdóttir, handknattleikskona ársins.



Kristján Olgeirsson.

ur ungu fólki tilfinningu fyrir því að það er hluti af starfi sem stað-
ið hefur langan tíma.

Elsta viðurkenningin sem ekki var veitt fyrir tiltekinn sigur í
íþróttagrein eða íþróttamóti var Knattspyrnudrengur ársins. Hún
var fyrst veitt árið 1962. Það var stytta sem Lárus Salómonsson lög-
regluþjónn gaf félaginu. Fyrstur til að hljóta hana var Sigþór Sig-
urjónsson. Lárusarstytta var veitt fram til ársins 1985 en þá kom
í stað hennar bikar sem tengdur var nafnbótinni og var veittur
nokkrum sinnum.

Íþróttamaður ársins var fyrst valinn sérstaklega árið 1977 og
hefur nafnbótin verið við lýði síðan. Kiwanisklúbburinn Skjálf-
andi gaf bikar sem fylgir nafnbótinni til varðveislu í eitt ár. Seinni
ár hefur titillinn breyst í Íþróttamaður Húsavíkur þar sem hann
hefur ekki eingöngu fallið Völsungum í skaut heldur einnig félög-
um í Golfklúbbi Húsavíkur.

Yngsti titillinn sem nefndur verður sérstaklega hér er Völsungur
ársins. Hann er veittur Völsungi sem er sextán ára eða yngri og hef-
ur sýnt sérstakan dugnað í félagsstarfi og íþróttum. Viðurkenning-
in var fyrst veitt fyrir árið 1987 og fylgdi farandbikar sem ÍSÍ gaf til
minningar um Hallmar Frey Bjarnason formann Í.F. Völsungs.
Fyrst til að hljóta þessa viðurkenningu var Sædís Guðmundsdóttir.



Ásmundur Arnarsson.

Völsungar ársins

Sædís Guðmundsdóttir	1987
Róbert Skarphéðinsson	1988
Regína Sigurgeirsdóttir	1989
Viðurkenning var ekki veitt þetta ár	1990
Katla Sóley Skarphéðinsdóttir	1991
Sigurros Friðbjarnardóttir	1992
Jóhanna Gunnarsdóttir og Unnar Þór Garðarsson .	1993
Berglín Hauksdóttir	1994
Sigurveig Gunnarsdóttir og Guðrún Helgadóttir ..	1995
Særún Jónsdóttir	1996
Kolbrún Ada Gunnarsdóttir	1997
Elsa Birgisdóttir og Ásmundur Gíslason	1998

Íþróttamenn Húsavíkur

Kristján Olgeirsson, skíðamaður	1977
Björn Olgeirsson, skíðamaður	1978
Björn Olgeirsson, skíðamaður	1979
Jónas Óskarsson, íþróttir fatlaðra, lyftingar	1980
Árni Grétar Árnason, skíðamaður	1981
Stefán Geir Jónsson, skíðamaður	1982
Jóhanna Guðjónsdóttir, blakkona	1983
Kristján Hjálmarsson, golfari	1984
Viðurkenningin var ekki veitt þetta ár	1985
Kristján Olgeirsson, knattspyrnumaður	1986
Arnar Bragason, skíðamaður	1987
Jónas Óskarsson, íþróttir fatlaðra, sund	1988
Ásmundur Arnarsson, handknattleiks- og knattspyrnumaður	1989
Hákon Sigurðsson, frjálsíþróttamaður	1990
Hákon Sigurðsson, frjálsíþróttamaður	1991
Haraldur Haraldsson, knattspyrnu- og handknattleiksmaður	1992
Guðni Rúnar Helgason, knattspyrnumaður og golfari	1993
Sigurður Hreinsson, golfari	1994
Erna Dögg Þorvaldsdóttir, frjálsíþróttakona	1995
Arngrímur Arnarson, knattspyrnu- og frjálsíþróttamaður	1996
Sigurbjörg Hjartardóttir, handknattleiks- og frjálsíþróttakona	1997
Sigurbjörg Hjartardóttir, handknattleiks- og frjálsíþróttakona	1998

*Jónas Óskarsson.**Sigurður Hreinsson.**Kristján Hjálmarsson.**Guðni Rúnar Helgason.**Sigurbjörg Hjartardóttir.*